

# Brímfaxi



## Hugleiðingar í apríl 2015

Sverrir Sveinsson á Siglufirði

bls: 46



## Hagnýtur fróðleikur

Vélfræði 101

bls: 92



## Grænland

Fyrirkomulag strandveiða

bls: 10

Tímarit Landssambands smábátæigenda 1. tbl. 2015

Landssamband smábátæigenda -  
30 ÁR Í ÓLGUSJÓ





Bátarnir á forsíðunni eru fulltrúar tveggja kynslóða í íslenski smábátaútgerð. Fram undir 1980 var tré aðal smíðaeefni smábáta en þá tók trefjaplastið við.

### Dúan HF 157

Dúan HF 157 er Sómabátur, smíðaður úr trefjaplasti árið 1987 í Bátasmíðju Guðmundar í Hafnarfirði. Hann hét upphaflega Fáfnir en árið 1989 keypti Páll Kristjánsson bátinn og gaf nafnið Dúan. Páll stundar nú eingöngu handfæraveiðar.

Árið 2014 fór báturinn til Seiglu á Siglufirði þar sem hann var allur tekinn í gegn, málaður og skipt um vél. Í honum er nú Volvo Penta, 330 hestöfl. Dúan HF 157 er 4,96 brúttótonn, tæpir 8 metrar á lengd og 2,58 metrar á breidd.

Dúan hefur alla tíð notið þess að Páll hefur haldið henni við af einstakri snyrtimennsku og samviskusemi.

### Óskar Matt VE 17

Óskar Matt VE 17 var smíðaður á Brúsastöðum í Hafnarfirði 1959 af Eyjólfri Einarssyni, skipasmíðameistara og Jóni Gesti Jónssyni, skipasmiði. Þeir eru báðir komnir á níraðisaldur. Báturinn var upphaflega fura og eik og upprunalega vélin, Bukh, tveggja strokka, 24 hestöfl, er enn í bátnum og nýjupptekin.

Árið 2012 var báturinn kominn á þurrt í Njarðvíkum og að deyjja drottni sínum. Þá varð honum til happs að Auðunn Jörgensson keypti hann og gerði upp. Óskar Matt VE er 8,6 metra langur, 2,74 metrar á breidd og mælist 5,7 brúttótonn.

Í júlí 2014 sjósetti Auðunn bátinn undir nafninu Óskar Matt VE 17. Það er mál manna að fegurra fley hafi sjaldan sést við Íslandsstrendur.

## Efnisyfirlit

Leiðari	2
Á afmælisári	4
Strandveiðar við Grænland	10
Eflum smábátaútgerðina!	16
Vörubílstjóri á veturna – trillukarl á sumrin	18
Gleðitíðindi – eða hvað?	20
Smábátabyltingin	24
Hugleiðingar í apríl 2015	46
Smábátarnir og makrillinn	48
Búnir með kvótann og fóru á grásleppu	56
Kambódía	60
Hvers er von?	66
Hugleiðingar um trefjaplast	70
Minni útgeislun ratsjár með nýrri tækni	74
Um eftirmála fársins í Furðudal	78
Krossgáta Brimfaxa	86
Alltaf verið nálægt sjónum	88
Vélfræði 101	92
Minna viðnám og minni olúeyðsla	94

**Útgefandi:** Landssamband smábátaeigenda. **Formaður:** Halldór Ármannsson. **Framkvæmdastjóri:** Örn Pálsson. **Ritstjóri:** Arthur Bogason. **Ritnefnd:** Halldór Ármannsson, Arthur Bogason og Örn Pálsson. **Ábyrgðarmaður:** Arthur Bogason. **Umsjón með útgáfu:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Umbrot:** Nína. **Auglýsingar:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. Sími 892 2585 Netfang arthur@smabatar.is **Forsíðumynd:** Ragnar Th. **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Upplag:** 1400 eintök.

# Leiðari



Landssamband smábátæigenda verður 30 ára 5. desember næstkomandi. Þegar ég lét hugann reika yfir þessa þrjá áratugi er margt að minnst. Á það jafnt við um breytingar sem orðið hafa, sem og það sem er í líku horfi ár frá ári.

Hinu fyrrnefnda tilheyrja félagsmennirnir, nýir koma og aðrir fara, gæði bátanna - stærð þeirra og styrkur, stórbætt aflameðferð, sala aflans - alltaf trygg greiðsla gegnum fiskmarkaði, veðurspár og öryggi til sjós, tæknibúnaður um borð, vöktun á miðunum, slysavarnir, öflugar björgunarsveitir og landhelgisgæsla. Allt eru þetta þættir sem þróast hafa á ógnarhraða.

Öndvert við framangreint er það sem lítið breytist. Andinn í þjóðfélaginu, umræðan á Alþingi, endalaus barátta smábátæigenda fyrir tilveru sinni. Brimfaxi og heimasíða LS er á sínum stað.

Nújasta nýtt í réttindabaráttu LS eru makrílveiðarnar. Makríllinn var vart kominn á veiðislóð smábátanna þegar stjórnvöld lögðu til að hann yrði kvótasettur og trillukörnum skammtað aðeins 5% af kökunni. Eins og að smábátar geti nokkru sinni veitt upp slíkan stofn og skilið eftir sig auðnina eina á miðunum. Forsjáryggja stjórnvalda ríður ekki við einteyming. Það þarf að setja makríllinn í kvóta vegna þess að í fiskiskipastóli Íslendinga eru skip sem eru það öflug að þau geta tortímt hvaða fiskistofni sem er, ef öflug stýring væri ekki til staðar. En hvers vegna eru smábátar settir undir sömu stjórn og stórskipaflotinn?

Með makrílnum gefst tækifæri til að reyna annað. LS hefur hvatt atvinnuveganefnd Alþingis að gera

breytingar á makrílfrumvarpinu þannig að 80% heimildanna fari til stærri skipa, en 20% til smábáta. Þannig yrðu til tveir útgerðarflokkar sem myndu nýta sitt veiðisvæðið hvort – sennilega stjórnað með kvótum hjá stærri skipum en sóknarmarki hjá smábátunum við strendur landsins. Þannig væri hægt að tryggja fjölbreytni við veiðar og framboð afla sem veiddur hefði verið á færi af smábátum eða trollum af stórum skipum. Jafnframt yrði nýting allra miða tryggð og réttur smáútgerða jafn, hvar sem væri á landinu m.t.t. útbreiðslu makrílsins.

Strandveiðikerfið er gott dæmi. Þar hefur tekist að tryggja veiðirétt trillukarla og bæta þar við. Nú er sjöunda tímabilið hafið og kerfið búið að vinna sér hefð í fiskveiðunum. LS knýr þessa dagana á um að aflaviðmiðun í strandveiðikerfinu verði aukin um 2000 tonn. Tillagan hefur fengið stuðning bæjar- og sveitarfélaga, sem réttilega benda á mikilvægi strandveiða fyrir viðkomandi svæði.

LS starfar nú í breyttu umhverfi. Allt frá stofnun félagsins til 1. janúar 2014 voru félagsgjöld innheimt með ákvæði í lögum þar sem fiskkaupendum var skylt að halda eftir félagsgjaldi til LS. Félagið þurfti því ekki að sjá sérstaklega um innheimtu, ef undan eru skilin viðskipti með grásleppuhrogn gegnum umboðsaðila. Ánægjulegt er að segja frá því að breytingarnar hafa gengið afar vel ef frá eru taldir nokkrir aðilar sem telja sig ekki eiga samleið með LS að svo stöddu.

LS hefur frá upphafi átt því láni að fagna að njóta velvilja meðal almennings. Starf félagsins og þær áherslur sem það stendur fyrir hafa fengið góðan hljómgrunn og þannig hefur tekist að tryggja veiðirétt smábátaútgerðarinnar. Engum dylst þó að alltaf er hægt að gera betur og smábátæigendur munu halda áfram að vinna að bættum hag smábátaútgerðarinnar.

Í sumar boðar LS til afmælisfagnaðar að Hellishólum í Fljótshlíð. Trillukarlar eru hvattir til að mæta og deila þar saman góðum stundum. Takið því frá dagana 17. - 19. júlí fyrir Sumarhátíð trillukarla 2015. Fögnum 30 ára afmæli Landssambands smábátæigenda! Ég óska félagsmönnum, fjölskyldum þeirra og öðrum velunnurum Landssambandsins gleðilegar sjómannahátíðar.

**Örn Pálsson**  
framkvæmdastjóri  
Landssambands smábátæigenda

## Óskum Landssambandi smábátæigenda til hamingju með 30 ára afmæli félagsins. Sjómönnum óskum við allra heilla á sjómannadeginum 2015.



### Aðildarfélag Landssambands smábátæigenda óska smábátæigendum til hamingju með 30 ára afmæli félagsins. Sjómönnum óskum við allra heilla á sjómannadeginum 2015.

Klettur, félag smábátæigenda á Norðurlandi eystra  
Smábátafélagið Strandir  
Félag smábátæigenda á Austurlandi  
Snæfell, félag smábátæigenda á Snæfellsnesi  
Strandveiðifélagið Krókur  
Fontur, félag smábátæigenda á Norð-Austurlandi  
Skalli, félag smábátæigenda á Norðurlandi vestra  
Elding, félag smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum

Sæljón, félag smábátæigenda á Akranesi  
Báran, félag smábátæigenda í Hafnarfirði og Garðabæ  
Reykjanes, félag smábátæigenda á Reykjanesi  
Farsæll, félag smábátæigenda í Vestmannaeyjum  
Hrollaugur, félag smábátæigenda á Hornafirði  
Árborg, félag smábátæigenda á Suðurlandi  
Smábátafélag Reykjavíkur



Nóg að gera á rúllunni

Halldór Ármannsson, formaður LS: samstaðan alltaf jafn mikilvæg

## Á afmælisári

Það er ótrúlegt að hugsa til þess að á þessu ári séu liðin þrjátíu ár frá því að baráttan fyrir tilverurétti smábáta byrjaði af fullri hörku. Þá hafði allnokkur fjöldi manna með sterka réttlætiskennd og góðar hugsjónir fengið nóg af þeirri stefnu stjórnvalda að útiloka nærri með öllu veiðar smábáta við strendur Íslands.

Þegar ég lít tilbaka höfum við faðir minn og ég nú unnið og starfað sem smábátasjómenn í rétt tæp tuttugu ár og jafnframt verið félagsmenn í Landssambandi smábátaeigenda. Þar höfum við tekið þátt í þeirri baráttu sem Landssambandið hefur háð á hverjum tíma og hefur sú orrahríð oft verið hörð og ákvarðanirnar erfiðar sem þurft hefur að taka. Stundum hefur mönnum jafnvel verið stillt þannig upp eins og um hálfgerða aftöku væri að ræða.

Það má segja að ótrúlegt sé hvers konar þrekvirki var unnið á sínum tíma með stofnun samtakanna. Og það að hafa náð að halda

þeim saman öll þessi ár, er kraftaverk. Þrátt fyrir að hópurinn sem samtökin hafa innan vébanda sinna, sé ótrúlega breiður og með ólíkar skoðanir á mörgum málum, hefur samt tekist að halda heildarhagsmunum Landssambandsins á lofti og svo er enn. Og þar hafa hugsjónir oftast ráðið ferðinni en einkahagsmunir.

Í gegnum tíðina hafa stjórnvöld ítrekað komið fram með regluverk og fylgt þeim eftir sem aftur hefur leitt til þess að höggvin hafa verið skörð í raðir félagsmanna. Auðvitað hafa margir horft á málin út frá eigin hagsmunum og tekið ákvarðanir á þeim forsendum, selt og hætt eða skipt um veiðikerfi og fært sig til.

### Mikil fækkun sjómanna

Í allri þeirri hagræðingu og samþjöppun sem átt hefur sér stað í aflamarkskerfinu - (stóra kerfinu) - hefur fækkun sjómanna orðið veruleg. Hin miklu og stóru skip sem nú koma hvert af öðru til landsins vegna endurnýjunar, leysa af hólmi önnur eldri skip. Tæknin gerir það að

FURUNO

brimrun.is

furuno.is

## Ratsjár

### M-1623

2,2 kW sendir, skalar frá 0,125-16 sm. 6" LCD skjár. Laus miðunarlína og hringur. Nýr þriggja hraða 38 cm radarhatur sem eykur hraða á stuttum skölum og gefur meiri nákvæmni. Færanlegur kross með aflestri á fjarlægð og stefnu. Sjálfvirk myndstilling (tuning) og styrkstilling. Getur skilið eftir eftirglóð frá endurvörpum. Radar viðvörðun. Hægt að tengja við kompás til að fá raunmiðun.



### M-1715

2,2 kW sendir, skalar frá 0,125-24 sm. 7" LCD skjár. Laus miðunarlína og hringur. Nýr þriggja hraða 46 cm radarhatur sem eykur hraða á stuttum skölum og gefur meiri nákvæmni. Færanlegur kross með aflestri á fjarlægð og stefnu. Sjálfvirk myndstilling (tuning) og styrkstilling. Getur skilið eftir eftirglóð frá endurvörpum. Radar viðvörðun. Hægt að tengja við kompás til að fá raunmiðun.



### M-1835/1935/1345

4-6 kW sendir, drægi 36-64 sm. 10,4" LCD litaskjár. Fylgir endurvörpum mjög vel á lengri og skemmri vegalengdum. Fáanlegur með 10 skipa ARPA. Tekur við upplýsingum frá AIS tækjum um allt að 100 skip. Fáanlegur annað hvort með 60 cm hatti (4 kW) eða 100/120 cm opnum skanner (6 kW)



### FR-8062

6 eða 12 kW x-band sendir. 72 eða 96 mílna ratsjá með 12,1" TFT litaskjá. Sjálfvirk myndstilling og forritanlegir hraðvalstakkar. Sérstaklega hannaður til að greina endurvörp á stuttum skölum. Fáanlegur með 10 skipa ARPA og 100 skipa AIS tengingu.



Brimrún

Reykjavík - Sími 5 250 250 - Akureyri - Sími 5 250 260

MAREIND

Grundarfirði  
Sími 438 6611

WATT

Vestmannaeyjum  
Sími 481 2926



**HALLDÓR ÁRMANNSSON** formaður Landssambands smábátæigenda

verkum að fækkun sjómanna um borð í skipunum er veruleg og virðist mér að ekki þurfi nema 8 til 10 menn um borð í skip til veiða á uppsjávarfiski. Þannig leysir eitt nýtt skip jafnvel af tvö til þrjú skip af eldri gerðinni. Magnið sem veitt er í hverri veiðiferð er á við tvær til þrjár veiðiferðir eldri skipanna.

Þeir fáu sjómenn sem verða á nýju skipunum, munu þar af leiðandi verða með himinhá laun en að sama skapi mun þeim sjómönnum fjölga sem verða án atvinnu eftir því sem hagræðing stórútgerðarinnar verður víðtækari. Þarna er verið að koma aftan að forustu Sjómannasambandsins, Fiski- og farmannasambands Íslands og Félags vélstjóra og málmæknimanna varðandi mönnunarmál á þessum stóru skipum. Landssamband smábátæigenda hefur að vissu leyti samúð með þessum fagfélögum þrátt fyrir að hafa notið hverfandi stuðnings þeirra í baráttu Landssambandsins fyrir tilverurétti sínum í gegnum tíðina. Það er þó ekki ólíklegt að sjómenn þessara skipa geti jafnvel fengið vinnu á smábátunum í framtíðinni eða jafnvel stofnað smábátáutgerðir sjálfir.

## Hröð þróun innan smábátáutgerðarinnar

Smábátar hafa þróast og stækkað í gegnum tíðina enda fleygir tækninni fram. Hún hefur gert mönnum kleyft að komast hraðar yfir og halda lengra frá landi. Þannig geta menn nú

sótt afla á önnur mið en gert hefur verið á smábátum undanfarin ár. Fiskleitartæki, veðurspár, straumspár og jafnvel gögn sem byggja á upplýsingum frá gervitunglum um sjávarhita og þörungamyndun, er tækni sem smábátasjómenn hafa nýtt sér í auknum mæli. Allt þetta hefur bæði aukið afla og eflt öryggi sjómanna.

## Öryggismálum hefur fleygt fram

Á þessum áratugum hefur Landssambandið unnið ötult starf við að tryggja öryggi smábátæigenda í samstarfi við Siglingastofnun og Slysavarnaskóla sjómanna og hvatt til þess að menn taki upp þá öryggisþætti sem fremstir eru hverju sinni. Þessir þættir hafa orðið til þess að dregið hefur verulega úr slysum og sjósköðum hjá smábátflotanum. Einnig hafa gögn eins og upplýsingar um vindhraðmælingar, öldu og veðurspár átt sinn þátt í að starfsöryggi smábátasjómanna hefur aukist til muna. Þá hefur Landssambandið í samstarfi við Matís unnið að því að bæta kælingu og frágang á því hágæðahræfni sem afli smábáta er.


## Stjórnvöld erfiðust viðureignar

Stjórnvöld eru sá þáttur sem helst ógnar tilverurétti smábáta og sjómanna þeirra hverju sinni. Með þeim ákvörðunum sem teknar eru á Alþingi um breytingar á lögum um stjórnun fiskveiða og lúta að hagræðingu og sameiningu sem fyrsta boðorð fiskveiðistjórnunar, er vegið að einyrkjanum og smærri útgerðum. Það sama á við þegar kemur að gjalddöku í formi veiðigjalda en þar er smábátáutgerðinni hrært saman við stórútgerðina og fiskvinnsluna þegar veiðigjöld eru ákvörðuð. Það er ekki raunhæf leið að ákvarða að þeir sem selja fisk sinn við borðstokk, sitji við sama borð og þeir sem kaupa aflann af sjálfum sér og fái jafnframt leyfi til þess að vigta hann sjálfir.

Samkeppnisgrundvöllur einyrkjans og smærri útgerðanna við stórútgerðina er því á margan hátt gerður erfiðari af mannavöldum en hann þyrfti að vera. Smábátar og útgerð þeirra er í mörgum tilfellum lífæð smærri byggðalaga á Íslandi og fjölmörg störf íbúanna tengjast útgerð smábáta. Stjórnvöld þurfa því að gæta

**EXIDE**

# VELDU RAFGEYMI SEM HENTAR ÞÍNUM BÁT



Nýju gæðarafgeymarnir frá Exide eru áreiðanlegir og endast lengur en gengur og gerist. Þeir henta fyrir vélaræsing, útvarps- og leiðsögutæki, ljós o.fl.



### VÉLARÆSING

Start-rafgeymirinn er fyrir báta sem þurfa mikinn kraft við ræsing en nota annars ekki rafmagn. Hann er hannaður fyrir einfalda báta en getur einnig verið notaður í tæknivæddustu snekkjur. Rafall hleður rafgeyminn eftir hverja notkun svo hann er alltaf fullhlaðinn. Afkastageta frá 500A til 1400A. \*MCA.



### VÉLARÆSING OG TÆKJABÚNAÐUR

Dual-rafgeymirinn er fyrir báta sem þurfa kraft í vélaræsing og straum fyrir önnur raftæki. Hann er hannaður til þess að gefa mikinn straum í upphafi ferðar og breytilegan kraft á meðan siglingu stendur. Afkastageta frá 350Wh til 2100Wh. \*Wh.



### TÆKJABÚNAÐUR

Equipment-rafgeymirinn er fyrir báta með mörg tæki sem ganga fyrir rafmagn. Hann þolir djúpaflheðslu í notkun fyrir tækjabúnað og getur tekið við kröftugri endurhleðslu sem tryggir nóg af rafmagn og lengri líftíma. Afkastageta frá 290Wh til 2400Wh. \*Wh

Þess að veita íbúum þessara byggðalaga og smábátaútgerð þá framtíðarsýn að hægt verði að stunda veiðar og vinnslu á þessum stöðum.

## Vantar sárlega meiri heilbrigða skynsemi

Ég geri mér fulla grein fyrir að fiskurinn í sjónum er takmörkuð auðlind og því þurfi að stjórna veiðum. Og mér er einnig ljóst að þegar eitthvað er takmarkað, geti ekki allir gert það sem þeim dettur í hug. Takmörkuð auðlind verður oftast verðmæt af því að allir geta ekki nýtt sér hana. En þá þarf að stjórna veiðum með þeim hætti að heilbrigð skynsemi komist þar inn að einhverju leyti líka en ekki sé einungis haft að leiðarljósi ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar og uppsett arðsemisforrit hagfræðiprófessors við Háskóla Íslands.

Aðalmálið er að hægt verði í framtíðinni að stunda sjósókn á smábátum í þeim byggðakjörnum sem eru við strendur landsins. Það má aldrei verða að stjórnvöld láti glepjast af þeirri sýn að arðsemin og stærðin sé það sem öllu máli skipti og græðgin og frekjan verði látin ráða ferðinni. Mörg smærri (fyrirtæki) hljómar líka betur en fá stærri (fyrirtæki).

## Félagsmálabaráttunni lýkur aldrei

Vaktinni sem Landssamband smábátaeigenda stendur, lýkur aldrei og vonandi eru sem flestir sammála því að samstaða og barátta félagsmanna hafi skilað okkur á þann stað sem við erum á í dag. Og nú sem aldrei fyrr er mjög mikilvægt að smábátaeigendur séu sameinaðir í þeirri baráttu sem háð er á degi hverjum fyrir tilverurétti smábátaútgerðar á Íslandi. Og ekki má gleyma þeirri staðreynd að : „Sameinaðir stöndum við en sundraðir föllum við!“

Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem höfðu að hugsjón að gerast aðilar að stofnun Landssambands smábátaeigenda og einnig öllum þeim sem hafa verið félagar í LS og haldið nafni þess á lofti fram til dagsins í dag. Mig langar að þakka fyrir að hafa fengið það tækifæri að vera aðili að Landssambandinu og að vinna og starfa sem smábátasjómaður.

Ég vil senda smábátaeigendum og sjómönnum öllum hamingjuóskir í tilefni sjómanna dagsins og vona að sem flestir geti átt góðar stundir með fjölskyldu og vinum á þessum hátíðardegi okkar allra.

**Halldór Ármannsson**

formaður Landssambands smábátaeigenda



## Hyuandai 250 hestafla díselvél með hældrifi

Hljóðlát og sparneytin díselvél með öflugum hældrifi



### Hyuandi S250S

Hyundai Seasall S250S er 3,0 lítra 24 ventla V6 díselvél með DOHC túrbínu með stillanlegum leiðiskóflum (E-VGT). Í vélinn er Common Rail rafstýrð innspýting (CRDi).

Hyundai S250S skilar 250 hestöflum og togi upp á 490 Nm. Hún byggir á nútímataekni sem skilar eyðslugrenni, hljóðlátari (69.3 db) og mengunarminni vél. Hyundai vélar uppfylla hæstu gæðastaðla í nútíma díselvélum.

Hyundai S250S er til á lager í dag en afgreiðslutími annars er um 6-8 vikur frá pöntun, en fer að öðru leiti eftir lagerstöðu hjá framleiðanda á hverjum tíma. Innifalið í verðinu er mælaborð, pústhé, hældrif með plötu, stýristjakkur og ryðfrí skrúfa.

Vélar týpa	S250
Forþjöppun	Túrbína með stillanlegum leiðiskóflum
Kælikerfi	Lokað frostlögs kælikerfi með varmaskipti
Rúmtak	2959 cm <sup>3</sup>
Fjöldi strokka	6
Þyngd	334 kg (án hældrifs)
Afl við swinghjól	184 kW (250 HP)
Hámarksnúningur	3800 RPM

## Scam (Kubota) 135 hestafla díselvél

Öflug og hagkvæm díselvél með miklu togi



### SCAM DIESEL Marine SD 4.140 TIC

SCAM DIESEL Marine notar þrautreyndar Kubota vélar og byggir á áralangri reynslu af því að gera vélar klárar fyrir sjávarútveg.

SCAM DIESEL Marine eru hannaðar með auðvelt viðhald í huga og eru þeir hlutir sem krefjast reglulegs viðhalds mjög aðgengilegir. Traust eldsneytis innspýtingarkerfi tryggir minni eyðslu og minni mengun.

SCAM DIESEL Marine vélar koma með nauðsynlegum rafmagnstengingum, mælaborði, vélarpúðum og blautpústi sem staðalbúnaði. Olíukælir og dæla til að tæma olíupönnu eru einnig staðalbúnaður. Möguleiki er að setja við vélina stýrisdælu.

Scam SD 4.140 TIC er til á lager í dag en afgreiðslutími annars er um 6-8 vikur frá pöntun, en fer að öðru leiti eftir lagerstöðu hjá framleiðanda á hverjum tíma.

Vélar týpa	SD 4.140 TIC (Kubota)
Forþjöppun	Túrbína og sjúkældur millikælir
Kælikerfi	Lokað frostlögs kælikerfi með varmaskipti
Rúmtak	3800 cm <sup>3</sup>
Fjöldi strokka	4
Þyngd	340 kg
Afl við swinghjól	99 kW (134,6 HP)
Hámarksnúningur	2600 RPM

Báðar vélar eru til afgreiðslu á lager í dag





Umfjöllun um fyrirkomulag strandveiða við Grænland

# Strandveiðar við Grænland

**G**rænlenki strandveiðiflotinn samanstendur af 310 skráðum skipum og er honum skipt í mismunandi flokka. Innan fiskveiðistjórnunarkerfisins greinist strandveiðiflotinn upp í tvo aðalhópa, annars vegar í einstaklingsbundið og framseljanlegt kvótakerfi og hins vegar í frjálsar veiðar innan leyfilegs heildarafla. Jafnframt lýtur strandveiðiflotinn ýmsum öðrum reglum innan fiskveiðilaganna sem taka til hvernar einstakrar fisktegundar.

Við skilgreiningu strandveiðiflotans liggur til grundvallar að skip séu undir 120 brúttótonnum en þó eru dæmi um einhverjar undanþágur. Strandveiðar skipta miklu máli fyrir þjóðarþú Grænlands en um leið gegna þær lykilhlutverki varðandi byggðaþróun og búsetu í landinu.

Helstu nytjastofnar á Grænlandsmiðum eru botnfisktegundir en krabbadýr og uppsjávar- tegundir skipta einnig miklu máli. Á undanfórnum árum hefur grálúðan verið mikilvægasta framleiðsluvaran en á árinu 2013 keyptu framleiðendur grálúðu af veiðimönnum fyrir 373 milljónir danskra króna eða um 7,4 milljarða íslenskra króna að núvirði. Lengi vel var rækjan í efsta sæti en árið 2013 keyptu framleiðendur rækju af veiðimönnum fyrir um 352 milljónir danskra króna eða um 7 milljarða íslenskra króna. Aðrar tegundir sem vega þungt í heildarkaupum framleiðenda af veiðimönnum, eru þorskur (7%), grásleppuhrogn (5%) og snjókrabbi (3,5%).

Eins og fyrr segir, gegna strandveiðar mikilvægu hlutverki í grænlenku hagkerfi. Verðmæti heildaraflans fyrir árið 2013 var 870 milljónir danskra króna eða um 17,4 milljarðar íslenskra

króna. Vægi strandveiða endurspeglast vel í þeirri staðreynd að á árinu 2013 var heildarútlutningsverðmæti fisks og skelfisks frá Grænlandi um 2,5 milljarðar danskra króna eða tæplega 50 milljarðar íslenskra króna. Hlutur strandveiða var því um það bil 35%.

Það er síður en svo einfalt að meta hversu margir sjómenn stunda í rauninni eingöngu strandveiðar. Á árinu 2013 voru gefin út 2.773 veiðileyfi en það segir þó ekki alla söguna vegna þess að sumir leyfishafar eru með fleiri en eitt veiðileyfi. Ástæðan er sú að eitt leyfi nær ekki alltaf til allra tegunda. Sérstakt leyfi þarf til þess að stunda veiðar á nokkrum tegundum og gildir sú regla til dæmis um veiði á grálúðu og lax. Til slíkra veiða dugur ekki að hafa leyfi til þorsveiða.

## Austurströndin

Það eru ekki úkjur að halda því fram að hægt sé að gera strandveiðunum við Austur-Grænland skil í stuttu máli. Einungis er eitt vottað fiskvinnslufyrirtæki eftir í þeim hluta Grænlands og er það staðsett í Kuummiut sem er skammt frá flugvælinum í Kulusuk. Aðalvinnslutegundin er gálúða en árlega berast samt langt innan við 100 tonn af henni á land. Bleikja er aftur á móti mjög algeng í þessum hluta landsins og hún er mikilvæg til lífsviðurværis en fram til þessa hefur iðnaðinum ekki þótt fýsilegt að hefja vinnslu á henni vegna markaðsmála.

## Vesturströndin

Á Vesturströndinni er grálúðan ríkjandi allt frá Upernavik og suður á Diskobay svæðið. Í Thule hefur ásókn í grálúðuveiðar aukist og grænlenk stjórnvöld styðja slíkar breytingar heilshugar enda efla þær efnahag svæðisins og styðja um leið við umskiptin sem samfélagið gengur í gegnum þegar veiðimenn gerast fiskimenn.

Fyrr á árum einkenndust rækjuveiðarnar af því að vera dreifðar yfir stórt svæði en vegna veðurfarsbreytinga hafa þær þjappast saman inn á Diskobay svæðið. Þetta á bæði við um úthafsveiðarnar sem og strandveiðarnar. Einungis fjögur fiskvinnslufyrirtæki eru nú á svæðinu frá Nuuk í suðri til Ilulissat í norðri en þau voru samtals tíu þegar mest lét.

Þorskur og grásleppa eru mikilvægar tegundir frá suðurhluta Diskobay svæðisins og til Paamiut en sunnan við Paamiut hefur aflinn verið sáralítt. Snjókrabbi er aftur á móti mikilvægur frá Qeqertarsuaq suður til Arsuq. Aðalveiðisvæðið er samt í kringum Paamiut og er heildarkvótinn 950 tonn fyrir yfirstandandi ár. Talsverður snjókrabbi er einnig við Sisimut og í Diskobay.



TÖNNIS KAKA BERTHELSEN aðstoðarframkvæmdastjóri KNAPK

## Framtíðin

Í aldir byggði Grænland afkomu sína á selveiðum og það var ekki fyrr en í kringum 1920 sem þorskur fór að gegna vaxandi hlutverki en rækjan varð fyrst mikilvæg um 1960. Í fyrstu voru veiðarnar stundaðar mjög nálægt ströndinni en smátt og smátt bættust úthafsveiðar við.

Til margra áratuga var grálúðan notuð sem hundamatur og það var ekki fyrr en um 1990 sem fiskiðnaðurinn áttaði sig á verðmæti hennar. Í dag er þessi heittelskaða tegund tilefni deilna og rökræðna hvort heldur sem er á grænlenka þinginu eða úti í litlu samfélögunum, aðallega í norðri. Það er samt engin leið að vanmeta þá efnahagslegu þýðingu sem grálúðan hefur fyrir grænlenkt samfélag. Grænendingar hafa orðið varir við nokkrar nýjar tegundir í gegnum árin en mjög fáar hafa





náð því að verða efnahagslega mikilvægar. Ein þessara tegunda er snjókrabbinn og önnur er grásleppan. Grænlingar hafa reyndar alltaf vitað af henni vegna þess hve frábær matfiskur hún er. Aftur á móti var snjókrabbinn lengi vel talinn vera meindýr en nú er hann uppspretta mikilla tekna fyrir fjölmargra íbúa í strandveiðisamfélagunum.

Næsta tegundin á þessum lista er líklega makríllinn. Árið 2011 hófust tilraunaveiðar á honum við Austur-Grænland. Fyrsta árið skiluðu þær 162 tonnum en á árinu 2014 var þessi tala komin í 78.000 tonn. Í magni hefur makríllinn því skyndilega hirt toppsætið af rækjunni og það jafnvel þótt úthafs- og grunnslóðaveiðin sé lögð saman. Á þessu ári verður heildarkvótinn stilltur á 85.000 tonn en í fyrra var hann settur á 100.000 tonn sem reyndar náðist ekki.

Loks er að geta þess að nú í fyrsta skipti verður makríll nýttur við Vestur-Grænland. Búið er að úthluta 15.000 tonna aflamarki og strandveiðiflotinn getur því fært sér þetta nýja tækifæri í nyt.

#### Tønnes Kaka Berthelsen

aðstoðarframkvæmdastjóri KNAPK,  
Samtaka grænlestra veiði- og fiskimanna

## Framtak-Blossi er orðinn umboðsaðili fyrir Volvo penta rafstöðvar og skrúfuvélar á Íslandi



**VOLVO  
PENTA**

Sala á Volvo Penta  
varahlutum og  
viðgerðarþjónusta

FRAMTAK  
**BLOSSI ehf**

Dvergshöfða 27 - 110 Reykjavík  
www.blossi.is - blossi@blossi.is





**SEIGLA**  
BOAT BUILDER

Seigla Ehf • Goðanes 12 • 603 Akureyri • Iceland

www.seigla.is

Ný hönnun 12 metra báts frá Seiglu, 13,2 metrar með svölum  
4-5 eins manns klefar  
Frá 40 körum í lest  
Hugmynd að búnaði á millidekki  
Auðvelt að koma fyrir 25-30.000 beitningarvélakerfi  
Aðgerðarkerfi og blóðgunarkerfi frá 3X



Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar:

Seigla ehf, Goðanes 12  
603 Akureyri, Iceland

Tel: +354 551 2809 - Fax: +354 551-2810 - E-mail: seigla@seigla.is

# Eflum smábátaútgerðina!



**ÞORSTEINN MÁSSON**

Eins og mörg ykkar vita er ekki auðvelt að vera kvótalaus smábátaeigandi sem reynir að koma undir sig fótunum. Skilningur stjórnvalda á mikilvægi smábáta virðist oft vera takmarkaður þrátt fyrir að smábátar séu víða máttarstólpar í atvinnulífi á landsbyggðinni. Það þýðir að samstaða smábátaeigenda hefur aldrei verið eins mikilvæg og nauðsynlegt að útgerðir smábáta þjappi sér saman um sína hagsmuni sem um leið eru hagsmunir sjávarbyggðanna.

Þið ykkar sem komuð undir ykkur fótunum með hjálp þorskaflahámarksins, línuvillunar og frjálstra handfæraveiða verðið að standa með bræðrum ykkar og systurum sem eru að baslast við að koma undir sig fótunum í dag. Þið vitið manna og kvenna best hvernig það er að byrja útgerð og byggja hana upp frá grunni. Þið nýttuð ykkur úrræði sem í boði voru fyrir smærri útgerðir og gátu þannig byggt upp ykkar útgerð og fyrirtæki.

Sveitarstjórnarfolk í sjávarbyggðum og þingmenn sem sem sækja umboð sitt til fólksins í þorpunum verða líka að standa með litlum útgerðum og tala máli þeirra á opinberum vettvangi. Ef stjórnvöld tryggja frjósaman jarðveg fyrir litlar útgerðir munu þær alltaf spretta upp í sjávarbyggðunum og skapa þar grunn og stöðuleika í atvinnumálum.

Það þykir ekkert tiltökumál að ívilna stórum erlendum fyrirtækjum um háar fjárhæðir. Álver, kísilverksmiðjur, bleikjueldi og önnur verkefni í í eigu erlendra aðila fá ívilnanir fyrir hundruði milljóna. Svo þegar sjávarþorpin okkar kalla eftir aðstoð og biðja um hjálparhönd er oft fátt um svör.

Við megum ekki gleyma að Ísland væri ekkert án sjávarbyggðanna og fólksins þeim þar bjó og býr en. Þessar byggðir voru útverðir verðmætasköpunar í landinu, iðandi af lífi sem nærðist á gjöfulum fiskimiðum.

En staðreyndin er sú að sjávarútvegurinn hefur breyst gríðarlega síðustu áratugin. Mikil og nauðsynleg hagræðing hefur átt sér stað enda er íslenskur sjávarútvegur sveigjanlegur, samkeppnishæfur og fjárfestir í nauðsynlegri nýsköpun, tækni og framförum. En því miður hefur mikið af þessari hagræðingu bitnað á sjávarbyggðunum og smærri útgerðum. Nú er tími til að huga að hagsmunum þessara þorpa og fólksins sem þar býr.

Ef okkur er alvara með að halda lífi í sjávarbyggðunum okkar er besta leiðin að efla og tryggja smábátakerfið. Stjórnvöld verða að standa við bakið á sjávarbyggðum með því að tryggja m.a. strandveiðar og línuvillun. Ef þessi þorp hafa grunn sem ekki verður tekin af þeim með einni undirskrift í banka er hægt að byggja aðra atvinnustarfsemi á því. Þessi grunnur verður best tryggður með öflugri smábátaútgerð.

Það er ekki verið að tala um kollsteypur, eignaupptöku eða grundvallabreytingar. Það er auðvelt að bæta við strandveiðipottinn þannig að hægt sé að róa 4 daga í viku yfir sumartímamann og það er auðvelt að breyta línuvillun þannig að hún gagnist öllum dagróðabátum. Þetta er í raun alveg sárameinfalt en gríðarlega árangursríkt.

Stöndum með okkar viðkvæmstu sjávarbyggðum, eflum smábátaútgerð og munum að raunveruleg sátt getur aldrei orðið án málamiðlanna.

**Þorsteinn Másson**  
verkefnastjóri hjá LS



## Handfæravörur

Minum á öflugra þjónustu Ísfells og gott úrval af vörum til handfæraveiða eins og rústfría handfærakröka. Hér fyrir ofan má sjá lítið brot af þeim vörum sem Ísfell býður fyrir handfæraveiðar. Í vörulistanum á [www.isfell.is](http://www.isfell.is) er að finna ítarlegar upplýsingar um allar vörur.

**Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!**

Starfsstöðvar Ísfells og Ísfells:

- Ísnet Þorlákshöfn - Óseyrarbraut 28
- Ísnet Vestmannaeyjar - Flötum 19
- Ísnet Húsavík - Barðahúsi
- Ísnet Akureyri - Oddeyrartangi
- Ísnet Sauðárkrúkur - Lágeyri 1
- Kristbjörg Ólafsfjörður - Pálsbergsgötu 1
- Ísfell / Ísnet Hafnarfjörður

**Ísnet**



**ÍSFELL**  
[www.isfell.is](http://www.isfell.is)

Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • [isfell@isfell.is](mailto:isfell@isfell.is)



Vilmundur Óskarsson nýkominn úr róðri

Af vettvangi: Strandveiðar

## Vörubílstjóri á veturna – trillukarl á sumrin

**S**trandveiðarnar gengu þokkalega við Snæfellsnes í maí en þó ekki meir en svo. Rysjótt veðurfar og tafir vegna verkfalla settu strik í reikninginn. Veiðum lauk svo miðvikudaginn 20. maí. Þá var skammturinn á svæði A – frá Eyja- og Miklaholtshreppi til Súðavíkurhrepps uppurinn. Þremur dögum fyrir veiðistöðvun hittum við einn þeirra sem í vor hafa róið frá Ólafsvík. Hann var nýkominn úr strandveiðiróðri dagsins, þetta var síðasti dagur sem leyfilegt var að róa þá vikuna. Nú var Vilmundur Óskarsson á Naustvík ST 80 frá Hólmavík að taka olíu. Síðan yrði það helgarfrí.

### Trillukarl hálf tónið

Naustvík ST er bátur sem er vel búinn til strandveiða, kraftmikill Sómi með nýlegar skakrúllur um borð. „Það þýðir ekkert annað en að vera almennilega útbúinn. Ég á ekki bátinn, er bara á honum fyrir eigandann. En þetta er góður bátur sem ég er á,“ sagði Vilmundur og leit með velpóknun á farkost sinn.

Vilmundur deilir starfsárinu nokkuð jafnt milli þess að vinna í landi og á sjó. „Það að róa til fiskjar er sumarvinnan mín. Fyrir utan þetta þá hef ég starfað við akstur um vetrartímamann á trukkum hjá ýmsum verkötökum. Bæði hef ég verið úti í Noregi og svo hérna heima. Nú í vetur var ég hér heima á Íslandi og keyrði í tengslum við stækkunarframkvæmdirnar sem hafa staðið

yfir í Bláa lóninu á Suðurnesjum. Ég var þar þangað til nú í mars. Ég hef smábátveiðarnar snemma á vorin, í mars eða apríl. Þá veiði ég fyrst af kvóta en svo taka strandveiðarnar við í maí. Þegar kvótaúthlutunin kemur í september fer ég aftur yfir á kvótaveiðar eitthvað fram eftir haustinu áður en aksturinn tekur við að nýju,“ sagði hann.

### Veiðar sem krefjast úthalds

Vilmundur sagðist skipta strandveiðitímabilinu milli Snæfellsness og Vestfjarða en þó alltaf innan A-svæðisins. „Undanfarin ár hef ég verið hér í Ólafsvík í maí en svo farið vestur á Flateyri og tekið restina af tímabilinu þaðan. Ókosturinn við að vera á þessu svæði er bara hvað potturinn er alltaf fljótur að klárast. Við sem erum við veiðar hér á A-svæði náum aldrei að róa eins mikið og þeir sem eru á hinum svæðunum umhverfis landið. Við erum til dæmis bara hálfdrættingar í róðrafjölda samanborið við Austfirðingana á C-svæðinu. Sem dæmi má nefna að hæsti bátur á Djúpvogum var með 51 róðradag í fyrra en ég fór 24 róðra á sömu strandveiðivertíð. Samt hélt ég mig vel að þessu.“

Hann dró ekki dul á að strandveiðivertíðin við norðanvert Snæfellsnes er búin að vera krefjandi það sem af er frá því hún hófst í byrjun maí. „Ef maður nær einhverjum dögum og það gengur vel þá er allt í lagi með þénustuna á strandveiðunum. En það er ekki mikið til skiptanna ef dagarnir eru ekki nýttir vel. Það má ekki stunda þetta með neinu hálfkákí. Til að hafa eitthvað úr þessu þarf að halda sig vel að því. Þetta snýst mikið um seiglu og þolgæði ef menn ætla að hafa þetta að atvinnu. Í dag var barningur eins og svo oft áður nú í maí. Það þurfti að hafa fyrir þessu en ég náði þó skammtinum. Núna þegar ég er búinn að taka olíu fer ég akandi suður en skil bátinn eftir hér í Ólafsvík. Nú er allt klárt í næsta róður og frí fram á mánudag ef það verður þá veður til róðra. Það eru svo miklir umhleytingar alltaf að maður veit aldrei á hverju er von,“ sagði Vilmundur Óskarsson.



VILMUNDUR ÓSKARSSON um borð í Naustvíkinni

**DNG**  
FÆRAVINDUR  
TRAUST  
HAGKVÆMNI  
AFKÖST  
ENDING

### Slippurinn Akureyri ehf.

Naustatanga 2, 600 Akureyri, ICELAND

Tel: +354 460 2900

dng@dng.is

Fax: +354 460 2901

www.dng.is



Tveir harla ólíkir - af sama slóðanum

Línuveiðar hafa verið á miklu flugi undanfarin ár og eru enn

## Gleðitiðindi – eða hvað?

**H**afrannsóknastofnun er nýbúin að birta niðurstöður úr togararallinu 2015 og hvað þorskstofninn varðar, eru uppi mikil tíðindi.

Í sögu rallsins (f. 1985 – d. ????) hefur stofninn aldrei mælst stærri. Vitaskuld fagna þessu allir vitibornir menn – eða er ekki svo? Er ekki stærri stofn ávísun á meiri veiði og þar með meiri tekjur fyrir fólk, fyrirtæki, ríkissjóð og þjóðar-búið þegar öllu er á botninn hvolft?

En samt virðist svo vera komið að þegar jafnvel togararallið mælir mikið af þorski, afþakka forsvarsmenn í sjávarútvegi í bili þessa Guðs gjöf eða gjöf náttúrunnar, eftir því hvar menn eru staddir í trúarhitnum. - Jú, kannski seinnal

Því hefur verið haldið fram að ástæða þess að fjöldi erlends verkafólks starfar í fiskvinnslufyrirtækjunum hérlendis sé sú að Íslendingar vilji helst ekki vinna í fiski. En nú er svo að sjá að þessi íslenska fiskfælni sé ekki lengur bundin við gólfíð í fiskvinnslunum. Er þetta kannski einhver séríslensk útgáfa af Hungurleikunum?

Í tilkynningu Hafrannsóknastofnunar frá miðjum apríl síðastliðnum er ekki getið um tonnatölur

hvað varðar stofnstærð þorsksins. Einföld uppsetning í reikniskjal bendir hins vegar til þess, miðað við vísitölu síðastliðins árs sem stóð fyrir 1,1 milljónum tonnum af þorski, að stofninn hafi stækkað um 35% milli ára og sé því nú um 1,5 milljón tonna. Sé lesið í töflur Hafrannsóknastofnunar, (Hafrannsóknir nr. 176), um stærð viðmiðunarstofns, þ.e. 4 ára þorsks og eldri, hefur stofninn ekki verið stærri síðan 1962 þegar hann var jafnstór samkvæmt töflunni. Þar með hefur hann ekki verið stærri í 53 ár. Árið 1962 voru veidd 387 þúsund tonn af þorski. Ekki er að sjá að það hafi skaðað þorskstofninn svo mjög því að næstu 10 árin fór meðalveiðin að jafnaði yfir 400 þúsund tonn.

Aflareglan sem Hafrannsóknastofnun notar sem sjálfstýringu við tillögur sínar um leyfilegan þorskafli og stjórnvöld elta eins andarungar mömmu sína, ætti samkvæmt þessu að slaga hátt í 300 þúsund tonna tillögu – nú þegar.

En leyfilegur þorskafli yfirstandandi fiskveiðiárs er 216 þúsund tonn. Þegar þetta er skrifað, er búið að veiða 86% af þeim heimildum og þrjár mánuðir eftir af fiskveiðiárinu. Sú staðreynd staðfestir enn frekar fiskfælnina framangreindu. Mismunur uppá 80 þúsund tonn skiptir ekki orðið máli. Miðað við meðalverð á fiskmörk-

uðum undanfarið yrði aflaverðmæti úr sjó ríflega 20 milljarðar – meira en tuttugu þúsund milljónir.

Að afþakka aukningu í þorskafli í stað þess að krefjast hennar, hlýtur að eiga sér góða ástæðu. Og hún er nokkuð augljós. Á öðru ári kvótakerfisins - (á Fiskipingi 1985) - var bent á að þar væri ekki á ferðinni fiskverndunarkerfi heldur efnahagslegt stjórnstæki. Kannski hefur það aldrei verið grímulausara en einmitt nú. Skorturinn skapar verðmæti. Með því að halda eftirspurninni á veiðiheimum vel yfir framboðinu, spinnst verðið á aflaheimildum upp á við. Það er nákvæmlega það sem er að gerast þessa dagana.

Var það þetta sem lagt var upp með á árdögum fiskveiðikerfisins? Hafi svo verið, fór það framhjá nánast öllum í sjávarútveginum. Markmiðið var að „byggja upp“ þorskstofninn. Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar frá árinu 1983, (Hafrannsóknir - 26. hefti), segir orðrétt:

„Hámarksafrakstur þorskstofnsins er talinn 450 þúsund tonn á ári.“

Í sama hefti eru horfurnar raktar fyrir árið 1983 og leggur stofnunin til að þorskveiðin „fari ekki fram úr 350 þúsund tonnum.“

Árið eftir, 1984, sem var fyrsta ár kvótakerfisins, hafði hljóðið dökknað heldur betur í skýrslu Hafrannsóknastofnunar, (Hafrannsóknir - 28. hefti). Allt var í voða, stofninn hafi verið ofmetinn árið áður og engin batamerki. Um mitt ár lagði stofnunin til lækkingu þorskafllans í 300 þúsund tonn á árinu 1983.

Ein vísbendingin sem stofnunin styðst við var - orðrétt:

„Aflabrogð á vetrarvertíð og niðurstöður rannsóknleiðangra gáfu hins vegar til kynna að ástand stofnsins væri lakara en ætlað var og var þá lagt til, að þorskafli færi ekki fram úr 300 þúsund tonnum á árinu 1983.“

Svo fór að þorskveiðin 1983 náði ekki þessu marki...“



**GOLÞORSKAR** hafa verið algengir í aflanum undanfarin ár. Afla línubáta fyrir Suðurlandi hefur á yfirstandandi vertíð, sérstaklega þegar líða tók á, verið blandaður af öllum stærðum. Það hlýtur að vera góðs viti. Þarna heldur Þjörgvin Sigurjónsson skipstjóri á heljarinnar golþorski fyrir nokkum árum í Vestmannaeyjum.

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar, (28. hefti), er þetta orðað svo:

„Veiðarnar gengu það illa á árinu 1983 að aflinn náði ekki einu sinni 300 þúsund tonna markinu.“

Af þessum tilvitnunum er auðvelt að ráða að Hafrannsóknastofnun leit mjög til aflabragða og hversu vel þau gengu. „Léleg“ aflabrogð 1983, (298 þúsund tonn), taldi stofnunin órækt merki þess að hún hafi ofmetið stærð þorskstofnsins.

Ekki er nokkur vafi á því að ef íslenski fiskiskipaflotinn hefði á yfirstandandi fiskveiðiári verið í vandræðum með að ná útgefnum þorskveiðiheimum, væri löngu búið að vara við öðru „ofmati.“

Með einhverjum óskiljanlegum hætti virðast ekki vera tvær hliðar á þessari mynt. Fiskiskipaflotinn hefur undanfarin ár átt svo auðvelt með að veiða það sem honum er leyfilegt að stóran hluta úr árinu eru menn á hröðum flótta undan þeim gula.

Hvernig stendur á því að sú staðreynd birtist ekki í skýrslum stofnunarinnar með vanga-veltum þess efnis að hún hafi vanmetið stærð þorskstofnsins?



**ÆVINTÝRALEGUR AFLI Á LÍNUNA** - línuveiðar hafa sannarlega verið á flugi undanfarin ár.

**Þvert á móti:** þeir sem voga sér að benda á hið augljósa, fá skömm í hattinn fyrir ábyrgðarleysi og drápsgræðgi.

Þeir sem gegna lykilhlutverkum í íslenskum sjávarútvegi, eru steinhættir að rýna í þessi samhengi hlutanna. Hin blinda trú á vísindin hefur lagst eins og marglytta yfir alla gagnrýna hugsun. Að sama skapi hafa reiknilíkon yfirtekið

skapandi nálgun fræðimanna sem á að vera aðalsmerki allra góða rannsókna og vísinda.

Það sem til þarf svo á þessu verði breytingar, til dæmis með því að taka mark á óteljandi ábendingum þeirra sem stunda hafið alla daga, eru ráðamenn þó með snefil af kjarki. Ekki verður séð að sú vonarglæta skíni skært.

Eitt af því sem margsinnis hefur verið bent á en nánast allir eru hættir að nenna að tala um, er hvernig reikningar Hafrannsóknastofnunar á stærð þorskstofnsins hafa breyst í árána rás. Í þessu sambandi er nærtækast að taka árið 1983. Í skýrslunni það ár segir:

„Heildarstærð þorskstofnsins er áætluð á bilinu 1.420-1.570 þús. tonn í byrjun árs 1983....“

Í skýrslunni frá árinu 2014 stendur í töflunni um stærð stofnsins 1983 að hann hafi verið 791 þúsund tonn.

Mismunurinn er 629 – 779 þúsund tonn. Hærrí talan er nánast á pari við það sem stofninn á að hafa verið 1983, miðað við 2014 skýrsluna.

Rétt er í þessu sambandi að halda því til haga að í áætlun Hafrannsóknastofnunar sem hún gerði snemma árs 1982, taldi hún stofninn vera um 1.765 þúsund tonn. Hátt í ein milljón tonna af þorski hurfu úr bókhaldinu á stuttum tíma. Sú tala er ígildi alls úsustofnsins, ufsastofnsins, gullkarfans og íslensku sumargotssíldarinnar miðað við síðustu mælingar.

Til langs tíma hafa aflabrögð verið með algerum ólíkindum. Það eru ekki úkjá mörg ár síðan að þumalputtareglan varðandi línuveiðar var sú að færi veiðinn á bala ekki undir 100 kílóin væri hangandi á því. En nú er ekkert óalgenget að fá 200-400 kíló á balann og dæmi heyrast um

jafnvel enn meiri afla. Þeir fáu sem stunda orðið netaveiðar, þurfa ekki lengur heilu netastæðurnar og hvað þá að safna í þau dægrin löng. Af Suðurlandi berast þær fréttir að humarbátar fylli vörpunar af þorski og svo má lengi telja.

En þetta er allt væntanlega innan skekkjumarka reiknimódelanna. Þegar fiskimenn tilkynna um aflabrögð hvort heldur til ráðuneytis eða Hafrannsóknastofnunar, virkar það álíka eins og að skvetta vatni á gæs. Í síðasta Brimfaxa var ítarlegt viðtal við norska fiskifræðinginn Jens Christian Holst. Hann sagði upp hjá norsku Hafrannsóknastofnuninni eftir áratuga starf vegna þess að hann hafði fengið sig fullsaddan af skeytingarleysinu sem sjónarmiðum og þekkingu fiskimanna er sýnt. Engu að síður hvetur hann til samvinnu þessara aðila. Aldrei hef ég orðið var við annað en að fiskimenn séu reiðubúnir til samvinnu. En til þess þarf vilja beggja.

**Arthur Bogason**

**FRÍÐRIK A. JÓNSSON ehf.** Tækin í brúna frá FAJ Fyrir allar stærðir skipa og báta

**SIMRAD** 3G og 4G Broadband Radar

**SIMRAD** AP sjálfstýringar 5" skjár Follow Up, Non Follow og QuickStick fjarstýringar Innfellanlegt Stýring fyrir allt að sex hliðarskrúfur

**SIMRAD** NSE Fjölnotatæki Íslenskt stýrikerfi Sjökort, Ratsjarmynd Dýptarmælir AIS upplýsingar Veðurstöð Fjölnotatæki, kortskjár dýptarmælir og fl. Velaaflestur 7", 8", 9", 12" og 16" skjár

**SIMRAD** Sjálfstýring f. minni báta HS60 GPS áttaviti Forward scan

**SIMRAD** NSO Fjölnotatæki og skjástýring Stýring fyrir NSO kerfið Sambærilegt við NSE en stýrir hefðbundnum tölvuskjám

**SIMRAD** BSM3 sendir SIMRAD G07 Einfaldur en góður kortaplotter og dýptarmælir. B260 botnstykki

Fríðrik A. Jónsson ehf. Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ S: 552 2111 - www.faj.is Siglinga, fiskileitar og rafeindatæki

**MARÁS** Allt fyrir sjávarútveginn

Fagleg ráðgjöf, sala og þjónusta Bjóðum aðeins viðurkenndan búnað

**YANMAR** Kraftur Ending Sparneytni Áreiðanleiki Stærð allt að 4500hö

**Side-Power** by Slepner Motor AS Hliðarskrúfur

**KOHLER** MARINE GENERATORS Rafstöðvar og ljósavélar

**ROLLWAY** Kúlulegur - Keflalegur

**ZF** Stjórntæki og Gírar

Marás ehf. Miðhraun 13 - 210 Garðabær Sími: 555 6444 - Fax: 565 7230 www.maras.is Allt fyrir nýsmíðina



## Fulltrúar tveggja kynslóða smábátaútgerðarinnar

Þrjátíu ár í ólugsjó

# Smábátabyltingin

**Þ**rjátíu ár eru skammur tími í sögu þjóðar. Þrjátíu ár er heldur ekki langur tími í sögu íslensks sjávarútvegs, en þrjár áratugir eru langur tími í sögu Landssambands smábátæigenda. Ástæðan er einfaldlega sú að félagið var stofnað 1985.

Við undirbúning þessa tölublaðs Brimfaxes spruttu umsvifalaust upp hugmyndir um viðamikla úttekt á tilurð og sögu Landssambands smábátæigenda (LS). Og það er ekki að ósekju. Svo margt hefur gengið á í sögu félagsins að mörgum þykir nóg um og því líklegra en hitt að menn séu að skreyta sig með illa fengnum

fjöðrum. LS þarf ekki á slíku að halda; af nógu er að taka.

Í þessari umfjöllun verður stiklað á stóru. Hér verða ekki krufin til mergjar einstaka mál sem á dagana hafa drifið og af augljósri ástæðu. Vegna takmarkaðs rýmis verður skautað yfir fjölda atburða og þá sem þar komu við sögu og ekki gefst ráðrúm til að fjalla um nú. En að því hlýtur að koma að saga félagsins verði færð til bókar.

Einnig fæddust hugmyndir um að tína til sérstæða persónuleika úr trillukarlastétt og geta þeirra sérstaklega. Á þeim miðum er engin ördeyða: Skarfurinn - Jósteinn Finnbogason frá

Húsavík, Pétur Hoffmann Salómonsson sem reri úr Selsvör í Reykjavík, Skarphéðinn Árnason - Stranda- og Skagamaður, Gústi Guðsmaður á Siglufirði, Ási í Bæ og allir hinir, liðnir og lífs, sem auðgað hafa mannlífið og skilja eftir orðspor og ímynd sem sannar að dýrmæti hlutanna er afstætt og verður því ekki einvörðungu lagt á vogaskálar auðs og valds.

Ef gera ætti þessum lífsins snillingum sómasamleg skil, hrykki eitt tölublað ekki til. Að auki yrði um tvítekningu að ræða í mörgum tilvikum, bæði úr fyrri skrifum í Brimfaxes sem og víðar.

## Straumhvörf

Stóra myndin sem blasir við öllum þeim sem skoða þetta tímabil í sögu íslenskrar smábátáútgerðar, er sú að innan hennar hafa átt sér stað svo stórfelldar breytingar að yfirfyrirsögnin á þessum skrifum er eina hugtakið sem spannar þær: Smábátabylting.

Eitt af því sem hljótt hefur farið, er nýliðunin sem átt hefur sér stað í röðum smábátæigenda frá stofnun LS. Innan hópsins sem er burðarás félagsins nú, eru margir lítt kunnugir fortíð þess og baráttunni sem háð hefur verið fyrir tilverurétti þessa elsta útgerðarforms landsmanna. Þessi staðreynd segir mikla sögu sem stangast fullkomlega á við það sem haldið hefur verið fram út í það óendanlega undanfarna áratugi að „engin nýliðun sé í sjávarútveginum.“ Það er kolrangt. Þar sem annars staðar hverfa menn sína leið og aðrir fylla í skörðin.

Þegar LS var stofnað, 5. desember 1985, var meðalaldur félagsmanna hár og það sama gilti um bátana þeirra. Smíði trefjaplastbáta hófst reyndar nokkrum árum fyrr en hún hafði ekki enn náð að breyta þessari tilhögun. Hraðfiskibátar voru komnir til sögunnar en voru samt sjaldséðir. Mörgum af eldri mönnum leist ekkert á þá þróun og töldu að vonlaust væri að ná marktækum árangri á slíkum flatbyttum.

Næstu árin varð hins vegar sprenging í endurnýjun smábátaflotans. Í dag eru trébátar sem haldið er til atvinnuveiða, orðnir sjaldséðir. Þá er stórum hluta smábátaflotans stýrt af mun yngri mönnum en fyrrum og aldursdreifingin fjölskrúðugri en nokkru sinni fyrr.

Sú rödd heyrst af og til að sérstæðir persónuleikar séu með öllu horfnir til hinna eilífu fiskimiða. Til allrar hamingju er það ekki svo. Þeir eru í framleiðslu hvern einasta dag sem róið er smábátum frá ströndum landsins.

## Tilurð LS er rækilega samofin þessum miklu breytingum

Það var á árinu 1984 – á fyrsta ári kvótakerfisins - sem trillukarlar áttuðu sig á því að stjórnvöld treystu ekki lengur máttarvöldunum til þess að halda aftur af „stjórnlausri“ sjósókn þeirra. Fram að þeim tíma höfðu vissulega komið upp tilvik þar sem yfirvöld höfðu haft uppi undarlega tilburði sem höfðu áhrif á afkomu trillukarla en þetta var í fyrsta skipti sem slíkt gerðist á landsvísu.



**HINN 29. MARS 1985** reru 11 trillukarlar úr Vestmannaeyjum til að mótmæla fiskveiðistjórnunarkerfinu. Áður en lagst var að bryggju söfnuðust bátarnir saman á Klettsvíkinni og sigldu síðan í hóp inn að bryggju. Mikill mannfjöldi fylgdist með.

Á fyrsta ári kvótakerfisins var hið lagalega umhverfi harla frábrugðið því sem atvinnugreinin býr við nú. Í sem skemmstu máli framseldi Alþingi öll völd í hendur þáverandi sjávarútvegsráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, heitins, sem síðan stýrði greininni með „stóru reglugerðinni.“ Í henni var stillt upp fyrirkomulagi fyrir smábátaflotann sem átti eftir að draga stærri dálk á eftir sér en nokkurn grunaði.



**HINN 22. NÓVEMBER 1985** lokuðu smábátæigendur frá Snæfellsnesi til Reykjaness höfninni í Reykjavík í mótmælaskyni við boð og bönn. Sama dag lögðu tveir bátar net sín í Flóanum og varð af því málarekstur.

Í þessari illræmdu reglugerð var smábátunum skipt upp eftir landshlutum og einu gildi hvaða veiðarfæri þeir notuðu. Því næst var ákveðinn heildaraflí fyrir hvert svæði, árinu skipt í fernt og veiðar skyldu stöðvaðar þegar skammtinum væri náð innan hvers tímabils, rétt eins og í strandveiðikerfi samtímans. Árið 1984 gnístu trillukarlar sannarlega tönnum en það var á fyrsta tímabili ársins 1985 sem keyrði um þverbak. Þá gerði asfiski í netin við Snæfellsnes á sama tíma og skakbátar, t.d. í Vestmannaeyjum, sátu vikurnar langar í vonskuveðri og komust hvergi. Þegar svo loks hægði vind, skellti sjávarútvegsráðherra öllu í lás vegna aflans fyrir vestan.

Það er vægt til orða tekið að segja að þetta hafi farið þversum ofan í trillukarla. Eftir samráð og fundarhöld ákváðu atvinnumennirnir í Vestmannaeyjum að sýna fyrirlitningu sína á þessari stjórnvísu sjávarútvegsráðherra. Hinn 29. mars 1985 reru 11 smábátar úr Vestmannaeyjum til fiskjar á banndegi. Það stóð ekki á hótunum frá sjávarútvegsráðuneytinu og frá öðrum póttintátum.


Atburðurinn vakti óskipta athygli og samúð almennings var mikil. Sá var líka tilgangurinn með þessari borgaralegu óhlýðni. Það snerti streng í þrjústí þjóðarinnar að skakkarlar skyldu tragteraðir eins og ótíndur óþjóðalýður.

Það er ekki vandalaust fyrir mig sem þetta ritar að rekja söguna án þess að geta eigin aðkomu að atburðarásinni, enda væri það hrein sögufölsun. Ég vil taka það sérstaklega fram að þótt ég telji að einstaklingar skipti miklu í félagsmálabaráttu, er það sannfæring mín að samtakamáttur félagsmanna sé það sem öllu skiptir ef árangur á að nást á annað borð. Engir forystumenn eru sterkari en baklandið sem þeir styðjast við. Þetta hefur margsannast síðastliðin þrjátíu ár í störfum LS sem og annars staðar við hliðstæðar kringumstæður.

Það var morguninn eftir róðrardaginn í Vestmannaeyjum sem ég sat um borð í mínum fiskihraðbát - (hann er enn í drift - Fagranes ÍS 8 en hét þá Elding EA 427) - þar sem ég fékk þá hugmynd að stofna þyrfti heildarsamtök smábátæigenda. Það eru ekki úkjur að hugmyndin heltók mig. Um sumarið og um haustið ferðaðist ég vítt og breitt um landið og kallaði saman fundi sem urðu að stofnfundum margra svæðisfélaga LS sem nú eru 15 talsins.

Ekki var nú svo vel að smábátæigendur gengju allir í takt og vart við því að búast. Eðli trillukarla er hið gagnstæða: hver og einn er kóngur í ríki sínu. Þannig komu yfirlýsingar í fjölmiðlum þess efnis að ég væri ekki fulltrúi smábátæigenda og þá átti ég að sjálfsgöðu að vera úlfur í sauðagæru, skraddarasumaðri af þáverandi sjávarútvegsráðherra. - Það var og!

# ERTU KLÁR Í NÆSTU SJÓFERÐ?



Öryggisfræðsla til sjómanna hefur forðað mörgum sjómönnum frá slysum.

Með aukinni þekkingu og breyttu hugarfari sjómanna hefur öryggisfræðslan sannað sig.

Allir sjómenn eiga að sækja grunnöryggisfræðslunámskeið og síðan endurmenntun á fimm ára fresti til að fá lögskráningu í skiprúm.

Þann 1. nóvember 2010 tóku gildi ný lögskráningalög þar sem sú breyting var á að lögskrá skal á öll skráningaskyld skip sem gerð eru út í atvinnuskyni.

Ekki missa af næstu sjóferð vegna skorts á grunn- eða endurmenntunarnámskeiði í öryggismálum og skráðu þig í tíma á námskeið Slysavarnaskóla sjómanna



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG

Allar fyrirspurnir um námskeið og skráningar eru í síma 562 4884 eða á netfangið saebjorg@landsbjorg.is



**FRÁ STOFNFUNDI LANDSSAMBANDS SMÁBÁTA-EIGENDA** 5. desember 1985 í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6 í Reykjavík. Það sem sagt rétt slapp við að vera stofnað í 101 Reykjavík. Fundinn sóttu trillukarlar allsstaðar að af landinu, líka frá stöðum sem höfðu lýst andstöðu við aðdragandann að stofnun félagsins. Hinn 11. ágúst sama ár var haldinn undirbúningsstofnfundur í húsi Fiskifélags Íslands við Ingólfsstræti í Reykjavík.

Hinn 22. nóvember 1985, einungis 13 dögum áður en stofnfundur LS var haldinn, lokuðu 16 smábátar frá Snæfellsnesi, Akranesi og Reykjanesi, innsiglingunni í Reykjavíkurbörn til þess að mótmæla stjórnarháttum sjávarútvegsráðherra. Mönnum var heitt í hamsi en rufu þó keðjuna þegar lögreglustjórinn í Reykjavík fór þess á leit. Fyrir utan sveimaði Landhelgis-gæslan en aðhafðist ekkert.

Leiknum var þó ekki lokið. Í beinu framhaldi, héldu bátarnir frá Akranesi áleiðis heim en tveir þeirra lögðu net sín í leiðinni til þess að leggja áherslu á málstaðinn. Þeir voru kærðir og veiðarfæri og afli gerður upptækur. Annar þeirra var Skarphéðinn Árnason (1924-2011),

einn orðhvassasti trillukarlar sem um getur og stjórnarmaður í LS frá stofnun og til ársins 2005.

Eins og Skarphéðinn var von og vísa, harðneitaði hann að greiða sekt eða gera sátt. Þess í stað krafðist hann þess að sitja í grjótinu. Hvernig sem á því stóð var sá gamli aldrei sóttur enda sáu yfirvöld trúlega á því ýmsa vankanta. En Skarphéðinn var við öllu búinn; hann hafði kynnt sér að hann mætti fella grásleppunet á meðan á afplánun stæði. Sá grunur læddist að þeim sem með þessu fylgdust að yfirvaldið liti svo á að refsingin myndi í raun yfirfærast á sjálfstjórnvaldið og verða því mun meiri pína en þeim sem refsa átti.

Þrettán dögum fyrir stofnfundinn var allt á suðupunkti, að hluta meðal trillukarla sjálfra. Svo fór þó að lokum að allir mættu til stofnfundarins sem haldinn var í Rúgbrauðsgerðinni að Borgartúni 6 í Reykjavík, hinn 5. desember 1985. Fjöldi fundarmanna var fjörutíu og fimm. Eindrægni ríkti á fundinum þrátt fyrir allt sem á undan var gengið. Menn áttuðu sig á þeim sannindum sem eiga jafn vel við nú: það var mun fleira sem sameinaði þá en sundraði þeim.

Hin nýkjörna stjórn LS fékk strax fund með sjávarútvegsnefnd Alþingis – sem reyndar var líka haldinn í Rúgbrauðsgerðinni. Sá fundur markaði þáttaskil.

Eitt það fyrsta sem LS kom til leiðar var grundvallarleiðrétting á því viðmiði sem sjávarútvegsráðuneytið hafði stuðst við í sínum útreikningum. Í fyrstu reglugerðinni hafði smábátafлотanum einungis verið ætluð 8.300 tonn af óslægðum þorski til veiða og nánast ekkert af öðrum tegundum. Til allrar hamingju

höfðu ráðamenn ekki hugmyndaflug til þess að kvótasetja grásleppuna.

Þegar farið var ofan í saumana á aflatölunum sem smábátunum voru skammtaðar, kom í ljós að þar var stórlega vanreiknað: afli dekkjaðra smábáta hafði hreinlega „túnst.“ Skyndilega var viðmiðið orðið 2,5 sinnum hærra eða rétt um 20 þúsund tonn.

Skömmu síðar var sú hugmynd rædd við sjávarútvegsráðherra að sá fjöldi smábáta sem til væri í landinu, yrði viðmið um hámarksfjölda þeirra sem mættu stunda atvinnuveiðar. Þetta voru um 900 smábátar undir 10 tonnum. Ráðherra afgreiddi þessa hugmynd með tilþrifum og sakaði félagið um að ætla að búa til „lokaðan klúbb“ sérgæðinga – og vísaði mönnum á dyr. Sú var aldrei ætlun LS, heldur hitt að þessi fjöldi báta hefði frjálsræði til veiða og þar með þyrftu menn aðeins að lúta þessari einu og tilteknu takmörkun.

Kaldhæðni örlaganna er grim. Það hljóta að hafa verið farnar að renna að minnsta kosti tvær grímur á sjávarútvegsráðherra stuttu síðar. Vegna þess að engar takmarkanir voru á fjölgun smábáta, gerðist það sem LS hafði bent á: Fjöldi manna sem fylgdist með því hvernig verið var að loka öllum glufum fyrir stærri báta og skip, drógu þá eðlilegu ályktun að ekki væri seinna vænna ef þeir ætluðu sér á annað borð að eiga möguleika á því að sækja sjó, en að smíða sér bát og hefja róðra.

Alger bylting í smíði trefjaplastbáta auðveldaði þetta mjög. Starfandi voru öflugar bátasmiðjur í landinu og árið 1990 aðeins 5 árum eftir stofnun LS, voru smábátarnir orðnir um 2000. Þeim hafði því fjölgað um meira en helming. Vart þarf að taka fram að þetta voru að uppistöðu hraðfiskibátar með margfalda yfirferð fyrirrennara sinna.

Við bættist þróunarvinna snjallra bræðra frá Akureyri, Davíðs og Níelsar Gíslasona, á smíði tölvustýrðrar handfæravindu (DNG). Það er haft fyrir satt að þegar öldungur einn, norðlenski en Norðurljóllinn, sá þetta galdraverkfæri vinna, hafi tár læðst í augnkróka. Hendur hans voru samanknúttar og ónýtar eftir áratuga skak og drátt á höndum.



**SÍÐLA ÁRS 1987** voru mikil átök á Alþingi um kvótafrumvarp sjávarútvegsráðherra og langmest um málefni smábátautgerðarinnar. Landssamband smábátageinda náði mörgu af því fram sem að var stefnt og ekki var ráðherrann þar sáttur. Hinn 8. febrúar 1988 birtist þessi teikning eftir Sigmund í Morgunblaðinu. Hún er mjög táknræn fyrir það sem á gekk.

Tölvuvindur voru raunar þegar komnar til sögunnar mun fyrr. Árið 1972 kom fyrsta tölvustýrða vindan fram á sjónarsviðið frá Belitronic í Svíþjóð og hún er, rétt eins og DNG vindan, í framleiðslu enn í dag og prýðir marga borðstokka, íslenska sem og annars staðar.

En því fór fjarri að í hönd færðu náðugir dagar eftir stofnun félagsins. „Stóra reglugerðin“ gildi að sjálfsögðu ekki til frambúðar og í hönd fóru feikileg átök um svokallað „kvótafrumvarp“ sjávarútvegsráðherra, meðal hagsmunasamtaka í sjávarútveginum, á Alþingi og í almennri umræðu í fjölmiðlum. Á þessum tíma var samstaða trillukarla með ólíkindum. Enda náði félagið árangri sem er ef grannt er skoðað frá núverandi sjónarhóli, lyginni líkastur. Mikið frjálsræði náðist fyrir smábátaveiðar, jafnvel netaveiðar voru ekki takmarkaðar nema yfir vetrarvertíðina.





Á úmsu gekk í samskiptum LS og sjávarútvegsráðherra og þau einkenndust ekki alltaf af kærleikum. Um miðjan desember 1987 birti LS heilsíðu auglýsingu í Morgunblaðinu undir yfirskriftinni „Ráðuneyti afruglað“ og þar var verið að vísa til útsendingartækni Stöðvar 2 sem þá var nýkomin í loftið. Ráðherra var lítið skemmt og svo fór að hann neitaði að eiga nokkur samskipti við LS um þó nokkurt skeið nema skrifleg.

Þótt það skipti engu í stóra samhenginu, geta örsögur haft ákveðið skemmtigildi. Trillukarlar voru engar liðleskjur við að smíða tröllasögur



**EINHVERJIR DIMMUSTU DAGAR** smábátaútgerðarinnar voru ó árabílinu 1991-1995. M.a. var stofnaður Þróunarsjóður sjávarútvegsins sem keypti skip og báta út úr veiðunum. Þessi mynd birtist á baksíðu Morgunblaðins ó sjálfum aðfangadegi jóla árið 1991 og sýnir nýlegan trefjaplastbát muldan meðlunu smærri undir vökulum augum Siglingamálastofnunar. Ekki mátti einu sinni gefa bátinn til þróunarverkefna og hvað þá nota hann til einhverra annarra verkefna. Hættan á því að þessir bátar myndu útrýma þorsstofninum var greinilega mikil í augum ráðamanna.

af framgöngu eigin forystumanna í sjávarútvegsráðuneytinu en þar dvöldu þeir vissulega löngum stundum. Ein sagan var sú að sá sem þetta ritar, hafi misst með öllu vald á skapi sínu á einum fundinum með ráðuneytismönnum og tekið stól og brotið hann í mál á fundarborðinu. - Þó svo bréfritari gangist auðmjúklega við því að vera ekki með öllu skaplaus, þá gerðist þetta aldrei! - Hitt er svo annað mál að ég braut eitt sinn stól í ráðuneytinu. Ástæðan var allt önnur: stólgarmurinn lagði einfaldlega upp laupana vegna þess hversu blýþungur maðurinn var orðinn.

Stuðningur við málstað trillukarla var mikill meðal almennings og þá áttu þeir fjöldann allan af haukum í horni inn á Alþingi sem þá var deildaskipt í efri og neðri deild. Sá fáheyrði atburður í sögu Alþingis gerðist varðandi kvótafrumvarpið; eftir að neðri deild hafði samþykkt það, var það fellt í efri deild og því vísað aftur í neðra. Lærðir menn tjáðu okkur, forystumönnum LS, að þeir vissu engin dæmi um slíka málsmeðferð. Nokkrir þingmenn lögðust í málþóf fyrir trillukarla og þá er verið að tala um alvörumálþóf. Klukkustundum saman, hver á fætur öðrum, röðuðu þeir sér í pontu og gott ef einn þeirra var ekki með Biblíuna við hendina til þess að geta lesið hana í ríkk sem tilvitnun.

## Ekki nóg að leyfa bátana – þeir þurfa að geta veitt

LS gerði þá eðlilegu kröfu á hendur stjórnvalda úr því að bátunum hefði verið leyft að fjölga að þá yrðu þeir líka að geta veitt. Oftast nær var á brattann að sækja í þeim efnum en á því voru þó undantekningar.

Á árunum fyrir 1990 voru eilífar hræringar í veiðikerfi smábátanna en nú bættist við þáttur sem hafði ómældar afleiðingar: niðurskurður veiðiheimilda í þorski.

Svo rammt kvað þar að, að þeir smábátaeigendur sem verst fóru út úr þessum meintu „verndunaraðgerðum,“ sátu uppi með 27% af þeim veiðiheimildum sem þeir höfðu verið með örfáum árum fyrr. Þetta himinhrópandi óréttlæti var síðan glasserað með því að auka veiðiheimildir á nokkrum öðrum tegundum - (útskýring

### Sjávarútvegsráðherra um ágreining um frumvarp um fiskveiðistjórnun

# Ekki kostur á að leggja frumvarpið fram núna

### Umhverfisráðherra hótaði afsögn á ríkisstjórnarfundi grundvallaratriðin, þá getur útfærala þessara reglna haft mismun

**ÞAD VAR HEITT Í KOLUNUM** á þessum árum og 1993 gekk þáverandi umhverfisráðherra, Össur Skarphéðinsson, svo langt að hóta afsögn vegna frumvarps sem sjávarútvegsráðherra kynnti ríkisstjórninni. Ekki varð af afsögninni, en slík uppákoma er einsdæmi í Íslenskrí stjórn málasögu.

Össur Skarphéðinsson, þáverandi umhverfisráðherra, hótaði afsögn á ríkisstjórnarfundi um frumvarp um fiskveiðistjórnun.

stjórnvalda: til þess að lina sársaukann af niðurskurðinum í þorkinum).

Gallinn var bara sá að smábátaeigendur voru flestir hverjir á þessum tíma með sáralitlar og oftast engar heimildir í öðru en þorski. Aðgerðin sem stjórnvöld voguðu sér að kalla „flatan niðurskurð“ á alla, stóra jafnt sem smáa, var ekki flatari en svo að dæmi voru um að einstaka togarar fengu aukningu í þorskígildum talið.

Hvort sem það var góð hugmynd á sínum tíma af hendi LS að leggja til við sjávarútvegsráðherra að setja girðingu utan um fjölda smábáta, skal ósagt látið en um 1990 var stjórnvöldum greinilega nóg boðið í þeim efnum og töldu ekki seinna vænna en að grípa í taumana. Það ár voru samþykkt lög frá Alþingi sem er skýrasta dæmið sem mér er kunnugt um, sem víti til varnaðar en í þeim lögum var smábátum og stærri skipum hrært saman í eitt veiðikerfi.

Slíkt stórslys gerðist árið 1990 og hér á Íslandi af öllum löndum og því öllu Íslendingar sem allt vissu og kunnu um sjávarútvegsból. Í landinu sem hikar ekki við að senda fulltrúa í sínu nafni til fiskveiðiþjóða hvarvetna í veröldinni til þess að breiða út þann boðskap að Íslendingar, örbjóðin við endimörk Golfstraumsins, hafi smíðað lykilinn og þar með lausnina fyrir jarðarbúa á því hvernig nýta beri auðlindir hafsins.

Með lögunum, 38/1990, var öllum smábátum stærri en 6 tonn skipað inn í kvótakerfið með stóru fyrirtækjunum ásamt þeim sem svo kusu og áttu báta undir 6 tonnum. Samtals urðu

þetta 1043 bátar. Á aðeins 44 mánuðum sem nú fóru í hönd, keyptu stórfyrirtækin um það bil 700 smábáta og færðu aflaheimildir þeirra yfir á togara og stærri skip.

Rúsínan í pylsuendanum var svo sú að tonninn sem hurfu úr smábátaflotanum með úreldingunni, voru nýtt til þess að stækka stóru skipin.

### Erfiðir tímar

Þetta voru myrkir tímar í sögu LS. Margir hafa þurt hvers vegna menn voru svona „auðkeyptir.“ Því er auðvelt að svara: Hinn heiftarlegi niðurskurður veiðiheimilda hafði gengið svo nærri mönnum og úrræðin voru fá og jafnvel engin fyrir marga.

En hringlandahátturinn með smábátana var síður en svo afstaðinn. Við tók banndagakerfi, síðan róðradagakerfi, svo aflahámark en aldrei sást glytta í framtíð sem hægt væri að reiða sig á. Haft var að orði að lágmarksmenntun til þess að skilja fiskveiðilöggjöfina til hlítar, væri doktorsgráða í kjarneðlisfræði.

Á árunum 1991 til 1995 stóðu yfir einhver mestu átök í sögu félagsins. Oft hefur verið tekist hraustlega á um málefni smábátaútgerðarinnar í pólitíkinni en þau átök náðu trúlega hámarki á þessu tímabili. Sem dæmi má nefna að það bar til tíðina haustið 1993 að þáverandi umhverfisráðherra, Össur Skarphéðinsson, hótaði að segja af sér ef ganga ætti í skrokk á trillukörlum eins og frumvarp Þorsteins Pálssonar sjávarútvegsráðherra gerði ráð fyrir. - Sjálf ríkisstjórnin



**FJÖLDI SMÁBÁTA** safnaðist á Ytri höfnina hinn 12. júní 1995 fyrir framan sjávarútvegsráðuneytið og kveiktu þar á neyðarblýsum og skutu nokkrum að auki. Þykkan reykt lagði yfir svæðið eins og sjá má. Minni myndin er af Austurvelli og næstur myndavélinni stendur forsætisráðherrann, Davíð Oddsson. Það er sjaldan langt í eitthvað óvanelegt og skemmtilegt þegar hann er annars vegar og þarna hefur hann uppi tilburði við að bera út Moggann. Ætli hann hafi grunað þá hvar hann yrði staddur í dag?

lá að öllum líkindum undir. - Þessi kafli í sögu LS er svo margslunginn að ekki er nokkur leið að gera grein fyrir honum í stuttu máli. Ég sem þetta skrifa, á fjölda minningarbrota frá þessum tíma sem oftast en ekki falla heldur báglega að viðteknum hugmyndum um góð samskipti eða góða stjórnsýsluhætti.



**DAVÍÐ ODDSSON** fyrir framan mannfjöldann á Austurvelli. Nokkur hundruð manns voru þar samankomnir og létu vel í sér heyra. Allt fór þó friðsamlega fram, enda hefur, þrátt fyrir tilþrifamiklar aðgerðir til að vekja athygli á málstað trillukarla, orðsins brandur verið meginvopn þeirra.

## Ótrúleg heift

Um mitt ár 1994 var stofnaður Þróunarsjóður sjávarútvegsins sem gegndi því hlutverki að kaupa báta og skip út úr fiskveiðunum. Þar gilti einu hvort smæstu trillur áttu í hlut eða stærstu togarar. Inn í löggjöfina um þessi myrkraverk var sett skilyrði þess efnis að ekki mætti með neinum hætti nýta hina úreltu smábáta til annarra verka en þeir höfðu áður gegnt. Myndin sem fylgir þessari grein, sýnir heiftina sem LS glímdi við. Bátinn mátti ekki einu sinni gefa til þróunarverkefna erlendis og ekki dugði annað en að eyðileggja hann undir opinberu eftirliti.

Hér hefur ekki verið vikið að afskiptum annarra hagsmunasamtaka en þau voru ekki af skornum skammti. Það er til dæmis fróðlegt að skoða yfirlýsingar LÍÚ frá þessum áttatímum. Þeim var ekkert launungarmál að hlut smábátaútgerðarinnar ætti að skerða stórlega og hlutur hennar ætti að vera sem minnstur. Oftast en einu sinni var það lagt til á aðalfundi LÍÚ að smábátaflotann ætti að nýta í áramótabrennur landsmanna. - Að hluta til varð þeim að ósk sinni.

Yfirleitt var á stjórnvöldum að skilja að stærsta vandamálið í sjávarútveginum væri smábátaútgerðin. Í allri umfjöllun um sjávarútvegsmálin stóðu mállefni hennar iðulega uppúr, jafnvel á

tm.is/sjavarutvegur



# Sjómenn, til hamingju!

Saga TM er samofin sögu sjávarútvegs á Íslandi. Við erum stolt af því að hafa komið að uppbyggingu og viðhaldi öflugrar útgerðar við Ísland frá stofnun fyrirtækisins.

Til hamingju með daginn sjómenn, njótið hans.



Tryggingamiðstöðin Síðumúla 24 Sími 515 2000 tm@tm.is tm.is



**MYNDIN SÝNIR ÞEGAR BÁTARNIR** streymdu inn til hafnar hinn 12. júní 1995. Þarna eru fiskihraðbátarnir orðnir allsráðandi. Eins og sést á myndinni var Landhelgisgæslan ekki langt undan, en eins og 10 árum áður, lét hún kyrrt liggja.

**ÁRIÐ ER 2001** og dagurinn 20. maí. Fjöldi leyfilegra sóknardaga var kominn niður úr öllu valdi og stefndi að óbreyttu áfram niður. Neyðarblys voru tendruð á nýjan leik og svo merkilega vildi til að skyndilega lagðist hægur vindur í bak blysberanna, þannig að reykurinn barst að Alþingishúsinu og inn í það. Haft var á orði að veðurguðirnir vildu svæla útúr húsinu.

tímum þegar stórmál voru uppi eins og þegar Smugudeilan fræga stóð yfir.

Á árinu 1995 sauð síðan rækilega uppúr. Hinn 12. júní það ár stóð LS fyrir myndrænustu aðgerðum í sögu félagsins. Á Ytri höfninni í Reykjavík, beint fyrir framan sjávarútvegsráðuneytið, söfnuðust saman hátt í 50 smábátar, aðallega hraðfiskibátar af Suðurnesjum. Þar kveiktu menn á neyðarblysum og sú saga hefur verið höfð í flimtingum að nokkrum þeirra hafi „óvart“ verið dúndrað í átt að skrifstofuglugga sjávarútvegsráðherrans. Af kvikindisskap hefur því jafnframt verið haldið fram að hæstvirtur hafi tekið rösklega til fótanna út um bakdyr ráðuneytisins, þegar reykþokan frá blysunum var orðinn allþykk þar innan dyra.

Í kjölfarið stormuðu smábátæigendur á Austurvöll og þar bættist heldur betur í hópinn. Sex flugvélar frá Vestfjörðum, fullar af brúnaþungum skökurum og línukörlum, sáu fyrir því. Austurvöllur var þéttstaðinn þar sem að auki bættist mikill fjöldi fólks í hópinn og studdi smábátæigendur. Davíð Oddsson var þá forsætisráðherra og hann, ásamt mörgum þingmönnum, kom út úr Alþingishúsinu og ræddi við menn. Davíð tók við áskorun frá LS en það er óneitanlega skondið að á mynd af þessum

atburði, heldur hann á Morgunblaðinu í útréttri hægri hendi. Spámiðlar hafa sjálfsagt getað greint úr þessari sviðsetningu dulræn skilaboð um framtíð þáverandi forsætisráðherra.

Hvernig úr þessum málum spannst, var hins vegar verulegt áfall fyrir LS. Kvótasetning varð með engu móti umflúin. Alls kyns loforð út og suður gufuðu hraðar upp en blágóma á sólarströnd. Eini kosturinn sem menn höfðu, var að gera eins gott úr málinu og hægt var og hvort sem félaginu líkaði betur eða verr, var niðurstaðan ekki með öllu slæm.

Þrátt fyrir mikla óánægju meðal smábátæigenda fóru þeir fljótlega að sjá sóknarfæri í stöðunni. Þar kom til sú aðgerð stjórnvalda sem hefur staðið fram til þessa dags, að aflahlutdeild stærsta hluta smábátaflotans í þorski var hlutdeildartengd á meðan heildaraflaheimildir voru í algeru lágmarki. Að baki þessu stóð Þorsteinn Pálsson og ekki er úr vegi að gruna hann um að hafa séð það fyrir að þegar aflaheimildir færðu vaxandi, yrði aflahlutur smábátæigenda það myndarlegur að sljákka myndi verulega í óánægjuröddunum.

Hér skal tekinn smá útdúrdúr. Á skrifstofu LS er til koníaksfleygur sem sá sem þetta ritar og

framkvæmdastjórinn, Örn Pálsson, tæmdu að kvöld þess dags þegar ljóst var að þessi hlutdeildartenging yrði framkvæmd. Þótt félagið hafi barist gegn kvótasetningunni, voru menn ekki svo galnir að átta sig ekki á því hvað var í húsi þegar upp var staðið. Fleygurinn var skýrður fimm-milljarða fleygurinn og ekki að ósekju ef grannt er skoðað.

Árin eftir 1995 voru flestir smábátanna að vinna í svokölluðu aflahámarki sem þýddi að þeir voru með kvóta í þorski en frjálsræði í öðrum tegundum. Það er mál margra að þetta hafi verið gott kerfi og smábátaflotanum hagstætt til aðlögunar.

En sú sæla varð þó skammvinn. Á árinu 1998 var kveðinn upp dómur í Hæstarétti í svokölluðu kvótamáli en betur þekktur sem Valdimarsdómur. Ekki skal dregið í efa að málsækjanda gekk ekkert illt til gagnvart smábátaútgerðinni. Niðurstaða Hæstaréttar hafði engu að síður hrikalegar afleiðingar fyrir hana. Stjórnvöld nýttu kærkomið tækifæri og afnámu aflahámarkskerfið.

Ekki voru þó allir smábátar í aflahámarkinu og hlutur þeirra var rýr. Árið 1996 tókst LS að ná samningum við sjávarútvegsráðherra um

sóknardagakerfi þeim til handa og á fyrsta fiskveiðiarinu (1996/1997) voru sóknardagarnir 84. En gallinn á gjöf Njarðar var hins vegar sá að inn í kerfið voru sett, þvert á kröfur LS, ákvæði sem skráfaði sjálfkrafa niður sóknardagafjöldann. Ráðuneytinu var ekki haggð hvað þetta varðaði. Árið 2001 var svo komið að fjöldi leyfilegra róðrardaga var 21 og stefndi áfram niður. Eftir á að hyggja, hlýtur það að vera rannsóknarefni fyrir hagfræðinga og



**BÁTURINN Á MYNDINI** fékk viðeigandi nafn; Ögn. Þessi smíði sýnir ágætlega hvers konar öngstræti menn voru komnir í vegna stöðugt færri sóknardaga. Með því að úrelða bát var hægt að smíða tvo í staðinn. Þessi bátur var afsprengrinn þessara dæmalausa laga og reglna.

hagspekinga yfirleitt hvernig þessi atvinnugrein gat lifað af við svo þröngar aðstæður. Myndi einhver atvinnugrein nú treysta sér til þess að hafa leyfi til rekstrar í 21 dag á ársgrundvelli - og halda haus?

Hinn 20. maí 2001 söfnuðust smábátæigendur saman á Austurvelli til þess að mótmæla fyrirkomulaginu. Þar stilltu sér upp fyrir framan Alþingishúsið 21 trillukarl og kveiktu samtímis á jafn mörgum neyðarblysum, talan táknað fyrir sóknardagafjöldann. Fyrir þennan atburð hafði LS mánuðum saman staðið í samninga- viðræðum við þáverandi sjávarútvegsráðherra, Árna Mathiesen. Ítrekaðar yfirlýsingar hans á þeim fundum um eigin vilja til þess að bjarga sóknardagakerfinu, héldu við vonarneista að sá væri hinn raunverulegi vilji.

Þetta mál reyndi líka á innviði LS. Stór hópur félagsmanna taldi ekki nóg að gert og fékk til liðs við sig hæstaréttarlögmann til þess að kanna hvort fara ætti í mál við sjávarútvegsráðherra vegna brota á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Þegar upp var staðið, lagði ráðherrann hins vegar fram frumvarp sem gekk í þveröfuga átt. Samkvæmt hefð var það gert á síðustu starfsdögum þingsins, í maí 2004, og tóku lögin gildi þann 1. september sama ár. Með frumvarpinu sem þar með var orðið að lögum, var þessum bátum skipað inn í krókaaflamarkskerfi smábátanna. Þessi gjörningur ráðherrans markaði þau tímamót að í fyrsta skipti frá því barátta félagsins hófst fyrir sem mestu frelsi smábátflotans til veiða, var hann nú allur kominn í eitt veiðikerfi. Það eina sem út af stóð – og stendur enn – voru grásleppuveiðarnar.

### Línuviltun Guðmundardóttir

Árið 2004 gerðist svo annar merkilegur atburður í sögu félagsins. Í febrúar þetta ár gekk í gildi svokölluð línuviltun sem gerði það að verkum að þeir sem uppfylltu ákveðin skilyrði við línuveiðar, fengu minna frádrag af aflaheimildum en ella. Línuviltunin er Guðmundardóttir, Halldórssonar, en að öllum öðrum ólöstuðum, á kempan sú úr Bolungarvík stærsta heiðurinn af

# VÉLASALAN

Til sjávar og sveita í 75 ár

Áratuga reynsla starfsmanna Vélasölnnar og fjölbreytt vöruúrval, gerir Vélasölnuna að einu öflugasta þjónustufyrirtæki við sjávarútveg og iðnað á Íslandi.



## Gleðilegan sjómanna dag

Framlag sjómanna og íslenskur sjávarútvegur skiptir okkur miklu máli. Við óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra um land allt til hamingju með daginn.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



VÉLASALAN

Dugguvogi 4  
104 Reykjavík  
Sími, 520 0000  
www.velasalan.is



**MYNDIN TIL VINSTRI VAR TEKIN 1996** í Ólafsvík og sú til hægri fyrir nokkrum dögum á sama stað. Smábátum hefur fækkað mikið frá því mest var og spurningin sem vaknar er sú hvort sé lífvænlegra, hálfótóm höfnin eða smekkuð af öflugum smábátum. Eina vörnin þessi misserin er strandveiðarnar. Þá fyllast margar þessara hafna af strandveiðibátum og líf og fjör færast í mannlífið.



**MYND:** Magnús Þór Hafsteinsson

Þessu lagaákvæði. Á árunum frá því að línuívilnun gekk í gildi, hefur smábátalotinn samtals notið hennar í formi aflaheimilda upp á tæplega 51 þúsund tonn af bolfiski. - Og það munar um minna.

Það sem bjargaði því að slysið frá árinu 1990 endurtæki sig ekki, var að LS tókst að semja um „eldvegg“ varðandi tilfærslu veiðiheimilda úr smábátakerfinu yfir til stærri skipa. Raunar tókst um það samkomulag að smábátarnir mættu færa til sín veiðiheimildir niður í „litla“ kerfið. En eins og nærri má geta, hrundi hlutfall handfæraveiðanna í heildarþorskafli og aðeins ári síðar var það fallið úr 6,7% í 3,4%.

Baráttu LS fyrir frelsi til handfæraveiða var þó engan veginn lokið. Aðalfundur LS ályktuðu að jafnaði á færifandi um frjálssar handfæraveiðar. Í því sambandi er nauðsynlegt að nefna svokallaðan Vatneyrardóm sem kveðinn var upp í Hæstarétti árið 2000 og rekur tilurð sína til þess að fyrir vestan var bátnum, Vatneyri, róið til fiskjar, reyndar ekki á handfæri, en án aflaheimilda. Með því vildi eigandinn láta reyna á þann þátt fiskveiðilaganna að hann gæti ekki fengið úthlutað veiðiheimildum og það færi í bága við jafnræðisregluna. Eftir að málið hafði þvælst um íslenska dómkerfið endaði það fyrir

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna. Árið 2007 ályktaði nefndin eiganda bátsins í vil og krafði íslenska ríkið um úrbætur á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Enginn vafi leikur á að niðurstaða Mannréttindanefndarinnar átti sinn þátt í því að strandveiðikerfið var sett á laggirnar.

Annað og mjög svipað mál endaði einnig fyrir Mannréttindanefndinni, svokallaður Fagrámdómur, og þar komst nefndin að sömu niðurstöðu. Eftir bréfaskipti stjórnvalda og nefndarinnar lauk hún málinu af sinni hálfu með bréfi til sjávarútvegsráðherra þar sem hún tilkynnti að afskiptum hennar væri þar með lokið – í ljósi betrumbóta sem nú stæði til að gera á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

## Strandveiðar – eins og þruma úr heiðskíru lofti

Næstu ár liðu án stóratburða og tæpast átti nokkur von á markverðum tíðindum. Rétt er þó að geta þess að árið 2007 var leyfilegur þorskafli skorinn niður í 130 þúsund tonn. Uppbygging stofnsins var eitthvað að láta standa á sér – svo ekki sé fastar að orði kveðið.

En lengi skal maðinn reyna: Í október 2008 hrundi íslenska fjármálakerfið með afleiðingum

sem enn er ekki séð fyrir endann á. Hrundið leiddi til valda ríkisstjórn sem hafði uppi stór áform um breytingar á fiskveiðikerfinu.

Lítið varð þó úr þeim áformum og því kom það eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar þáverandi sjávarútvegsráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, kynnti um miðjan apríl 2009 fyrirætlanir sínar um strandveiðar handfærabáta. Því kerfi var svo hrundið af stokkunum sama ár með bráða-birgðaákvæði í lögum. Það kom svo í hlut Jóns Bjarnasonar, í hans tíð sem sjávarútvegsráðherra, að koma strandveiðikerfinu inn í fiskveiðilöggjöfina. Með þessu voru stjórnvöld að bregðast við niðurstöðu Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna og jafnframt að framkvæma vilja ráðherra ef túlka má málflutning Steingríms J. Sigfússonar nokkrum árum fyrr á þann veg að hann hafi samt sem áður viljað sjá slíkt kerfi í framkvæmd, óháð ályktun nefndar Sp. Þá fór vilji Jón Bjarnasonar ekki á milli mála hvað þetta varðaði.

Fyrir þá sem fylgst hafa með baráttunni um veiðirétt smábátaeigenda, kemur söngurinn lítið á óvart sem andstæðingar slíks fyrirkomulags hafa löngum kyrjað og kyrja enn. Gamlir slagarar eru settir í spilarann sem hljóma eins og rispaðar vinylplötur. Þótt strandveiðikerfið

hafi ýmsa vankanta, er staðreyndin samt sem áður sú að það hefur hleypt lífi í fjölmargar sjávarbyggðir hringinn í kringum landið yfir sumartímann og jafnframt hefur það viðhaldið dýrustu ferskflakamörkuðum Íslendinga. - Þarf þá frekari vitna við um ágæti þess?

## Grundvallarbreyting í smábátaútgerð

Það er til marks um byltinguna sem átt hefur sér stað í smábátaútgerðinni að á árinu 2007 ritaði samninganefnd LS í fyrsta sinn undir kjarasamninga fyrir félagsmenn. Slíkir samningar höfðu verið til staðar í Bolungarvík og á Ísafirði ásamt því að til var svokallaður Hornafjarðarsamningur sem fjallaði um kjör við línuþeutingu. Þá hafði LS legið undir ámæli um nokkurra ára skeið vegna þess að ekki voru til staðar kjarasamningar fyrir smábátalotann. Og eins og við var að búast, slógu einhverjir sjálfa sig til riddara í pontu Alþingis með hnjóðsyrðum í garð félagsins.

Ástæðan fyrir þessu samningsleysi var á hinn bóginn afar auðskýranleg. Hið hefðbundna útgerðarform smábátanna felur í sér einmenningssjósókn og því tæpast þörf á að menn semji við sjálfa sig. Þetta fyrirkomulag var hins vegar



**KAVKA KAVÍARINN** sem LS á heiðurinn að sé til var fyrst kynntur á sjávarútvegssýningunni í Boston árið 1994 og þá undir heitinu „Sea Hen Tobiuonoko“. Þetta átti að höfða til þeirrar staðreyndar að hann er nánast nákvæmlega eins á bragðið og japanskur flugfiskakavíar, sem notaður er í miklu magni á sushi stöðum vítt og breitt um heiminn. Enn sem komið er hefur þó allt komið fyrir lítið. Það er framkvæmdastjóri LS sem vandar sig mjög við að halda á glasinu, enda mikið dúrmæti í því.

að breytast og félagið brást að sjálfsögðu við því – en það tók tímann sinn. Nú þegar hefur reynt á það fyrir dómsstólum hvort þessi samningur standist. Sú var eindregin niðurstaða réttarins.

## Smábátar?

Árið 2013 ákvað sjávarútvegsráðherra – þvert á vilja LS - að gera grundvallarbreytingu á skilgreiningu laga á því hvað teljast smábátar. Til fjölda ára voru mörkin dregin við 15 tonn. Þegar sú skilgreining gekk í gildi, voru það reyndar hrein og klár svik við félagið sem hafði orð þáverandi ráðherra fyrir því að svo langt yrði ekki gengið. En pólitísk loforð virðast jafnan léttvæg. Nú fór það svo að núverandi sjávarútvegsráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, breytti með einu pennastriki hinni lagalegu skilgreiningu í 15 metra og 30 tonn.

Þessi breyting var gerð gegn eindregnum ályktunum aðalfundar LS sem og langflestra svæðisfélaganna. Andstaða manna hafði ekkert með það að gera að þeir hefðu á móti því að smíðaðir væru bátar af þessari stærðargráðu. Andstaðan var vegna þess að veiðheimildirnar sem um ræddi, voru í krókaafلامarki. LS hélt því fram að ekki myndi líða langur tími þar til kröfur um sameiningu krókaafلامarsskerfisins og aflamarkskerfis stórskipafлотans kæmu fram

ásamt kröfu um að netaveiðar yrðu leyfðar á þessum bátum. Þetta hefur allt ræst og mun fyrr en jafnvel svartsýnustu menn óttuðust. Með þessari breytingu eru mörkin milli minni og stærri útgerða gerð mun óskýrari. Sérstöðu smábátafлотans er þar með teft í tvísýnu.

## Umhverfið er gjörbreytt á flestum sviðum

Staðan sem smábátafлотinn býr við nú, á lítið skylt með þeirri sem uppi var þegar baráttan hófst árið 1985. Veiðheimildir hans hafa nánast tífaldast frá því að 8.300 tonna reglugerðin var gefin út, og þrátt fyrir að þorskurinn sé enn mikilvægasta tegundin, veiðir smábátafлотinn í dag stóran hlut af úsunnni og enn stærri hluta af steinbítum. Þessi umbreyting er einsdæmi. Hvergi í heiminum er að finna sambærileg umskipti á innbyrðis veiðihlutföllum hjá fiskiskipafлотanum. Þeir smábátæigendur sem nú sitja að ríflegum aflaheimildum, gera sér margir hverjir litla grein fyrir því hvaða forsaga liggur þar að baki. Það hefur því verið nóturlagt að horfa upp á hvernig einstaka aðilar kjósa að þakka félaginu, LS, fyrir sig.

Nú hafa nokkrir mjög stórir handhafar í krókaafلامarkinu yfirgefið félagið með þeim orðum að þeir eigi ekki lengur samleið með því. Sú röksemdafærsla er vægast sagt ósmekkleig í ljósi þess sem hér hefur verið rakið, auk þess sem sumir þeirra sjá ekkert að því að gera út á línuvildun sem á hvergi rætur sínar að rekja nema í baráttu félagsins fyrir auknum veiðirétti smábátáutgerðarinnar. Samleið þessara aðila náði sem sé ekki lengra en fram að þeim tímapunkti þegar þeim þótti ljóst að ekki væri hægt að hafa meira gott af félaginu, Landssambandi smábátæigenda.

Það væri að setja kíkinn fyrir blinda augað, að horfa framhjá þeirri staðreynd að samstaðan innan félagsins hefur ekki alltaf verið til fyrirmyndar. Þannig hefur það gerst, oftar en einu sinni á ögurstundu, að litlir hópar innan félagsins hafa talið sínum hagsmunum betur borgið í eigin höndum. Þessi undanhlauð hafa stundum hentað stjórnvöldum sem hafa þá tekið viðkomandi upp á sína arma. En í öllum slíkum tilfellum hefur niðurstaðan unnið gegn heildarhagsmunum smábátáutgerðarinnar.

## Öryggis- og tryggingamál

Þegar félagið var stofnað voru flestir mála-flokkar, meðal annars á sviði félagsmála, öryggis- og gæðamála sem og á sviði tryggingamála, í miklum ólestri. Smábátæigendur gátu ekki fengið atvinnuleysisbætur, þeir voru útilokaðir frá Fiskveiðasjóði varðandi lántökur og einnig útskúfaðir úr gamla sjóðakerfi sjávarútvegsins að mestu. Flestir þeirra reru ótryggðir og það gildi bæði um báta og menn. Og svo mætti lengi telja.

Það er í eðli trillukarla/smábátæigenda að bölvva, og það hraustlega, öllum kerfum og frelsishöftum. Það dylst þó ekki jafnvel hörðustu sægörpum sem staldra við og gá, að þessir mála-flokkar eru flestir komnir í nokkuð gott horf og sumir jafnvel orðnir til hreinnar fyrirmyndar. Sem dæmi skal bent á þá þróun sem orðið hefur á slysatíðni hjá smábátafлотanum síðastliðna þrjú áratugi sem einmitt eru hér til umfjöllunar.

Dauðaslys eru orðin svo fátíð að þau heyra til algjörra undantekninga. Lendi bátar í hrakningum eða strandi nú til dags, eru fjarskipta- og staðsetningartæki til staðar sem gera það að verkum að aðstoðar er að vænta innan ótrúlega skamms tíma. Hvað þetta varðar er óhætt að fullyrða að í þessum efnum hafa íslenskir smábátæigendur skipað sér á fremsta bekk á heimsvísu. Ekki þarf annað en að líta til nágrannabjóðanna til þess að átta sig á þessum einstæða árangri.

Það sýnir ágætlega þá gríðarlegu breytingu sem átt hefur sér stað í þessum efnum að um miðjan ágúst árið 1995 höfðu 10 smábátar þegar farist á árinu og 7 bátar sokkið í höfnum. Til allrar hamingju fórst enginn í þessum slysum en hin sögulega staðreynd hljómar samt sem áður allt að því fáránlega í dag.

Fljótlega eftir að LS var stofnað voru gerðar nokkrar tilraunir til þess að efna til hópútboða um tryggingar á smábátum. Þessar tilraunir skiluðu lengi vel ekki árangri. En það var svo í ársbyrjun 1997 að félagið gerði samning við Alþjóðlega miðlun sem var umboðsaðili COX Forsäkringar í Svíþjóð. Í kjölfarið komst rót á tryggingamálin almennt sem leiddi til þeirrar samkeppni sem nú

ríkir á þessum markaði og er það mikið fagnaðarefni. Samningurinn er enn í gildi og er hann í vörslu tryggingafélagsins Varðar.

Staða tryggingamálanna var í algjörum ólestri þegar félagið var stofnað árið 1985. Stór hluti manna var ótryggður sem og bátarnir. Árið 1987 náði LS samningi við TM - (Tryggingarmiðstöðina) - sem gerði það að verkum að allir menn voru tryggðir um leið og þeir létu úr höfn, hvort sem þeir höfðu landað afla eða ekki. Þessi samningur reyndist gæfuspor. Hinn 18. mars 1993 brast fyrirvaralaust á hrikalegt illviðri við S-V land og í Faxaflóa. Nokkrir smábátar frá Akranesi voru að veiðum og freistuðu þess að ná heimahöfn. Tveir þeirra fórust og þrír menn með þeim. Það var þó huggun harmi gegn að þar kom samningurinn að góðum notum.

## Markaðsmál

LS hefur nokkrum sinnum komið að markaðsmálum og þá sérstaklega varðandi grásleppuhrogn. Sveiflur í verði grásleppuafurða hafa verið miklar í gegnum tíðina og mörgum þykir lítill sómi að því hversu ódýr neysluvara grásleppukavíarinn er. Árið 1993 réðst félagið ásamt samstarfsaðilum í verkefni sem miðaði að því að auka til muna verðmæti hrognanna – gera úr þeim nýja og gómsæta afurð. Það tókst en örlög Kavka kavíarsins, eins og hann nefnist, eru samt þau að enn hefur Kavka ekki orðið að alvöru framleiðsluvöru. Nánast undantekningalaust eru samt þeir sem smakka kavíarinn, sammála um að Kavka sé hnossgæti.

Árið 2009 hófst útflutningur á frystri grásleppu til Kína og var þar á ferðinni fyrirtækið Triton með LS í samstarfi. Sá (ó)siður hafði verið landlægur frá upphafi atvinnuveiða á grásleppu að skrokknum var fleygt fyrir borð. Þar kom að þetta var bannað og þar með var mjög knújandi að finna markað fyrir fiskinn. Þetta tókst og í dag er engri grásleppu fleygt í hafið.

Árið 2008 hófst samstarfsverkefni LS við BioPol á Skagaströnd, Veiðimálastofnun og við Háskólann á Akureyri um rannsóknir á grásleppu, til dæmis með merkingum. Þetta verkefni hefur skilað stórmerkilegum upplýsingum um þá gráu og í ljós hefur komið að



**ALÞJÓÐASAMTÖK STRANDVEIÐIMANNA OG FISKVERKAFÓLKS** voru stofnuð í Nýju-Dheli á Indlandi 21. nóvember 1997. Myndin er frá einum af fjölmörgum samkomum sem efnt var til af því tilefni, í þessu tilfelli rétt við ströndina í Mumbai (Bombay).

hvorki vísindamenn eða fiskimenn vissu úkjá mikið um göngumynstur hennar sem og fleira.

Hér yrði allt of langt mál að telja upp hin ýmsu verkefni sem félagið hefur staðið að. En eins og fyrr segir – söguna þarf að færa til bókar.

## Alþjóðastarf

Það voru ekki liðin mörg ár frá því félagið var stofnað þar til farið var að vinna að því að víkka sjóndeildarhringinn. Árið 1989 var stofnað til alþjóðlegra fundarhalda um grásleppuveiðar. Þetta framtak verður að teljast athyglisvert. Eftir því sem næst verður komist, var þetta fyrsti vísir að alþjóðlegri samvinnu um einn tiltekinn fiskistofn sem nokkrar þjóðir stunda veiðar á. Túnfiskveiðimenn eru trúlega einu keppinautarnir á þessu sviði. Hinn alþjóðlegi fundur um grásleppumál gengur undir heitinu LUROMA (Lumpfish Roe Matters) og hefur verið haldinn á hverju ári, aðallega í Evrópu og árið 2012 var hann haldinn í Reykjavík. Til marks um mikilvægi LUROMA fundarins hafa þátttakendur frá allt að 13 þjóðum átt þar sæti.

Árið 1999 var stofnfundur Samtaka strandveiðimanna við Norður-Atlantshaf haldinn á skrifstofu LS í Reykjavík. Samtökin, ACFNA (Alliance of Coastal Fishers in the North Atlantic), sem þarna urðu til, hafa allar götur síðan haldið

reglubundinn ársfund. Þessi vettvangur hefur fyrst og fremst verið notaður til þess að skiptast á upplýsingum, sérstaklega um grásleppumál. Fimm þjóðir voru stofnfélagar, Noregur, Færeyjar, Ísland, Grænland og Nýfundnaland. Á LUROMA fundinn í Reykjavík mættu einnig fulltrúar frá Rússlandi og tóku jafnframt þátt í aðalfundi ACFNA og „gengu í klúbbinn.“ Þeir hafa, af óþekktum ástæðum, ekki sést síðan.

Árið 1997 var boðað til stofnfundar Alþjóðasamtaka strandveiðimanna og fiskverkafólks, í Nýju-Dheli á Indlandi (WFF – World Forum of Fish Harvesters and Fish Workers). LS var þar meðal 23 þátttökupjóða og hefur frá upphafi átt fulltrúa í stjórn og framkvæmdaráði. Undirritaður var forseti samtakanna á árabílinu 2004 til 2012 og mun sitja í stjórn og framkvæmdaráði WFF að minnsta kosti til ársins 2016.

Ef það getur talist snúið að stilla saman strengi í félagsskap á landsvísu, þá er það hreinn barnaleikur í samanburði við það að setja saman alþjóðleg samtök strandveiðimanna. Enda hefur gengið á ýmsu. Árið 2000 þegar kallað var til aðalfundar WFF í Loctudy í Frakklandi, klofnuðu samtökin og er klofningsfélagið starfandi enn í dag og nefnist WFFP, World Forum of Fisher People. Fyrstu árin á eftir flugu eitradar sendingar á milli beggja

vettvanga en það hefur gjörbreyst í árunna rás. Nú starfa samtökin hönd í hönd og fyrirséð að sá tími mun renna upp að þau fara að starfa undir einum hatti.

Ofan á ýmislegt annað lenti WFF í meiriháttar vandræðum með einstakling sem ráðinn var framkvæmdastjóri. Það tók langan tíma að snúa ofan af lygavefnum sem hann hafði spunnið um sig gagnvart þeim stofnunum og aðilum sem styrkt höfðu samtökin. En það tókst að lokum og við tók kona frá Uganda, Margaret Nagato. Hún hefur farið fyrir réttindasamtökum kvenna á strönd Uganda við Viktoríuvatn. Það er óhætt að fullyrða að Margaret er hvalreki fyrir WFF. Hún má ekki vamm sitt vita og er stórum fylgnari sér en gengur og gerist. Undir hennar stjórn hefur WFF átt í sífellt meira samstarfi við FAO, Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna og fleiri stofnanir. Það sem stendur upp úr varðandi þátttöku LS á erlendum vettvangi þegar frá er talin þátttöku í WFF, LUROMA og ACFNA, er hið alþjóðlega umhverfismerki smábátaútgerðarinnar, Artysanal. Um það hefur áður verið fjallað á þessum vettvangi.

## Af innri málum

Þegar Landssamband smábátaeigenda var stofnað, var verið að leggja niður gamla sjóðakerfi sjávarútvegsins. Við þessar breytingar var hagsmunasamtökum í sjávarútvegi markaður tekjustofn samkvæmt lögum. Enginn vafi leikur á því að þetta var mikil gæfa fyrir LS. Áður en til þessa kom, hafði verið gerð tilraun til þess að senda út giróseðla fyrir félagsgjaldi en heimturnar voru vægast sagt lélegar.

Fyrstu stjórn LS var samt sem áður fullljóst að félagið þyrfti að ráða starfsmann ef takast ætti að virkja það. Ég minnst þess vel þegar ég og Haraldur Jóhannsson, fyrsti varaformaður LS, sátum í þungum þönkum yfir þessu máli. Skyndilega mundi ég eftir gömlum vini mínum frá Akureyri sem hafði verið bekkjarfélagi minn í gagnfræðaskóla og var líka haldinn ódrepanði bíladellu en sú sótt hefur ekki runnið af okkur enn. Maðurinn var Örn Pálsson, sem eftir stutta umhugsun ákvað að slá til og þarf varla að taka fram að hann er enn framkvæmdastjóri félagsins.

Í upphafi skrifstofustarfsins var því heitið að gera LS ekki að „skrifstofubákni.“ Og það hefur tekist. Miðað við 30 ára starfsafmæli, er athyglisvert að einungis tvær skrifstofustúlkur hafa starfað fyrir félagið. Sú fyrri er Dóra Garðarsdóttir sem starfaði til ársins 1992 en árið 1990 var Oddbjörg Friðriksdóttir ráðin til starfa og er hún enn skrifstofustjóri. Félagið hefur haft skrifstofu á fjórum stöðum sem allir eru í 101 Reykjavík, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Fyrst var félagið til húsa á Skólavörðustíg 16, þá í Bankastræti 6 og síðan á Klapparstíg 25-27 þar til það loks flutti í eigið húsnæði að Hverfisgötu 105, árið 2004.

## 30 ár í ólgusjó

Af framansögðu má ljóst vera að undirfyrirsögn þessara skrifa er ekki valin af handahófi. LS hefur staðið í ströngu allt frá fyrsta degi og gerir enn. Því miður er það svo, hérlendis sem erlendis, að smábátaútgerð og stórútgerð greinir á, oft svo mjög, að vandséð er hvernig hægt sé úr að greiða. Spurningin sem félagasamtök á

# KLÁRIR Í BÁTANNA

## RAFGEYMAR OG HLEÐSLUTÆKI

Hleðslutæki

AGM þurrir eða lokaðir síru rafgeymar fyrir tæki og bátarúllur.

Óflugir start rafgeymar

Bildshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

borð við LS þurfa stöðugt að halda vakandi, er sú hvort verið sé að standa vörð um grunnildin sem baráttan byggist á. Í samþykktum félagsins segir orðrétt um tilgang félagsins:

„Tilgangur þess er að tryggja sameiginlega hagsmuni smábátæigenda á öllum sviðum, vera opinber málsvari þeirra og stuðla að framförum á sviði fiskveiða, vöruvöndunar, öryggis- og tryggingamála og annarra mála er þá varðar.“

Eðlilega hefur mest púður farið í baráttuna um veiðiréttindi; án þeirra væri um lítið að fjalla hvað aðra málaflokka varðar. Undanfarið ár hefur smábátaflotinn verið að veiða um það bil tíu sinnum meira en honum var skammtað með „stóru reglugerðinni“ forðum. Það er svo endalaust þrætuepli hvernig til hefur tekist um skiptingu þessara veiðiheimilda innan flotans, eða hvernig innbyrðis virkni kerfisins hefur verið sem nú er að breyta ásynnd smábátaútgerðarinnar. Í þeim efnum hefur LS oft þurft að horfa uppá stjórnvöld framkvæma hlutina, þvert á óskir og kröfur félagsins. Hér verður ekki farið út í þá sálma að öðru leyti en með myndbirtingu sem segir meira en mörg orð. Önnur myndin er tekin árið 1996 en hin fyrir fáeinum dögum. Báðar eru teknar frá sama sjónarhorni, við höfnina í Ólafsvík. Þessum skrifum er ekki beint til þeirra sem þekkja sögu Landssambands smábátæigenda, þó vonandi hafi þeir gaman af

þessari upprifjun. Þeir vita hvað á hefur gengið og að hér hefur verið stiklað á mjög stóru. Skrif þessi eru ætluð kynslóðinni sem er hægt og bítandi að taka við af þeirri sem stofnaði félagið og tók slaginn og skóp grunninn sem félagið stendur á nú. Það er tímanna tákn fyrir sögu félagsins að á „stór“afmælisári liggja stórmál fyrir löggjafarsamkundunni sem geta markað djúp og varanleg spor í framtíð smábáta-útgerðarinnar. Annars vegar er um að ræða makrílfurvarpið sem er í fullkominni andstöðu við stefnu félagsins og samþykktir, og hins vegar er frumvarp um veiðigjöld sem er svo dæmalaust að best er að fara gætilega við val á lýsinga-orðum í því samhengi.

Landssamband smábátæigenda hefur því lífsnauðsynlegu hlutverki að gegna fyrir smábáta-útgerðina nú um stundir, rétt eins og forðum þegar það var stofnað. Það þarf mikið að breytast í íslenski stjórnslu og pólitík og í innbyrðis átökum hagsmunasamtaka til þess að dragi úr mikilvægi félagsins. En til þess að Landssambandið geti gegnt hlutverki sínu, þarf samstöðu og virkni félagsmanna. Í þeim efnum þurfa þeir ætíð að hafa efst í huga hvað heildinni kemur best, því þegar upp er staðið, er það að sama skapi einnig best fyrir þá sjálfa.

Sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér. - Sannleikur þessara orða fellur aldrei úr gildi.

Arthur Bogason



## VEÐUR-APPIÐ

Veðurstofa Íslands




Veður Veðurstofa Íslands

[www.vedur.is](http://www.vedur.is)

# BÁTADÆLUR SKELJUNGS

## Þjónusta um land allt

Viðskiptakort Skeljungs virka á öllum bátadælum  
Staðgreiðslu kort / - Lyklar og greiðslukort (Euro, Visa, Maestro og Electron)  
virka á stjórnúmerktum dælum (\*)

Frekari upplýsingar fást hjá þjónustuveri í síma 444-3100



 Skeljungur

[www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is)





**Sverrir Sveinsson um borð í bát sínum, Agga SI 8**

**Aldursforseti (81) stjórnar Landssambands smábátæigenda hefur orðið**

## Hugleiðingar í apríl 2015

**P**egar haft var samband við mig um að skrifa nokkrar línur í næsta Brimfaxa, gat ég ekki neitað því þar sem ég hef starfað í smábátafélaginu Skalla nokkur undanfarin ár og síðast sem formaður félagsins.

Hversu einkennilegt sem það kann að virðast, kom 9. apríl 1963 fyrst upp í huga mér um leið og ég settist við tölvuna til þess að setja eitt-hvað á blað. Þennan tiltekna morgun fór ég í vinnuna klukkan sjö eins og venjulega og veðrið var einstaklega fallett, bjart og hlýtt. Á þessum árum rak ég rafmagnsverkstæðið Raflýsingu hf ásamt Þóri Björnssyni, mági mínum.

Ég fór heim í morgunkaffi kl. 9 á litlum verkstæðisbíl og setti hann inn í bílskúr og sagði við konuna að það yrði að öllum líkindum ófært um bæinn um hádegisbil samkvæmt nýlegri veðurspá. Og þetta gekk eftir. Upp úr klukkan 10 gerði norðan aftakaveður með mikilli snjókomu.

Ég var með til viðgerðar japanska miðunarstöð sem var með svonefndri bátabylgju og vorum við hlustandi á hana allan daginn. Ég mun aldrei gleyma samtölum skipstjóranna og samskiptum þeirra við varðskip sem var í minni Eyjafjarðar. Varðskipið var að miða út skip og leiðbeina bátum sem ekki voru vissir um eigin staðsetningu.

Skíðamót Íslands átti að vera á Norðfirði um páskana en sökum snjóleysis þar hafði orðið að ráði að Siglfirðingar tækju að sér mótið en á Siglfirði var snjór í fjöllum og því talið að mótið gæti farið fram hér. Jón Dýrfjörð hafði farið snemma um morguninn með flokk ungra skáta-drengja upp á Súlu sem eru í 500-600 m hæð. Þeir voru að aðstoða menn sem voru að leggja göngubrautir fyrir skíðagöngukeppnina. Óveðrið skall á þeim um klukkan 10 um morguninn og komust þeir við illan leik ofan af fjallinu og til bæjarins, þrekaðir og veðurbarðir.

Strandferðaskipið Esjan var að koma að austan og var út af Langanesi þegar veðrið brast á. Helgi Sveinsson, íþróttakennari, var um borð en hann var að koma frá Norðfirði enda yfirdómari landsmótsins. Helgi sagði mér að það hafi verið ömurlegt að fylgjast með öllum litlu trillunum berjast um í þeim stórsjó sem kominn var inn á Eyjafjörð. Esjan náði meðal annars að hjálpa Mb Víði og fylgdi honum inn að Hrísey.

Um kvöldið hafði Björgvin Jónsson, skipstjóri á Björgvini frá Dalvík, samband við mig. Björgvin var 250 tn austurþýskur togari og hafi verið að veiðum á Skagagrunni. Björgvin tilkynnti mér að hann væri hættur að geta notað ratsjána og spurði hvort mér dytti í hug hvað hann gæti gert. - En skipstjórar kölluðu oft í land og ræddu um bilanir í tækjum hjá sér. - Í skipinu var Decca ratsjá sem var þannig útbúin að nokkuð stór skermur á brúarþaki sendi út geislann og tók á móti endurvarpi. Það eina sem mér datt í hug var að það hafi ísað yfir skerminn og ráðlagði Björgvin að fara upp og reyna að berja ísinn af. En hann svaraði hins vegar alveg sallarólegur: Nei, Sverrir minn, ég held að það sé nú ekki möguleiki eins og veðrið er núna! - Þessu samtali gleymi ég aldrei.

Morguninn eftir hafði veðrið gengið mikið niður en út á firði lá skip, ísað snjóhvítt frá möstrum að sjólinu. Þar var kominn Björgvin frá Dalvík sem ég man ekki betur en hafi verið grænn á litinn. Um morguninn kom einnig af Skagagrunni Mb Hringur frá Siglfirði sem hafði verið þar á línuveiðum en fékk á sig brotsjó og missti tvo menn. Í þessu mannskæða óveðri fórust fimm bátar fyrir Norðurlandi en Súlan frá Akureyri fórst við Reykjanes. Alls misstum við 16 sjómenn

í illviðrinu og 19 börn misstu feður sína. Það áttu því margir um sárt að binda.

Íslendingar litu lengi á atburði eins og þennan sem fórnarkostnað við að stunda sjóinn og lifa í landinu. Þessi hugsun hefur breyst. Nú höfum við mun betri veðurspár en áður og einnig tilkynningaskyldu skipa og báta sem vakir yfir hverri fleytu sem á sjó fer. Jafnframt höfum við Slysavarnaskóla sjómanna þar sem sjómenn sækja öryggisfræðslu og viðhalda þekkingu sinni á eigin öryggi, öryggi skipsins sem og skipsfélaga sinna. Þá er líka gerð sú krafa að sjómenn fari í endurmenntun í öryggismálum á fimm ára fresti.

Sem stendur er endurmat á þyrlubjónustu í skoðun hjá innanríkisráðherra og hugsanleg kaup á fleiri þyrlum. Vil ég í því sambandi minna á ályktun sem smábátafélagið Skalli tekur undir en hún er komin frá læknum sem starfa á Norðurlandi. Í henni er hvatt til þess að staðsetja björgunarþyrlu á Akureyri. Þannig væri hægt að bregðast fyrir við slysum bæði á sjó og á landi fyrir norðan og austan sem og vestanlands.

En skíðamótið var haldið á Siglfirði þegar stytta upp eftir páskahretið 1963. Að þessu sinni var snjórinn svo mikill að göngukeppnin var haldin á götum bæjarins og svigkeppnin fór fram rétt ofan við bæinn.

Þegar þessar línur eru settar á blað, eru strandveiðar að hefjast í frosti og norðanátt. En þrátt fyrir það eru sjómenn nokkuð bjartsýnir nema á boðuð verkföll sem munu hafa mikil áhrif ef þau ganga eftir. Engu að síður finnst mér rétt að minna á þá bjartsýni sem fram kemur í eftirfarandi vísu og tel gott að hafa hana í huga:

**Þó að æði ógn og hríðir,**

**aldrei neinu kvíða skal.**

**Alltaf birtir upp um síðir,**

**aftur kemur vor í dal.**

**Sverrir Sveinsson formaður Skalla,**  
félags smábátæigenda á Norðurlandi vestra



Hart tekist á um makrílinn

## Smábátarnir og makrílinn

**F**rumvarp til laga um stjórn veiða á NA-Atlantshafsmakríl liggur nú fyrir Alþingi. Landssamband smábátæigenda sendi ítarlega umsögn um frumvarpið og byggir þessi grein að mestu á henni.

### Mikil samstaða meðal félagsmanna

Landssamband smábátæigenda hefur margsinnis rætt um makrílveiðar smábáta og á það jafnt við um stjórn félagsins, aðalfundi og fundi hjá 15 svæðisfélögum LS. Auk þess starfaði um tíma sérstök makrílnefnd innan félagsins sem kosin var á aðalfundi. Alls staðar innan raða Landssambandsins hefur makrílnum verið fagnað. Loksins var komin tegund á grunnslóðina sem smábátæigendur gætu nýtt til þess að efla eigin útgerð og jafnframt vöxt hinna dreifðu byggða.

Lengst af hefur smábátæigendum aðeins staðið til boða veiðar á þorski, úsu, steinbít, ufsa og grásleppu. Smákippur kom þó í atvinnugreinina við innrás skötusels og síldar á mið smábátæigenda. En Adam var ekki lengi í paradís frekar en fyrri daginn þegar kvótasetning á skötusel gerði væntingar fjölmargra að engu. Þá var einnig ráðist á síldina, gjald sett á hana og það hækkað samhliða því að verð á mörkuðum lækkaði. Þessar tvær tegundir reyndust því ekki sú búbot sem menn höfðu vænst.

Eftir að undirritaður hefur kynnt sér efni makrílsfrumvarpsins, er ljóst að það gengur þvert á yfirlýsta stefnu og ályktanir Landsambands smábátæigenda. Verði frumvarpið óbreytt að lögum, mun það skaða vöxt og viðgang smábátáutgerðar og draga úr möguleikum hinna dreifðu byggða til þess að nýta hinn nýja gest í íslenskri lögsögu til atvinnu- og verðmætasköpunar. Smábátæigendur eru samt sem áður staðráðnir í að láta

það ekki viðgangast og hafa því mótmælt frumvarpinu í þeirri von að þriðja tegundin sem nú er komin á veiðislóðir þeirra, verði ekki slegin úr höndunum á þeim eins og hinar tvær.

### Ályktanir frá LS

Í umsögn LS um frumvarpið er vakin athygli á tveimur ályktunum um makrílinn. Annars vegar sendi stjórn LS frá ályktun sem og aðalfundur félagsins hins vegar:

#### Ályktun stjórnar LS, 16. júlí 2014

„Stjórn LS skorar á stjórnvöld að aflétta öllum veiðitakmörkunum á færaveiðum smábáta á makríl. Stjórn Landssambands smábátæigenda er þeirrar skoðunar að það stríði gegn allri sanngirni að binda kvótasetningu á makríl aflahlutdeild, sbr. ákvæði 9. gr. laga um stjórn fiskveiða. Ákvæðið var sett inn í lög fyrir aldarfjórðungi og tók á engan hátt tillit til deilistofna. Stjórn Landssambands smábátæigenda lýsir fullum stuðningi við þá túlkun stjórnvalda að kvótasetning á makríl í aflahlutdeild, sbr. ákvæði 9. greinar, sé enn ekki orðið virkt. Stjórn LS telur að enn hafi ekki myndast samfelld aflareynsla í makríl þar sem einn útgerðarhópur hefur ekki haft tækifæri til veiðanna vegna göngumynsturs makrílsins. Það getur ekki talist eðlileg túlkun að þeir einir fái heimildirnar sem veiða yst í lögsögunni, þegar ljóst er að tegundin er nú fyrst að nema land á veiðisvæðum smábáta inni á flóum og fjörðum.“

#### Ályktun aðalfundar LS 2014

„Aðalfundur LS, haldinn í október 2014, ályktar að LS muni beita sér af fullum þunga fyrir því að makrílveiðar á handfæra- og línubátum verði aldrei kvótasettar og að veiðar hefjist ekki fyrr en 1. júlí og standi til 31. desember ár hvert. Barist verður fyrir því að smábátar fái að veiða 18% af heildarúthlutun aflamarks í makríl.“

Einnig var sérstaklega bent á væntingar smábátæigenda fyrir makrílveiðum og hversu vel hefur tekist til við veiðarnar:

- Smábátum á makríl hefur fjölgað jafnt og þétt eða úr 17 bátum árið 2012 og í 121 bát árið 2014.
- Aflinn hefur aukist í fullu samræmi við sóknina en á árinu 2011 var aflinn 300 tonn en á síðustu vertíð fór hann í 7.466 tonn.
- Veiðigeta er því fyrir hendi og sýnir ótvírætt að 4 bátar veiddu að jafnaði meira en 200 tonn á árinu 2014.

### Frumvarpið – sem köld vatnsgusa ...

#### Milljóna fjárfesting nýtist ekki

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hlutur smábáta í heildarafla makríls verði 5%. Rétt til aflahlutdeildar fái þeir bátar sem landað hafa makríl, veiddum á línu eða á handfæri, á árabílinu 2009 til 2014, það er á síðastliðnum 6 árum. Alls er hér um 165 báta að ræða. Á annað hundrað smábátar hafa komið sér upp búnaði til makrílveiða og nálgast heildarfjárfestingin um einn milljarð króna. Rétt er að vekja sérstaka athygli á að búnaðurinn er smíðaður hér á landi og þar af leiðandi er virðisaukinn verulegur.

### 20 bátar fengju helminginn

Samkvæmt útreikningum LS munu þeir 20 bátar sem mesta hlutdeild fá, taka til sín um helming hlutdeildarinnar. Ætla má að þokkalegur rekstrargrundvöllur verði fyrir þá báta og ólíklegt að þeir þurfi að kaupa viðbótarheimildir. Öðru máli gegnir um þá 145 báta sem skipta með sér þeim 2,5% sem eftir standa. Hjá þeim má gera ráð fyrir mikilli skuldsetningu vegna væntanlegra kvótakaupa, til viðbótar þeirri sem nú þegar er orðin. Ekki er ólíklegt að þau 5% sem koma í hlut smábáta, geti orðið þokkalegur rekstrargrundvöllur hjá 50 bátum en það er þó háð því hversu hátt veiðigjaldið verður. Ekkert má þó bera út af svo ekki fari illa.

## Ná ekki að greiða álag á veiðigjald

Í dæmi sem hér fylgir um kostnaðarliði hjá smábát sem fær 150 tonna veiðiheimild í makríl, sést glögggt að veiðarnar standa vart undir sér. Úthlutun á kvóta fylgir nefnilega 10 kr álag/kg vegna veiðigjalds. Vakin er athygli á að ekki er gert ráð fyrir afborgunum lána vegna kvóta-kaupa hjá þeim bátum sem þurfa að kaupa veiðiheimildir upp að 150 tonnum.

**Dæmi: Tekjur af 150 tonnum = 10,5 milljónir aflaverðmæti**

### Kostnaður:

Veiðigjald 18,36 kr/kg	2,70 millj.
Laun og launatengd gjöld	4,20 millj.
Markaðskostnaður	0,50 millj.
Hafna-, afla- og þjónustugjöld	0,21 millj.
Olúkostnaður	0,35 millj.
Afborgun veiðarfæra	1,00 millj.
Tryggingar	0,30 millj.
Annar kostnaður	1,40 millj.
<b>Samtals:</b>	<b>10,66 millj.</b>

### Samráð nauðsynlegt

- Álit umboðsmanns um hlutdeildartengingu á ekki við um
- grunnslóðina
- Afturför við undirbúning að lagasetningu

## Ekki lengur haft samráð

Á síðustu misserum hefur það færst í aukana að ekki sé haft samráð við hagsmunaaðila við mótun mikilvægra frumvarpa. Hér skal bent á:

- Frumvarp til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða
- Frumvarp um veiðigjald
- Frumvarp um stjórnun veiða á NA-Atlantshafsmakríl

## Öll þessi mál eru nú í uppnámi

Því er rétt að minna á að í Lúðræðissamfélagi er það talið aðalsmerki að hafa samráð og jafnframt litið svo á að þann þátt sé ekki hægt að hunsa, sama hversu stór meirihlutinn er. Þegar þetta er haft í huga, er tímabært að velja því fyrir sér hvers vegna stjórnvöld hafi nú ákveðið að breyta vinnulagi sem fram til þessa hefur reynst vel og þar með sneiða framhjá þeirri reglu að afla álits þeirra sem lagasetning á að taka til og nýta um leið þá reynslu sem þar er að finna. Það eru engin rök að segja að það sé ekki hægt að tala við viðkomandi þar sem hann sé alltaf ósammála. Undirritaður vill minna á að Landssambandið hefur alltaf verið fúst til samstarfs og samráðs við stjórnvöld og ekki látið sitt eftir liggja í þeim efnum í gegnum tíðina. Og oftast en ekki hefur sú samvinna skilað góðum árangri fyrir land og þjóð.

Við gerð makrílfrumvarpsins nú er augljóst að höfundar hafi ekki kynnt sér nægilega vel forsöguna sem liggur að baki laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Og því er rétt að rekja þá sögu nánar:

Til undirbúnings frumvarps að ofangreindum lögum skipaði þáverandi sjávarútvegsráðherra, Þorsteinn Pálsson, nefnd þann 23. september 1993 sem fv. forsætisráðherra, Geir H. Haarde veitti formennsku. Í fyllingu tímans skilaði nefndin af sér frumvarpi ásamt ítarlegri umfjöllun um einstakar greinar þess og var það lagt fram á vorþingi árið 1996 og aftur á haustþingi þar sem það var að lokum samþykkt og varð að lögum þann 17. desember 1996. Í nefndinni sátu þingmenn úr öllum flokkum, fulltrúar sjómanna og fulltrúar stærstu hagsmunasamtaka í sjávarútvegi. Nefndin hélt alls 37 fundi.

Í makrílfrumvarpinu nú er gert ráð fyrir að kvótasetja smábáta sem er afar viðkvæmt og erfitt málefni, sérstaklega þegar kemur að ívilnunum til einstakra aðila. LS býr yfir gríðarlegri þekkingu og reynslu á þessum vettvangi, auk þess sem félaginu er að miklu leyti kunnugt um stóráttak félagsmanna við undirbúning makrílveiðanna á síðastliðnum 2 árum. Í frumvarpinu er á engan hátt tekið tillit til þess að



Síðumúla 28  
108 Reykjavík  
s: 5105100  
www.ismar.is

## GPS áttaviti



GPS áttaviti búinn rate áttavita á verði fluxgate áttavita  
\* Stefnunákvæmni +/-1°  
\* tengist við sjálfstýringar, ratsjár, plottera og fl.

## AIS Sjálfvirk tilkynningaskylda

AIS class-B fyrir báta undir 15m



\* GPS og VHF loftnet fylgja  
\* tengist við plotter

fæst einnig með  
12W sendiorku



Þessir aðilar hafa aðeins haft eina makrílvertíð til þess að nýta veiðibúnaðinn, fjárfestingu sem þegar hleypur á mörgum milljónum króna. Þá eru þeir einnig hunsaðir sem ekki hafa samfellda þriggja ára aflareynslu. Þessi tvö framangreindu atriði sýna glöggð hversu höfundar makríl-frumvarpsins búa yfir lítilli reynslu og þekkingu þegar kemur að þessum viðkvæmu þáttum. Og á því þarf að gera bragarbót. Það gengur ekki í lýðræðissamfélagi að segja hundruðum aðila að éta það sem úti frýs.

LS telur nauðsynlegt að rifja þetta upp hér til þess að varpa ljósi á þann mun sem er á vinnubrögðum við lagasetningu nú og á því verklagi sem menn höfðu í heiðri fyrir tveimur áratugum. Þá gerðu menn sér far um að hafa víðtækt samráð og jafnframt var einnig fullljóst hverjir lögðu hönd á plóg við gerð frumvarpsins.

Svo dæmi sé tekið um þá málsgrein makríl-frumvarpsins sem kveður á um ívilnun til frumkvöðla, þá segir þar orðrétt:

„Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni.“

Í skýringum með greininni segir eftirfarandi:

„Með ákvæði lokamálsgreinar 5. greinar er ætlunin að veita ráðherra heimild til þess að verðlauna sérstaklega frumkvöðla í veiðum á úthafinu.“

En frumkvöðlar meðal smábátæigenda eru skilgreindir á eftirfarandi hátt í frumvarpinu:

„...bátar sem hófu veiðar á makríl með línu og handfærum árin 2009–2012 og þróuðu veiðiaðferðirnar sem síðan hafa verið notaðar, njóti þessa frumkvöðlastarfs.“

## Kvótasetning og umboðsmaður

Það vakti undrun undirritaðs við lestur frumvarpsins að svo virðist sem höfundar þess hafi skautað léttilega fram hjá mikilvægum ákvæðum í lögum um stjórn fiskveiða þegar kemur að kvótasetningu á smábáta. Hins vegar hafa þeir farið eftir túlkun setts umboðsmanns Alþingis á skiptingu aflahlutdeildar til stærri skipa. Álitid virðist einungis eiga við um stærri skipin og staðfestir frumvarpinu það en þar er kveðið á um að veiðireynsla, grundvöllur til aflahlutdeildar, skuli taka mið af síðustu 6 árum. Lögin um stjórn fiskveiða kveða hins vegar á um síðustu 3 ár sem grundvöll fyrir aflahlutdeild þegar stærri skip eiga í hlut. Veiðireynsla sem grunnur að hlutdeild tekur hins vegar til 6 ára hjá smábátum en ekki síðustu 3 ára.

Rétt er að velta því hér upp að líklegt þykir að settur umboðsmaður hafi lítið verið að velta makrílveiðum smábáta fyrir sér heldur hafi hann einblínt á veiðar stærri skipa. Með því hafi embættið að mestu horft til úthafsveiðilaganna, (laga nr. 151/1996), um skyldu stjórnvalda til hlutdeildarsetningar stærri skipa, sbr. ákvæði 2. málsgreinar 5. greinar laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem hljóðar svo:

„Sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr slíkum stofni (Íslenskum deilistofni – tekur til veiða úr stofnum innan og utan lögsögu Íslands – innsk. LS) sem samfelld veiðireynsla er á, skal aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undan-gengnum sex veiðitímabilum. Veiðireynsla telst samfelld samkvæmt lögum þessum, hafi ársafli Íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undan-gengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem er til ráðstöfunar að hálfu Íslenskra stjórnvalda.“

Enga skilgreiningu er að finna í lögum um stjórn fiskveiða á hvað telst samfelld veiðireynsla.

## Málaferli

Það er mat undirritaðs að réttarstaða Íslenska ríkisins muni skaðast við samþykkt þessa frumvarps í óbreyttri mynd og jafnvel að hún hafi nú þegar beðið hnekki. Með samþykkt frumvarpsins yrði viðurkennt að skilyrði til hlutdeildarsetningar hafi verið fyrir hendi og sterkuustu rökum ráðuneytisins fyrir henni kastað fyrir róða. Það er á þeim rökum að forsenda hlutdeildarsetningar sé fyrir hendi að gerður hefur verið samningur við aðrar þjóðir um nýtingu viðkomandi deilistofns, eða eins og segir í bréfi ANR, þ.e. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til umboðsmanns, dagsett 8. nóvember 2013 – (2. mgr. 5. gr.):

„Í ákvæðinu er mælt fyrir um að ákvörðun um heildarafla sé tekin á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að og að sú ákvörðun bindi hendur ráðherra við veiðistjórn. Nærtækt virðist að líta svo á að sama hugsun hvíli að baki 2. mgr. 5. gr. laganna. Í því felst að með tilvísun til „ákvörðunar um að takmarka heildarafla“ úr deilistofni sé vísað til ákvörðunar sem tekin hefur verið um heildarafla í stofninn á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að. Komi til slíkrar ákvörðunar, mundi það leiða til þess að skylda ráðherra skv. 2. mgr. eða eftir atvikum 6. mgr. 5. gr. laganna til að hlutdeildarsetja viðkomandi deilistofn verði virk.“

## Veiðireynsla smábátæigenda

Það er áhyggjuefni að stjórnvöld skuli grípa til kvótasetningar á veiðisvæði smábáta þar sem veiðar hafa nánast ekkert verið stundaðar nema síðastliðin 2 ár. Sex ára veiðireynsla er því ekki fyrir hendi svo skírskotað sé til ákvæðis um kvótasetningu í lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.



MAKRÍLLINN getur verið mjög misjafnlega á sig kominn í sömu torfunni.

Makrílafla smábáta og stærri skipa 2010 - 2014					
	Afli smábáta	Fjöldi	Meðaltal	Heildarafla	Hlutdeild færaveiða
2010	180 tonn	11 bátar	16 tonn	120.853 tonn	0,1%
2011	304 tonn	21 bátar	14 tonn	153.359 tonn	0,2%
2012	1.099 tonn	17 bátar	65 tonn	145.894 tonn	0,8%
2013	4.678 tonn	98 bátar	48 tonn	137.631 tonn	3,4%
2014	7.466 tonn	121 bátar	62 tonn	153.042 tonn	4,9%
<b>Heildarafla</b>	<b>13.728 tonn</b>			<b>710.779 tonn</b>	<b>1,9%</b>

Hið fyrirvaralaus inngríp í veiðarnar var því ekki fyrir séð. Auk þess sem ráðherra hafði sagt það sína skoðun að hann hyggðist stjórna makrílveiðum smábáta með öðrum hætti en veiðum stærri skipa. Þessu til viðbótar sem áður er fram komið að Ísland hafði ekki gerst aðili að samningi við aðrar þjóðir um nýtingu á NA-Atlantshafsmarkríl og því sé ekki skylt að hlutdeildartengja hann, eins og fram kemur í bréfi ANR til umboðsmanns Alþingis, dagsett 23. nóvember 2013. Í bréfinu er ekki hvikað frá afstöðu fyrrverandi ríkisstjórnar um rétt til þess að stjórna veiðunum með þeim hætti sem verið hefur.

Til viðbótar því sem hér hefur komið fram, hefur það verið viðtekin skoðun að stjórnun á veiðum smábáta með kvótasetningu, takmörkunum á aflamagni eða á veiðitímabilum eigi einvörðungu við þegar sóknargeta þeirra sé orðin það mikil að hætta sé á ofnýtingu veiðistofns. Það á ekki við um veiðar smábáta á makríl þar sem þeir veiddu á síðastliðnu ári einungis um 5%

heilðaraflans sem er aðeins lítið brot af því magni sem var á veiðislóð þeirra.

- Efnahagsleg áhrif
- Neikvætt fyrir sjávarútveginn

Við undirbúning á álitum LS velti undirritaður því fyrir sér hvort félagið ætti ekki að hafa skoðun á efnahagslegum áhrifum frumvarpsins og stíga þannig út fyrir ramma stjórnkerfis fiskveiða í fyrsta sinn. Tillagan fékk góðan hljómgrunn hjá stjórn félagsins og varð eftirfarandi sett í umsögnina:

„Landssambandið varar við efnahagslegum áhrifum af hlutdeildartengingu á makríl. Verði frumvarpið að lögum, mun aflahlutdeild í makríl verða í gildi veðs og þar með álitlegur kostur fyrir fjármálastofnanir. Rými mun myndast fyrir peningarentun á 100 – 150 milljörðum. Það mun leiða til aukinna skuldsetninga og brotthvarfs fjármuna úr greininni og ójafnvægis á fjármála- og viðskiptamörkuðum. Ennfremur er hér um mikla áhættu að ræða, leiði samningar til minni veiðiheimilda eða að makrílveiðum verði sjálfhætt vegna breytts göngumynsturs. Óhjákvæmilega mundi slíkt leiða til aukinnar verðbólgu vegna verðmætarýrnunar og þar með lakari lífskjara, þar með talið fyrir skuldsetta smábátæigendur. Landssambandið frábiður sér þátttöku í slíkri rúllettu.“

LS varar við óróa sem kann að myndast í þjóðfélaginu gagnvart sjávarútveginum. Neikvæð umræða í garð greinarinnar er ekki það bensín sem þörf er á við þær aðstæður sem nú er glímt við á vinnumarkaðinum.

## Hlutdeildartenging náí til 80%

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að vegna hagræðingar af kvótasetningu sé rétt að leggja á 10 kr álag á veiðigjald. Með sóknarstýringu sem lagt er til í tillögu LS, er byggt á veiðigjaldi án álags.

Verði hlutdeildartenging á makríl niðurstaða háttvirtrar atvinnuveganefndar, er ekki óeðlilegt að velta fyrir sér hversu hátt hlutfall muni fara í hlutdeild til stærri skipa. Í álitum LS er lagt til að hún nái að hámarki til 80% veiðiheimildanna. Hinn hluti heimildanna verði bundinn við veiðar smábáta sem stunda færaveiða á makríl á grunnslóð. Af þeirri heimild verði 2% hlutdeild ætluð smábátum sem kjósa aflamark.

Aftur á móti ef smábátar ná ekki að veiða þau 18% sem þeim væri ætlað, er eðlilegt að ónýttar heimildir gangi til stærri skipa svo að þær nýtist að fullu.

## En hvers vegna er lagt til að auka hlut færaveiða á makríl?

### 1. Makrill veiddur á króka er verðmætari og vandaðri afurð

1. Makrill veiddur á grunnslóð er stærri
2. Hann kemur til vinnslu samdægurs og er því betri til flökunar
3. Hver fiskur er blóðgaður þegar hann kemur inn fyrir borðstokk
4. Fiskurinn er snöggkældur í ískrapa og rennur frá borðstokk í lest
5. Fiskurinn verður ekki fyrir mari við dælingu
6. Verð fyrir færafisk samborið við önnur veiðarfæri eru hærri
7. Veiðarnar eru stundaðar af smábátum

### 2. Færaveiðar eru hagkvæmari

1. Stutt er á miðin og ekki þarf að toga þar sem veiðarnar eru stundaðar með kyrrstæðum veiðarfærum
2. Olíueyðsla er aðeins fjórðungur miðað við togveiðar á makríl
3. Slit á búnað er nær ekkert
4. Allur búnaður er smíðaður og framleiddur á Íslandi
5. Nánast allir bátarnir eru smíðaðir á Íslandi

### 3. Vistvæn veiðarfæri

1. Enginn meðafli er við veiðarnar
2. Veiðarnar raska ekki lífríkinu; þær afmarkast við tegundina
3. Ómögulegt er að veiða í því magni að torfur veiðist upp
4. Veiðarnar eru ekki stundaðar með ofbeldi

### 4. Samfélagsleg áhrif

1. Aukin atvinna á sjó og í landi miðað við hvert veitt tonn
2. Aukning á hráefni tryggir fiskvinnslu á landsbyggðinni
3. Tækifæri til aukinnar verðmæta með fullvinnslu í neytendaumbúðir
4. Útgerðin skapar líf í höfnum landsins

5. Útgerð smábáta styrkist
6. Þjóðhagslega hagkvæmur veiðiskapur sem skapar breiðari grunn fyrir veiðar, vinnslu og sölu á íslenskum afurðum
7. Arður af veiðunum dreifist til margra aðila

### 5. Gildi veiða á grunnslóð fyrir vísindin

1. Veiðarnar veita upplýsingar um göngu og magn á grunnslóð
2. Upplýsingar fást um átu á grunnslóð og mögulega ógn við aðrar tegundir
3. Tryggja nýtingu grunnslóðarinnar og minnka líkur á ójafnvægi


## Hvert fara aflaheimildir samkvæmt frumvarpinu?



**Snæfellsnes, Faxaflói, Reykjanes** telur alls 90 báta. Þeir fá alls 2/3 allra veiðiheimildanna – 5.011 tonn. Helming heimildanna skipta 25 bátar á milli sín. Þeir 65 bátar sem eftir standa fá að meðaltali 39 tonn.



**Vestfirðir og Dalabyggð** 10,8% alls 30 bátar - aflaheimild 808 tonn. Þrír efstu bátarnir með 37,5% af veiðiheimildunum. Þeir sem eftir standa 27 bátar fá að meðaltali 19 tonn.



**Á Norðurlandi, Austurlandi og á Suðurlandi** fá alls 45 bátar úthlutun. Þeir skipta á milli sín 22,4% heimildanna – 1.680 tonnum. Alls eru það 8 bátar sem fá 64% heimildanna. Þeir sem eftir standa, 37 bátar, deila með sér afganginum og verður meðaltal á hvern bát því 16 tonn.

Af þessari upptalningu má hæglega sjá að vel á annað hundrað báta, (129 bátar), eiga sér engar rekstrarforsendur. Þá er nánast engar veiðiheimildir að hafa á Norðurlandi, Austurlandi og á Suðurlandi sem er mjög bagalegt þar sem makrillinn gæti allt eins verið þar eins og við Reykjanes og Snæfellsnes.

Landssamband smábátæigenda óskar sjómönnum til hamingju með sjómannadaginn 2015.



## Búnir með kvótann og fóru á grásleppu



**SÆÞÓR GUNNARSSON (T.V.) OG GÍSLI GUNNAR MARTEINSSON** glaðbeittir á Glað SH í Ólafsvík eftir eitt bræluskotíð sem skilaði þeim netunum fullum af þara.

„Grásleppuveiðin er svona á fallanda fæti gagnvart tíðarfari í augnablikinu. Þetta er búið að vera hálfgerð bras hér við Snæfellsnesið. Veðrið hefur verið að stríða mönnum eftir að það snerist í sunnanáttirnar,“ sagði Gísli Gunnar Marteinsson á línu- og grásleppubátnum Glað SH 226 frá Ólafsvík þegar rætt var við hann 19. maí síðastliðinn. Þá hafði hann stundað hrognkelsaveiðar við norðanvert Snæfellsnes ásamt Sæþóri Gunnarssyni félaganum sínum frá 29. apríl. „Þetta er búið að vera sæmilegt kropp en fráleitt nein veisla.“

### Verka aflann í félagi við aðra

Þarna voru þeir á Glað búnir að fá eitthvað um 18 tonn af grásleppu frá vertíðarbyrjun. „Þetta er nú allt og sumt sem við erum búnir að lemja upp. Ekki tonn á dag að jafnaði frá því vertíðin hófst þannig að þú sérð að þetta er ekki merkilegt. Við erum með 220 net í stuttum netum. Svo er nú að sjá hvað við fáum fyrir þetta. Við tókum sénsinn á að fara í samlag með nokkrum bátum sem eru að salta hrognin

og frysta búkinn á eigin vegum. Aflann er keyrt suður. Búkurinn frystur á einum stað og hrognin söltuð annars staðar. Okkur leist ekki á þessi verð sem stóru aðilarnir eru að borga fyrir grásleppuna,“ sagði Gísli.

Með þessu ætla menn að vinna verðmæti úr aflannum á eigin forsendum og sjá hvort hægt sé að brjóta upp þá stöðu sem sölu- og framleiðlumálin eru í, þar sem stóru aðilarnir virðast ráðandi.

### Eini Ólafsvíkurbáturinn

Gísli segir að þeir á Glað séu búnir með kvótann á þessu fiskveiðiári og því hafi þeir farið á grásleppuna. „Vonandi verða einhverjar tekjur út úr þessu en það eru ekki margir dagar eftir á veiðum. Það er líka komin smá uppgjöf í okkur þó ég reikni nú með að við fullnýtum dagana. Þær eru svo leiðinlegar þessar suðvestan áttir. Annars eru ekki margir á grásleppu héðan úr Ólafsvík. Við erum eini heimabáturinn sem rær héðan en til viðbótar eru tveir aðkomubátar. Þann 20. maí verður svo opnað fyrir veiðar í innaverðum Breiðafirði en við á Glað látum það eiga sig. Það eru margir sem ætla af stað þar. Aðallega eru það bátar úr Stykkishólmi en einhverjir hér út frá líka.“

Þegar grásleppuveiði ársins lýkur reiknar Gísli með að halda á Glað til strandveiða. „En það er þá bara ef einhver af krökkunum okkar vill koma með mér. Ég er mest á strandveiðunum fyrir þau. Þær veiðar eru mest olúeyðsla og sport. Vilji menn lifa af þeim þá er það bara fyrir einn mann að stunda á hverjum bát.“

Línuveiðin í vetur gekk hins vegar vel. Þeir Gísli og Sæþór hafa róíð saman allar götur síðan 2007. „Það var nógur fiskur. Línuveiðin í vetur varð þó aldrei jafn þjóðsagnakennd og netaveiðin. Það var mok í þau og hefur verið á vertíðum síðustu fimm eða sex árin.“



## ÞÍNIR MENN Í SKIPASKOÐUN -áratuga reynsla

Stefán Hans Stephensen .....	s. 8608378	stefans@frumherji.is
Axel Axelsson .....	s. 8608379	axela@frumherji.is
Einar Hilmarsson .....	s. 8651490	einarjh@frumherji.is
Guðmundur Hanning Kristinsson .....	s. 8608377	hanning@frumherji.is
Guðgeir Svavarsson .....	s. 8953102	gudgeirs@frumherji.is
Guðmundur G. Guðmundsson .....	s. 8953103	gudmundurg@frumherji.is

 **Frumherji**  
Skipaskoðunarvið



Til  
hamingju  
með  
daginn!



## Vísir óskar sjómönnum, landverkafólki og fjölskyldum þeirra til hamingju með sjómannadaginn!

Í tilefni af 50 ára afmæli Vísis er bæjarbúum og gestum hátíðarinnar boðið að skoða fiskvinnslur fyrirtækisins kl. 14-17 á Sjómannadaginn. Saltfiskvinnsla fyrirtækisins hefur verið starfrækt í hálfra öld að Hafnargötu 16. Fyrirtækið er nú einnig að taka í notkun nýtt hátækni-frystihús að Miðgarði 3 til að mæta breyttum áherslum í greininni.

Um kvöldið stjórnar Jón Ólafsson tónlistarmaður minningartónleikum um Palla og Möggu. Þar flytja börn þeirra hárómantísk sjómannalög af nýútgefnum diskum þeirra „Lögin hans þabba“. Með þeim eru landskunnir hljóðfæraleikarar undir stjórn Vilhjálms Guðjónssonar og sérstakur gestasöngvari verður Ragnar Bjarnason. Diskurinn verður til sölu á staðnum og rennur söluandvirði hans óskipt til Grindavíkurkirkju. Frítt inn og allir velkomnir.

Hlökkum til að sjá ykkur!

### **SUNNUDAGURINN 7. JÚNÍ**

Kl. 14-17 Opið hús í fiskvinnslum Vísis  
að Hafnargötu 16 og Miðgarði 3

Kl. 20.00 Minningartónleikar um Palla  
og Möggu í Grindavíkurkirkju



Aflanum safnað úr leiðargildru

## Fiskveiðar erlendis

# Kambódía

**K**ambódía er ekki fyrsta landið sem Íslendingum kemur í hug þegar fiskveiðar ber á góma. Engu að síður eru fiskveiðar mjög mikilvægar fyrir kambódísku þjóðina og veiðarnar umtalsverðar, jafnvel á íslenskan mælikvarða. Um 80% af dýrapróteini í fæðu þjóðarinnar kemur frá fiskveiðum og þær eru um 15% af þjóðarframleiðslunni.

Kambódía er rúmir 181 þúsund km<sup>2</sup> að flatarmáli og á landamæri að Thailandi, Víetnam og Laos. Strandlengjan við Thailandsfloa er einungis 443 km. Íbúafjöldinn er um 15,5 milljónir, langflestir Khmerar, eða 90%. Búddatrú er yfirgnæfandi.

## Land fátæktar og spillingar

Kambódía er örum hlaðið samfélag. Skemmst er að minnast hryllingsins á tímum Rauðu Khmeranna og þjóðin er enn brotin og beygð. Það er mál kunnugra að það taki eina til tvær kynslóðir að vinna hana út úr þeim doða sem einkennir ótal margt í daglegu lífi hennar. Ástandið í landinu er dapurlegt, gerspíllt stjórnvöld moka fé í sig sjálf og láta innviði þjóðfé-

lagsins grotna niður af fullkomnu skeytingarleysi. Fátækt er mikil og glæpatíðni er há.

## Tonlé Sap/Miklavatn

Eins og fyrr segir, eru fiskveiðar mikilvægar en veiðiaðferðirnar eru samt sem áður frumstæðar á íslenskan mælikvarða. Það er því athyglisvert að árleg heildarveiði leikur á bilinu 400 til 500 þúsund tonn. Stór hluti aflans kemur úr stærsta stöðuvatni landsins sem jafnframt er stærsta ferskvatnsstöðuvatn í suð-austur Asíu. Vatnið nefnist Tonlé Sap eða Miklavatn.

Í þessum skrifum verður fjallað um Tonlé Sap og náttúru þess en jafnframt skal þess getið að hafsvæðið sem Kambódía ræður yfir, spannar um 55 þúsund km<sup>2</sup>, meðaldýpt sjávar er um 50 metrar og árleg veiði um 40 til 50 þúsund tonn. Samkvæmt upplýsingum FAO, Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna, er þessi hluti Thailandsfloans frjóasta svæði hans og til skamms tíma talið ein gjöfulustu fiskimið í heimi. Á þessari 443 km strandlengju liggja fleiri en 190 strandbæir og íbúafjöldinn er um 900 þúsund. Meira en fimm þúsund bátar róa frá ströndinni sem þýðir, gróft reiknað, að um 80 metrar af strandlengju eru að jafnaði til umráða

fyrir hvern bát. Það er hætt við að íslenskum fiskimönnum þætti þröng á þingi en íslenskum fiskiskípum og -bátum sem eru um 1400 talsins, er lagt til hafs frá 5000 km strandlengju sem gerir um 3,6 km að meðaltali á hvert þeirra.

Tonlé Sap liggur nánast í miðju landsins og ber nafn með rentu. Einn er þó gállinn á því sem gerir það um margt óvenjulegt: Á þurrkatímabilinu frá því í október og fram í apríl er stærð vatnsins um 2.700 km<sup>2</sup> en á regntímanum, það er frá því í apríl og fram í október, bólgnað það aftur á móti út í um 16.000 km<sup>2</sup>. Til samanburðar má geta þess að Þingvallavatn er um 83 km<sup>2</sup> eða um 3% af stærð Tonlé Sap þegar það síðarnefnda er í lágmarki. Þegar Tonlé Sap er í essinu sínu, þarf aftur á móti rúmlega þrjá Faxaflóa til þess að jafna flatarmál þess.

Á hinn bóginn er dýpt vatnsins talsvert frábrugðin því sem gerist í Faxaflóanum. Þegar Tonlé Sap er í lágmarki, er dýpt þess yfirleitt um 1 metri og 3,6 metrar þar sem það er dýpst en meðaldýptin verður aftur á móti um 10 metrar á regntímanum. Það kemur því ekki á óvart að allar byggingar á risastóru svæði í kringum vatnið standa á rammgerðum stultum og smáfleytur eru ómissandi faratæki til hvers kyns samskipta.

## Að renna fram og til baka

Enn er ótalið athyglisvert fyrirbæri. Utan regntímans rennur á úr vatninu til suðurs. Áin ber heiti vatnsins og sameinast Mekong ánni ríflega 100 km sunnar, rétt við höfuðborgina, Phom Penh. En eftir að regntíminn gengur í garð, snýst rennslið hins vegar við og Mekong áin tekur völdin og rennur inn í Tonlé Sap og fyllir upp í víðáttumikla dæld sem er til staðar í landinu.

Fiskveiðarnar ganga misjafnlega fyrir sig eftir árstíma. Á þurrkatímanum er veiðin minnst en mest þegar vatnið er aftur tekið að sjatna eftir regntímann. Þá sitja oft fiskitorfur eftir í tjörnum og skurðum og eiga sér engrar undan komu auðið.



**DAGSAFLINN** Karfa af hefðbundnum fisktegundum og magnið, um 15-20 kg er algengur dagsaflí frumbyggjaveiðimanna.

## 2000 fisktegundir en fáar sem standa undir veiðinni

Helstu veiðarfærin eru hringnætur, net-„troll“ sem eru fest en ekki dregin, fínriðin nælönnet, leiðargildrur, gildrur og krókar. Veiðarnar eru að mestu stundaðar á litlum bátum sem oft eru vélknúnir. En ótalmargir veiða með litlum hringnetum sem þeir kasta frá ströndinni eða nærri landi.


Þrátt fyrir rannsóknir er enn ekki vitað hversu margar fisktegundir eru í Tonlé Sap. Talið er að um það bil 1200 tegundir séu á hinu svokallaða Mekong svæði en reiknað hefur verið út að trúlega séu tegundirnar nálægt því að vera um 2000. Nú hafa 500 tegundir verið skilgreindar á svæðinu. Það er samt ekki nema rúmur tugur fisktegunda sem stendur undir langstærstum hluta aflans.

## Skilgreining eftir umfangi

Samkvæmt lögum er veiðunum skipt í þrjá flokka, iðnaðarveiðar (þótt þær eigi lítið skylt við iðnaðarveiðar eins og Vesturlandabúar skilgreina hugtakið), „millistórar“ veiðar og „smá“veiðar (small scale fisheries). Það er ögn snúið að nota íslenska þýðingu á síðastnefnda veiðiflokknum þar sem ekki er átt við „small boat fisheries.“ Hér er fyrst og fremst verið að vísa til sjálfsþurftarveiða.







**KORT AF KAMBÓDÍU** Landið er um 180 þús. km<sup>2</sup>. Hæsta fjallið er Phnom Aural, 1810 metra hátt.

Iðnaðarveiðarnar fara fram á sautján afmörkuðum svæðum þar sem veiðirétturinn er boðinn út á tveggja ára fresti. Þetta eru gjöfulustu svæðin í vatninu og ríkið hefur verulegar tekjur af þessu fyrirkomulagi. Svæðin eru eingöngu ætluð iðnaðarveiðum og samkvæmt samningi við stjórnvöld er þeim sem hafa afnot af viðkomandi svæði, heimilt að setja á fót eigin löggæslu. Í því felst leyfi til þess að reka burt

með valdi eða taka til fanga þá sem hætta sé inn á svæðið, eyðileggja veiðarfæri þeirra og annan búnað. Þar að auki hefur sá sem leigir svæðið, nánast ótakmarkað vald til þess að haga fiskveiðunum að eigin geðþótta.

Að öðru leyti er vatnið opið og þar veiða bæði hinir „millistóru“ og hinir smáu. Hinir millistóru notast aðallega við leiðargildrur, heljarinnar bambusgirðingar sem leiða fiskinn inn í safnara eða netpoka. Fyrir allnokkrum árum fór af stað átak þar sem stórum fiskabúrum var komið upp úti í vatninu. Þau eru oftast að mestu úr bambus. Veiðimenn geyma þar smáfisk og láta hann dafna um nokkurt skeið. Þessi aðferð hefur gefist vel og nú skipta slík fiskabúr hundruðum.

Sjálfspurftarveiðimennirnir eru þeir einu sem ekki þurfa að afla sér veiðileyfis frá ríkinu. Talið er að um 150 mismunandi veiðiaðferðum sé beitt við vatnið og er aðferðafræðin einmitt fjölbreytilegust hjá þeim sem eru að veiða sér í soðið. Sjálfspurftaveiðarnar eru gríðarlega mikilvægar þeirri 1,2 milljón manns sem býr í nágrenni við vatnið og á því í flotþorpunum. Eins og nærri má geta, eru hæg heimatökin með soðningu í þessum þorpum. Það þarf ekki einu sinni að stíga út úr eldhúsinu, spottinn er einfaldlega dreginn inn um gluggann.

## Sífelld meiri ásókn

Sama þróun hefur átt sér stað við Tonlé Sap eins og við mörg önnur stór vötn í heiminum eins og til dæmis við Viktoríuvatn í Afríku. Þeim fjölga stöðugt sem sækja að vatninu, útbúa sér fleytu og hefja veiðar. Fiskurinn sem veiðist, minnkar stöðugt og einnig magnið. Nú heyrir til undantekninga ef stórvaxnar tegundir veiðast eins og algengt var á árum áður. Aðallega veiðast smávaxnar fisktegundir og góður dagsaflur úr stórrum leiðargildru hleypur í mesta lagi á nokkrum tugum kílóa. Fyrir vikið hafa margir veiðimenn snúið sér alfarið að ferðamannaíðnaðinum. Mennt bjóða upp á ferðir til flotþorpa og um þau og svo er komið við á veitingastað út á vatninu og ferðafólkinu boðinn heilsteiktur fiskur sem fer spriklandi á eldinn.

Smávöxnu fisktegundirnar í Tonlé Sap tengjast merkilegri sögu úr fyrri heimstyrjöldinni. Kambódía var undir frönskum nýlendulögum frá árinu 1863 til 1953. Franskir nýlenduherrar hvöttu til notkunar á netpokum til veiða sem skiluðu gríðarlegu magni af smáum og fituríkum fisk. Olía var unnin úr þessum afla og notuð í stað dísilólíu í fyrri heimstyrjöldinni. Þessi framleiðsla hafði algeran forgang og ekkert mátti fara til manneldis fyrir en þörfum hersins hafði verið fullnægt.


## Athyglisvert vandamál

Mikið er til af rituðu efni um fiskveiðarnar í þessu merkilega vatnakerfi. Skrifin einkennast reyndar af mikilli óvissu um flesta þætti. Þannig eru stofnstærðir lítt þekktar og sömu sögu er að segja um fjölda veiðimanna sem og fiskibáta og einnig um fjölda veiðarfæra. Þar að auki mun veiðipjófnaður vera talsvert algengur en umfang hans er óljóst.

Í stuttum pistli sem þessum er útilokað að gera nákvæma grein fyrir öllu því sem á gengur við þetta risastóra stöðuvatn. Einu skal þó bæta við hér lesendum til umhugsunar: Þar sem flatarmál vatnsins breytist jafn gríðarlega og raun ber vitni og lýst var hér að ofan, er uppi ágreiningsefni sem teljast verður nokkuð athyglisvert. Á þurrkatímanum þegar landið stendur uppúr, er stunduð gríðarleg hrísgrjónarækt á stórum svæðum og hrísgrjónabændur hafa afnotarétt af landinu. Svo kemur regntíminn og umturnar landinu í fiskimið og þá streyma fiskimenn að úr öllum áttum og veiða á akri bóndans, honum oftast til mikils ama þar sem hann telur sig eiga nýtingarréttinn.

Getur ekki einhver ráðagóður Íslendingur fundið lausn á þessum vanda?

### Vatnshæðin í Tonlé Sap í október/nóvember



### Vatnshæðin í Tonlé Sap í maí/júní



**VATNSSTADAN** í Tonlé Sap á tveimur árstímum, þegar vatnið er hæst og lægst.

**BJ5000EX**

Handfæra vinda  
Fyrsta nýjungin í færaveiðum  
í yfir 20 ár  
Ný hönnun  
Sterkari mótör  
Stærri skjár

**SJÓVÉLAR**  
Skútuvogi 12 · Sími: 553-3311 · www.sjo.is

## Kvikur KÓ á makrílmiðunum



Atli Hermannsson; Óvissa framundan hjá honum sem fjölmörgum smábátæigendum

# Hvers er von?

É g ólst upp við mikinn áhuga föður míns á útgerð og þurfti því að sjálfsögðu ávallt að hafa hljótt við hádegisborðið á meðan aflafréttir voru lesnar upp á Gufunni. Við bjuggum yst á Eyrinni á Akureyri og því var útgerðarfélagið, gamla bátadokkin og allt athafnasvæði Slippstöðvarinnar leiksvæði mitt. Eftir á að hyggja var það með ólíkindum hvað maður fékk að valsa þar um. Ég man til að mynda ekki eftir nema einu skipti þar sem mér var vísað brott af athafnasvæði Slippstöðvarinnar.

Eldri bróðir minn, Ólafur Ingi, byrjaði snemma á síðutogurunum og strax eftir að hann varð stýrimaður á Kaldbak, náði ég, sumarið 1972, að kría út með suði nokkra túra. Á leiðinni niður á bryggju sagði hann með föðurlegum tón aðeins 21 árs að aldri: „Atli, ef ég sé þig taka svo mikið sem einn sopa hjá strákunum, set ég þig í land á Svalbarðseyri!“ — og það vildi ég ekki.

Tvítugur flyt ég suður. Þá hafði ég þegar kynnst konunni minni og bjuggum við í Grindavík í nokkur ár. Tengdafólkið mitt býr þar svo að þangað hef ég ávallt haft bæði góða og sterka tengingu.

## Afleysingar af og til

Ég var reyndar aldrei neinn sjómaður heldur lét ég stöku afleysingar duga og átti skemmtilegt tímabil á loðnu. Það var ekki fyrr en ég flutti í bæinn árið 1986 og gerðist veiðarfærasölumaður hjá Seifi hf að ég fór að kynnst sjómönnum og útgerðum á ferðum mínum vítt og breitt um landið. Á kaffistofunni á Grandagarði 13 hlotnaðist mér einnig sá heiður að kynnst nokkrum af þessum gömlu nótaskipstjórum sem ég hafði áður heyrt um á Gufunni. Þar beið maður oft eftir að fá að heyra sögur af stórum köstum og kröppum dansi við Ægi — þær sögur komu þó aldrei. Gömlu nótakallarnir voru nefnilega flestir komnir í golfið. Þá heyrðust einnig sögur af einni og einni laxapöddu en þær hafði ég engan áhuga á að heyra.

## Kvótakerfið kemur til sögunnar

Á þessum tíma var kvótakerfið komið til sögunnar þótt síðustu sóknardagaskipin hafi ekki verið lokkuð inn í kvótakerfið fyrr en árið 1990. Á skrifstofunni sitt hvoru megin við mig sátu fyrrverandi skipstjórar og útgerðarmenn. Annar þeirra, Gunnar Magnússon í Arnarvík, hafði verið svo óheppinn að selja hlut sinn í stærstu saltfiskverkun landsins rétt fyrir daga verðtryggingarinnar. Hann var þá hættur að taka eftir því hvort árlegri afborgun hafi skolað inn á reikninginn hans. Hinn skipstjórinn, Hörður Jónsson frá Patró, var ekki síður óheppinn þar sem hann seldi útgerð sína rétt áður en kvótakerfinu var komið á. Veiðireynslan hans og væntanlegur kvóti féllu þannig öðrum í skaut.

Þetta opnaði augu mín fyrir því að ekki væri nóg að vera góður og farsæll skipstjóri til þess að fá að njóta afraksturs eigin erfiðis. Þetta varð bersýnilegra eftir því sem hver fisktegundin af annarri fór í kvóta. Í byrjun fór eins og við vitum aðeins þorskur í kvóta. Margar kvótalitlar útgerðir kepptust þá við að veiða þorsk sem gjarnan fékk nafnið úsa þegar landað var enda úsan þá utan kvóta. Þegar úsan fór í kvóta, fengu hinir sömu því drjúgan úsukvóta. Þeir gátu þannig haldið áfram að veiða þorsk og bætt úsu við — sem svo aftur fékk nafnið ufsi, steinbítur, keila eða langa við löndun. Þegar þær tegundir fóru ein af annarri í kvóta, fengu þessar útgerðir úthlutað í samræmi við meinta veiðireynslu — eða fölsuðu löndunarskýrslurnar. Mennt stálu einni tegund og voru síðan verðlaunaðir varanlega með annarri.

## Hið „heimsfræga“ Ísland

Strax á þessum árum var söngurinn um að hið íslenska kvótakerfi væri „besta fiskveiðikerfi í heimi“ hafinn og var það almenn vitneskja að aðrar þjóðir litu öfundaraugum til okkar. Ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá tók það mig næstu 20 árin og fjölda sjávarútvegssýninga í samtals fjórum heimsálfum til að komast að því að nánast hvergi annars staðar en í Noregi fannst einhver sem með herkjum gat bent á Ísland á landakorti — svo frægt var íslenska kerfið.



ATLI HERMANSSON - er hann á leið í makrílskoðun?

Þetta fékk mig til að velta vöngum yfir hvað væri eiginlega svona sérstakt í fari okkar sem veki svona mikla aðdáun — það er að segja aðdáun okkar á okkur sjálfum. Kannski útrásin í Smuguna hafi haft áhrif; hún vakti jú óskipta hrifningu vegna hinnar löngu siglingar þangað ásamt hreint fáheyrðum aflabrogðum. Norðmenn höfðu svo sem lengi vitað af þessum fisk sem hélt sig alla jafnan nokkuð langt frá botni. En dáðadregingirnir kunnu ráð; þeir notuðu svokölluð Engel flottroll sem reyndar er óheimilt að nota við botnfiskveiðar í öllu Norður-Atlantshafi og allir brostu hringinn — nema Norðmenn.

## Floyde

Stuttu eftir að Internetið kom til sögunnar, hóf ég að skrifa um fiskveiðikerfið á þeim vettvangi: um árangurslaust nýtingarkerfi Hafró og skaðsemi dreginna veiðarfæra á lífríkið svo eitthvað sé nefnt. Ef satt skal segja, þá fóru þau skrif ekki mjög vel saman við dagvinnuna: sölu á togvörum, trollstykjum og stálkeðjum. Til þess að leysa það mál, skrifaði ég um tíma undir dulnefninu Floyde á Strik.is og tók ritstjórinn ábyrgð á greinunum. Smám saman þreyttist hann þó á því að verja mig þegar hagsmunaaðilar hófu að hringja og krefja hann skýringa á hlutum sem hann kundi engin skil á. Það fer nefnilega fátt framhjá hagsmunaaðilum, trúið mér.

## Fjórði Sóminn og makrillinn

Eins og áður kom fram, hef ég aldrei verið eiginlegur sjómaður þó að ég hafi prófað flest annað en flöttroll. Þar að auki hef ég átt þrjá Sómabáta en get varla sagt að ég hafi nokkurn tíma farið frá bruggju á þeim.

Þann fjórða, Sóma 900, keypti ég fyrir rúmu ári í þeim tilgangi að breyta honum og útbúa sérstaklega á makríl. Ég var nefnilega búinn að taka eftir því að makrillinn rann jafn auðveldlega niður í lestina og loðnan forðum. Ég og svili minn, Elías Jakob, sem á heiðurinn af breytingunum hófum því verkið, fullir bjartsýni. Til þess að sannfæra konurnar að við værum nú ekki að gera neina vitleysu, sögðum við þeim að aðeins stæði til að lyfta dekkinu örlítið svo að stærri kör kæmust fyrir. En fyrst við á annað borð vorum byrjaðir, þá var ekki aftur snúið. Það endaði með því að báturinn var lengdur um tvo metra og síðurnar gerðar beinar. Við hækkuðum lunningarnar og stýrirhúsið um 30 sentimetra og innréttuðum lúgarinn og húsið upp á nýtt. Nýju asdiki var komið fyrir og skipt var um allt rafmagn og rekkverk á bátnum. Það eina sem fékk að halda sér, var olútankurinn. Breytingarnar slöguðu hátt í 15 milljónir króna að makrílúnaðinum undanskildum.

Við töldum okkur ekki hafa verið að gera neina vitleysu; að það gæti ekki komið að sök þó við útbyggjum bátinn sem allra best til veiða á fisk sem kallaður hefur verið engispretta hafsins. En annað átti eftir að koma á daginn.

## Enginn endir á ósvífninni

Við höfðum rétt hafið veiðar í fyrrasumar þegar sjávarútvegsherra ákvað að stöðva veiðarnar, að hans sögn til þess að gæta að

ásýnd kerfisins út á við eins og hann orðað það. Þá hélt ég að botninum í ósvífninni hefði verið náð. En það reyndist vera bjartsýni því að þessa dagana liggur fyrir Alþingi frumvarp ríkisstjórnarinnar þess efnis að kvótasetja eigi makrílveiðar smábáta. Svo því sé nú haldið til haga, þá eru hvorki líf- eða vistfræðileg rök sem liggja þar að baki. Það sem ræður för er fyrst og fremst taumlaus græðgi örfárra manna sem hvorki geta staðið jafnfætis öðrum né unað því að félagar þeirra njóti sömu möguleika og sama aðgangs að þessum nýja nytjastofni og þeir. Þá hlýtur það að teljast afar sérstakt að tekið sé fram í lagafrumvarpi að nokkrum einstaklingum eigi að umbuna sérstaklega með aukinni hlutdeild í sameign þjóðarinnar fyrir meint afrek á tækni-sviðinu — afrek sem reyndar var unnið í Noregi.

## If you can't kill them, watch them

Í fáfræði minni hélt ég að við hefðum eitthvað lært, að með tilkomu þessa nýja nytjastofns yrðu aðrar aðferðir viðhafðar við úthlutun en þær umdeildu aðferðir sem þjóðin hefur þrasað um síðastliðin 30 ár. Þegar þessar línur eru ritaðar á eftir að afgreiða málið úr atvinnuveganefnd svo það má allt eins vera að þegar blaðið kemur út, verði ég byrjaður að breyta bátnum fyrir sjóstöng og hvalaskoðun. Auglýsingin á heimasíðunni gæti hljómað svo — If you can't kill them, watch them — og þá er ég ekkert endilega að tala um hvalina.

Atli Hermannsson

Ker Umbúðamiðlunar eru eingöngu ætluð undir matvæli.

Umbúðamiðlun ehf.  
Sími: 5556677



50  
FIMMÍU ÁR Á ÍSLANDI  
TOYOTA  
MEST SELDI BILLINN Í 25 ÁR



ALWAYS A  
BETTER WAY

## FARSÆLT SAMBAND Í HÁLFA ÖLD

Við fögnum 50 ára afmæli Toyota á Íslandi



**Glæsileg Land Cruiser 150 afmælisútgáfa**  
33" afmælisbreytingarpakki að verðmæti 750.000 kr. fylgir\*

**Gjafabréf frá Icelandair** til Evrópu með öllum nýjum Toyotum\*

### AFMELISGLEÐIN HELDUR ÁFRAM HJÁ VIÐURKENNDUM SÖLUÆÐILUM TOYOTA Á ÍSLANDI.

Toyota-eigendur hafa í 25 ár gert Toyota að söluhæsta bíl landsins. Þeir eru betri helmingurinn í farsælu sambandi Toyota við landsmenn í hálfa öld. Til að fagna því bjóðum við sérstaka afmælisútgáfu af Land Cruiser 150 ásamt veglegum 33" breytingarpakka.

Fagnaðu með okkur farsælu sambandi í hálfa öld.



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

\*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## Trefjaplast: undraefnið sem gjörbylti smíði smábáta

Að mörgu skal hyggja, eigi vel að byggja

# Hugleiðingar um trefjaplast

Öll efni hafa sína ákveðnu efniseiginleika. Og þau efni og efnasambönd sem notuð eru til bygginga, verða þar af leiðandi að hafa ákveðna efniseiginleika með tilliti til notkunarviðs.

Þeim efnum sem ætlað er að hafa góða burðarþolseiginleika, hafa venjulega ekki hvert um sig alla þá eiginleika sem til þarf til þess að gera sterkt og þolgott efni til mannvirkjagerðar.

Til húsbygginga hér á landi er oftast notuð steinsteypa og steypustyrktarjárn til þess að gera veggi og plötur húsa. En það er ákveðin samvinna steypu og járns sem gefur þessa góðu eiginleika, styrk og veðurþol. Steypan getur staðið á móti miklum þrústiálagi og gefur hönnuninni mikinn þéttleika en hefur aftur á móti lítið beygju- og togþol. Þar kemur steypustyrktarjárnið til sögunnar og er það efni sem tekur á móti beygju- og togálagi.

Svipaða sögu er að segja um smíði hluta úr trefjaplasti, til dæmis skipa og báta. Það eru smíðaðir bátar og skip, allt að en 50 metra löng (jafnvel lengri) og aðrar stærðir, breidd og dýpt í réttu hlutfalli. Það sem við köllum trefjaplastbáta, eru trefjaplastskeljar sem mynda ytri byrðinginn og hefur skilrúm, bita og bönd úr sama efni. Trefjaplastskelin er að miklu leyti sambærileg við steinsteyptan útvegg með steypustyrktarjárn. Þarna eru á ferðinni plastefni og herðir sem koma í stað steypu og gler-trefjar í stað steypustyrktarjárns.

Það er alkunna að ekki er vandmál að tengja saman steypa veggi. Þá eru steypustyrktarjárn veggjanna látin skarast og steyp á milli. Með sama hætti eru plötur tengdar við útveggi/burðarveggi. Með svipuðum hætti er til dæmis þilfar tengt við skrokk skipsins. Notuð eru plastefni og mottur úr trefjaplasti og motturnar láttnar skarast ákveðið inn á dekkið og inn á skelina og fljótandi plastefni látið líma allt saman. Rífa þarf upp fletina í skelinni

og dekkinu þannig að trefjarnar sjást þar sem ætlunin er að motturnar límist saman. Þetta er sambærilegt við það að láta steypustyrktarjárnin skarast. Með þessum hætti er hægt að ná afar sterkum tengingum á milli byggingareininga úr trefjaplasti.

Til þess að ná fram góðum burðareiginleikum fyrir dekk og þil án þess að þyngja hönnunina um of, hafa menn forsteypt svokallaðar samlokur. Samloka samanstendur af tveimur tiltölulega þunnum plastskeljum með plastfrouði á milli. Að öllu jöfnu er hægt að fá góða samloðun/tengingu á milli frauðs og plastskelja. Þessar plastsamlokur hafa afar góða burðarþolseiginleika þegar standast þarf beygjuálag og jafnframt verulegt tog- og þrústiálag í lengdar- og breiddarstefnu samlokunnar. Við slíkar aðstæður eru það nánast eingöngu trefjaplastskeljarnar sem taka við álaginu en hlutverk frauðsins er að halda trefjaplastskelj-unum aðskildum. Þessu má líkja við 1 bita úr stáli en þá taka efri og neðri flangsinn (platan) við öllu álaginu en platan á milli flangsanna heldur þeim aðskildum.

Allt öðru máli gegnir þegar þrústi- eða togkraftar koma þvert á samlokuna, þar eru kraftar sem þrústa skeljum samlokunnar saman eða toga þær í sundur. Samþjöppunar- eða togþol frauðsins er fremur lágt og því ekki ráðlegt að notast við samloku þegar álagið er úr þeirri átt. Það mætti líkja því við að setja millivegg í hús og tengja hann síðan við innra steypulag útveggisins (þússninguna) þar sem plasteinangrun er höfð á milli. Útveggurinn hefði nánast engan stuðning af slíkum millivegg og við vindálag á vegginn mundi innra steypulagið molna og plastið þjappast saman án mikillar mótspyrnu.

Um samsvarandi hættu er einnig um að ræða ef skelbyrðingur og millipil skips eru úr samloku. Innri skel byrðings væri þá væntanlega tengd við sitthvora skel þilsins með trefjamottum og límt saman með plasti. Fáí svoleiðis skip á sig mikinn þrústing frá öldu eða högg frá bryggjukanti mun tiltölulega þunn ytri skelin gefa eftir án þess að brotna en frauðið á milli skeljanna mun þjappast saman. Smám saman gæti þetta valdið miklum burðarmissi í skelsamlokunni.



STEFÁN GUÐSTEINSSON

Sama er uppi á teningnum þegar settar eru langstyrkingar í skip sem eiga að ná eftir mest allri lengd skipsins. Ef endi slíkrar styrkingar er aðeins látinn ná að plastskelinni munu allar hreyfingar vegna beygjuálags og titrings gera þessa tengingu gagnslausa með tímanum eða við óheppilegt álag, til dæmis ofaná dekkið eða undir skipið. Allar styrkingar, bitar, bönd eða botnstokkar í skipum þurfa að vera einsleitar, það er með svipaðan efnisstyrk og burðargetu á hverja lengdareiningu eftir allri þeirri lengd sem henni er ætlað að veita styrk og hafa jafnframt tryggja tengingar til endanna.

Annað fyrirbæri sem þarf að hafa hugfast varðandi burðarþolsgetu, eru skerspennur. Slíkar spennur leitast jafnan við að klippa í sundur það sem heldur saman. Þegar tvær plötur sem settar eru saman með bolta og síðan settur á þær togkraftur sitt í hvora áttina, þá leitast skerkraftar við að klippa boltann í sundur.

Hugsum okkur að sett væri spil á dekk úr samloku og fest bara á efri skelina. Þegar togað væri í lárétt, færi allur togkrafturinn fyrst í efriskelina, og þá er spurningin hversu mikið af álaginu fari í neðri skelina. Nú reynir á hversu mikinn skerkraft frauðið þolir eða tengingin á milli frauðs og skeljar. Neðri skelin tekur þátt í að standast álagið þangað til tengingin á milli frauðs og efri skeljar rofnar. Hægt er að útbúa haldgóða tengingu fyrir spil við samlokudekk þar sem öll samlokun tekur þátt

Í að standast álagið. Góður frágangur gæti til dæmis verið þannig að bolta saman stálplötur ofan og neðan á samlokuna með rörstubb á milli boltagatanna sem varnar því að frauðið þjappist saman og spilið festist síðan við efri plötuna.

Ég hef starfað í mörg ár sem skipatækni-fræðingur við hönnun á skipum/bátum úr stáli og trefjaplasti og jafnframt tekið þátt í nokkrum rannsóknum þar sem verið er að prófa þolmörk alls konar samsetninga úr trefjaplasti. Mér er því fullkunnugt um að hægt er að ná miklum styrk í alls konar samsetningar úr trefjaplasti ef þær eru rétt gerðar.

Ef skip eru smíðuð úr stáli, eru gerðar miklar kröfur um gæði og eiginleika stálsins. En ef það ætti að líkja saman efni til smíða skips úr stáli og skips úr plasti eins og þetta er gert í dag, þá þyrftu þeir sem smíða stálskipið nánast að framleiða stálplötturnar sjálfir og þar með að ná fram öllum efniseiginleikum, lágmarkskröfum.

Þetta þætti nánast ómögulegt vegna þess gríðarlega umfangs sem er að framleiða stálplötur til skipasmíða. Aftur á móti þegar skip er smíað úr trefjaplasti, þarf framleiðandinn að gera nánast allt smíðaeefnið sjálfur úr ákveðnum grunnefnum, glertrefjum, resínum og herðum og gera það við réttar aðstæður varðandi hita- og rakastig þannig að lágmarkskröfum fyrir smíðaeefnið um styrk og þol sé mætt.

Það er mín afstaða að almennt skuli öll skip og bátar sem smíðuð eru úr trefjaplasti, vera með gegnheilan byrðing (plastskel) upp að neðsta dekki ofan sjólínu. Auðveldlega er hægt að koma því við að allir burðarbitar séu órofnir eða settir saman með tryggum hætti, alla þá lengd eða breidd sem þeim er ætlað að þjóna, ekki síst burðarbitar sem eru langskips í botni eða dekki skipa.

**Stefán Guðsteinsson**  
skipatækni-fræðingur



Öll siglinga-, fiskileitar- og fjarskiptatæki um borð í Vigur SF-80 eru frá Sónar ehf.

## Alvöru tækjalausnir fyrir alvöru báta

Tæki frá Sónar eru  
lykill að góðri þjónustu ...



Hágæða siglinga- og fiskileitartæki

**ComNav**

Sjálfstýringar sem menn treysta,  
með öflugri hliðarskrúfustjórnun

**Raymarine®**

Fjölbreytt og vönduð siglingatækjalína

**SAILOR®**

Fjarskiptatæki sem allir þekkja

**wassp®**  
MULTIBEAM

Fjölgeisla dýptarmælar sem kortleggja  
botninn fyrir þig á mettime

**Kíktu við eða hafðu sam-  
band og skoðuðu hvaða  
lausnir við höfum fyrir  
bátinn þinn.**

**SÓNAR**  
HEILDARLAUSN  
Í SIGLINGATÆKJUM

Sónar ehf · Hvaleyrarbraut 2 · 220 Hafnarfjörður · Sími 512 8500 · sonar@sonar.is · www.sonar.is



## EKKI SOFNA Á VERÐINUM!

Vissir þú að svefnkortur eykur hættu á að menn geri mistök sem geta leitt til slysa. Láttu ekki þreytu og svefnleysi sigla með þig í strand. Vökum yfir öryggi okkar.

Samgöngustofa

## Minni útgeislun ratsjár með nýrri tækni



ÚTGEISLUNIN FRÁ BREIÐBANDSRADAR er minni en frá GSM síma.

**F**yrir nokkrum árum varð bylting í radartækni og hún hefur verið að ryðja sér til rúms í bættum radarbúnaði og öryggi sjófarenda. Í meira en 60 ár hefur radartæknin fyrir skip verið nokkuð óbreytt, alla vega án stórtíðinda en nú er að verða breyting á. Hin nýja tækni er svokölluð breiðbandstækni. Með henni eru gerðar meiri kröfur til framleiðenda um að draga úr geislun ratsjár til þess að mæta bæði truflana- og umhverfissjónarmiðum.

### Breiðbands ratsjár

Breiðbandstæknin þar sem breytilegur tónn eða tíðni er send út stöðugt, krefst mun minni orku og skilar betri og nákvæmari árangri í að greina endurkast. Þetta er gert með tveimur loftnetum; annað sendir stöðugt en hitt tekur stöðugt á móti. Með eldri púlstækninni er aftur á móti sendur út mjög sterkun púls af miklu afli og síðan hlustað eftir endurkasti. Sú tækni hefur ávallt krafist mikillar orkunotkunar og valdið verulegri orkuútgeislun frá radarnum. Þessi mikla orka sem send er út, hefur komið í veg fyrir að hægt sé að greina endurkast frá mjög nálægu skipi eða skipum.


Breiðbandsratsjár þurfa ekki upphitunartíma og geta því byrjað að senda strax eftir ræsingu. Þessir nýju radarar nota mjög litla raforku sem oft er af skornum skammti í skipum. Þeir geisla einstaklega litlu út af orku og svo lítið að það telst algerlega hættulaust. Þar af leiðandi er hægt að vera með kveikt á radarnum þegar skip er í höfn og menn geta unnið öruggir í námunda við hann. Með þessari nýju tækni sjá ratsjárnar mun nær skipinu en hefðbundnar púlrsratsjár af eldri tegundum gerðu en slíkt getur reynst jafnmikilvægt eins og það að sjá langt fram fyrir skipið. Ennfremur er aðgreining á milli endurkasts (skipa) mun betri og auðveldara að greina vel á milli endurkasts þegar skip eru nálægt hvert öðru og af meiri nákvæmni en áður var.

Ennfremur getur breiðbandsratsjárn aðlagað sig sjálf að truflunum og að mismunandi veðri en um leið er besta útkoman tryggð með minnstri fyrirhöfn fyrir notandann. Smáir hlutir í sjónum geta verið hættulegir skipum og þar reynist breiðbandsradarinn einstaklega vel. Simrad 3G radarinn (2009) sér í allt að 24 sjómílna fjarlægð en Simrad 4G gerðin (2011) í 36 sjómílna fjarlægð.

Eini hreyfanlegi parturinn í þessum gerðum er mótorinn sem snýr skanninum og er hann í lokuðu húsi; hann er kolalaus sem minnkar slit og viðhald. Engin „magnetrona“ er í þessum tegundum Simrad en magnetronur (púlrsradar) hafa ákveðinn líftíma og hefur þurft að skipta um þær reglulega með tilheyrandi kostnaði.

### Púlrsratsjár enn í fullri notkun

Púlrsratsjár eru enn í fullri notkun og eru til dæmis í 10 og 25kw útgáfum og þá jafnan í stærri skipum og gera þær kleyft að horfa lengra - eftir fuglum, veðri og landi. Þróun hefur þó einnig orðið í þeim til þess að mæta kröfum um minni útgeislun og truflanir. Sem dæmi má nefna nýjar gerðir eins og Simrad TXL ratsjár sem eiga að hafa lága útgeislun (low emission) en þær voru kynntir á síðasta ári



Voot beita selur hágæða beitu fyrir allar stærðir línubáta ásamt veiðarfærum og ýmsum aðföngum og leggur mikla áherslu á að mæta kröfum viðskiptavina sinna með traustri og vandaðri þjónustu

Hafðu samband **núna!**



Afgreiðum **vörur** um allt land **samdægurs**

[www.beita.is](http://www.beita.is)

Ægisgata 2, 240 Grindavík

s. 581-2222

(2014). Breiðbandsratsjár eru þó oft notaðar samhliða púlsradar og þá til þess að hafa meiri aðgreiningu og sjá betur nálægt skipinu. Slík samsetning nýtist vel til þess að verjast sjóránnum þegar siglt er um leiðir sem bjóða upp á slíka hættu.

## Ný tækni sameinar breiðbands- og púlstækni

Núna nýlega (2015) kynnti Navico sem er framleiðandi Simrad, Lowrance og B&G siglingatækja, nýjan radar sem viðbót við þessa tækniþróun. Þetta er Simrad Halo radarinn. Halo byggir á sameinaðri breiðbands- og púlstækni eða púls samþjöppun (Pulse compression radar). Halo radarinn getur fylgst sjálfvirk með mörgum endurköstum samtímis (MARPA) og er mjög langdrægur en greinir einnig vel það sem nálægt er.

Haloratsjain deilir kostum breiðbandsradara; hún hefur litla útgeislun og kveikir fljótt á sér en sér þar að auki mun lengra. Á meðan breiðbandsradararnir eru í lokuðu húsi, er Halo með skannerblað sem snúst. Haloratsjain verður í boði í þremur stærðum sem munu draga 48, 64 eða 72 sjómílur. Hugbúnaður Halo hefur jafnframt 5 mismunandi stillingar svo að hægt sé að aðlagja upplýsingar að því sem notandinn óskar eftir en þær eru: höfn, úthaf, fuglar, veður og síðan frjáls uppsetning notanda. Haloratsjain sameinar kosti púlsradars og breiðbandsradars og sendir með mjög lágrí útgeislun.

Ásgeir Örn Rúnarsson


### Útskýringar :

MARPA, Mini automatic radar plotting aid, gefur notanda möguleika á að merkja við tiltekið endurkast (skip eða annað) og fylgjast með hreyfingu þess, hraða og meta hvort líkur séu á árekstri við það.


Broadband, breiðband. Stendur fyrir breitt tíðniband.

FMCW, frequency modulated continuous wave. Samfelld tíðnimótuð útsending.


Pulse compression, púls samþjöppun. Sameining breiðbands og púlstækni.




A-GREINING plotter púls 4kw, 3 sjómílur.




A-GREINING plotter breiðband, 3 sjómílur.



FYLGST MED MÖRGUM MARPA merkjum í einu.



RADARPLOTTER og radar lagður yfir kort.



LITLIR HLUTIR rétt yfir yfirborði sjást vel.

# Sjómenn hlusta ekki á neitt kjaftæði



30 ára  
**saeplast**

Þeir vilja bara fá traust og hentug ker undir sinn afla svo þeir fái sem mest fyrir sínar afurðir. Saeplastkerin eru hönnuð samkvæmt ströngustu kröfum sjómanna.



310 L



380 L



460 L



660 L

PROMENS  
PART OF RPC GROUP

PROMENS DALVÍK • GUNNARSBRAUT 12 • 620 DALVÍK • SÍMI 460 5000 • [www.promens.com/saeplast](http://www.promens.com/saeplast)



# Um eftirmála fársins í Furðudal



SVEINBJÖRN JÓNSSON skipstjóri og skáld

## Nú eru liðin allnokkur ár frá því að „Fárið“ reið yfir Furðudal.

Sagnfræðingar telja að betra sé að ákveðin fjarlægð sé til staðar áður en menn reyna að kryfja til mergjar orsakar og afleiðingar þeirra atburða sem marka hvað djúpst spur í sögu okkar og sveitarsál.

Bæði er að tíminn veitir oft betri yfirsýn yfir söguviðið og eins er talið að rökviss greining taki smá saman völdin af tilfinningunum sem eiga það til að bjaga dómgreind okkar í nálægð stórra atburða.

Haustið sem ógæfan dundi yfir Furðudal hefði Inga Geir, bónda, sem hafði tekið við slarkfæru búi af föður sínum, Daddó, nokkrum árum áður er hinn síðarnefndi settist í helgan stein og tók við rekstri hlöðunnar á Gammhóli, mátt vera ljóst að ekki væri allt með felldu.

Fjórhirðunum sem höfðu gætt hjarðanna í hinu blómlega hagkerfi Furðudals við vaxandi hagsæld nokkur undanfarin ár, fannst þeir ekki

bera nóg úr bítum og höfðu allir sem einn tekið til þess ráðs að bjóða fjáreigendum í fjarlægum sveitum að beita fé sínu á hina blómlegu haga Furðudals.

Nei, það hefði ekki átt að koma Inga Geir bónda á óvart hversu hratt hinn blómlegi dalur breyttist í eyðimörk við ofbeitingu og það verður því að setja spurningamerki við þá ákvörðun þeirra feðga að opna hlöðuna á Gammhóli upp á gátt og láta dreifa margra ára birgðum af heyi út í hagana til þess að reyna að viðhalda viðunandi vexti fjárins og koma í veg fyrir hrun bústofnsins.

Það hefur heldur ekki verið rannsakað til hlítar hvort heyið komst yfir höfuð út í hagana eða hvort því var í einhverjum mæli ekið inn í hlöður einhverra útvalinna til síðari nota. Þó má ljóst vera að aðeins sára litlum hluta fjárins var bjargað og þá með því örþrifaráði að flytja það á laun til nokkurra sígrænna eyja í suðurhöfum þar sem aldrei þrýtur jarðargróða. Restin drapst eða hjaraði við hungurmörk án vaxtar í hor.

Í ljósi sögunnar verður líka að setja spurningamerki við þá ráðstöfun Inga Geirs að neita að viðurkenna mátt dauðans og halda því fram að dauðum fjárhirðum sé hægt að gefa framhaldslíf með því að aðgreina sál frá líkama og láta jafnframt sem hvoru tveggja sé lifandi. Slíkt leiðir að sjálfsögðu einungis til mikilla reimleika þar sem draugar, afturgöngur og uppvakningar leika sér með huldufé uns ólíft verður í dalnum þar til einhver öðlast kjark til þess að kveða niður fyrrgreindar forynjur og slátra huldufénu.

Þeir eru líka til sem halda því fram að margsannað sé að fjárhirðar hafi enga sál og því sé gjörningurinn markleysa og leiði til forsendubrests sem bitnar á öllum þeim sem eitthvað eiga.

Líklega verður niðurstöðu þessara atburða best lýst með ljóði sem einhver orti á allt öðrum stað og um allt aðra tíma áður en reimleikar og huldufé tóku þar öll völd.



## VDO HEFUR FLUTT AÐ TUNGUHÁLSI 19

### MÆLAR

Fyrir báta og önnur tæki. Flestar gerðir til á lager.



# VDO

Tunguhálsi 19 | 110 Reykjavík | Sími 588 9747 | [www.vdo.is](http://www.vdo.is)



MYNDIR: Alfons Finnsson og Þorgeir Baldursson

## Váfangar

Einmana stendur Akrafjall umvafið sléttum völlum seint mun það verða sett á pall samhlíða miklum fjöllum Esjan sem veitir ágætt skjól í umhverfi margra bæja minnir þó helst á malarhól miðað við Himalaya

Eins er um manna metinginn metnaður vitið kæfir lúinn oft sýnist letinginn lúserar virðast hæfir ráðherrar sem af rembingi reikna sér hagsæld góða ættu að hverfa af Alþingi án þess að safna gróða

Krónunnar verðir kreppa fast krumluna stýrivaxta tálvonamenn þeir tvíst og bast telja í duftið lagsta enginn þó flýr sinn Arnarhól örlögin strengja tauminn englar og djöflar, fagmenn, fól falla í kólgustrauminn

Ísland úr djúpi ógnar rís aldrei með þeirra ráðum

heldur er sjálfur voðinn vís vakinn af lognum dáðum afstæðið dæmir fólk og fjöll fegurð og lönd og þjóðir hljóðir við megum hlátrasköll hlusta á landar góðir

Það brunnu eldar á Vesturvöllum og glumdi í tómun matarílátum þegar Ingi Geir, að niðurlotum kominn, var neyddur til að skila búinu í hendur Jógrími, hálfbróður sínum í móðurætt.

Jógrímur var lítill búmaður og ef einhver hefur haldið að hann væri kominn til að kveða niður drauga, afturgöngur og uppvakninga og slátra huldufé, þá var það mikill misskilningur. Þvert á móti gerði hann allt til þess að styrkja trúna á hulduféð, sérstaklega það sem var af erlendum uppruna. Það er freistandi að álykta að Jógrímur hafi lagt allt kapp á að afhjúpa hve slæmur viðskilnaður Inga Geirs var og jafnvel eytt mest allri orku sinni í það markmið. Þó ber þess að geta að Jógrímur keypti nýjan smalahund, blending af íslenskum, norskum og frönskum hundi sem sagður er sérstakur í því að þefa uppi sauðabjófa og huldufé.

Þeir sem telja sig þekkja Jógrím vel, vilja ekki samþykkja að annarlegar hvatir hafi legið að baki þessum ráðstöfunum. Þeir vilja meina að

## PS5002 VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli



## VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli

**Fjölþátta flotgalli með tvöfaldri einangrun sem hentar vel við íslenskar aðstæður. VIKING PS5002 uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til staðals og meira til. Flotgallinn er með innbyggt flot í baki sem gerir það að verkum að þú getur notað hann án björgunarvestis, það getur skipt sköpum við neyðaraðstæður!**

- Flotgallinn er samþykktur af SOLAS og Siglingastofnun Íslands
- Flot innbyggt í baki
- Marglaga einangrun
- Stillingaról fyrir misjafnar stærðir
- Losanlegir hanskar auðvelda þér að fara í gallan
- Hífilína, félagalína ásamt neyðarljósi
- Fáanlegur í lofþéttum umbúðum
- Stærð: 140-200 cm  
Yfirstærð: 190-210 cm

**Má nota án  
björgunarvestis**

Jógrímur hafi verið tvíklöfing persónuleiki þar sem annar horfði inn á við en hinn út á við og þetta hafi leitt til eilífra málamiðlana um allt og ekkert og endað í hálfgerðri kattasmölun. Hitt er þó orðið ljóst að Jógrímur var í mjög slæmum félagskap við einhvern sem sagður er hafa verið melludólgur í Dalasambandinu og að sá gerði allt sem hann gat til þess að viðhalda trúnni á erlenda hulduféð. Þetta gekk jafnvel svo langt að þeir héldu því blákalt fram að sumu huldufénu hafi verið bjargað með því að leggja það á ís. Fé þetta kölluðu þeir "Ísbjargar fé" og vildu að það fengi að éta allan nýgróður í Furðudal. Þetta átti ekki að koma að neinni sök því ef íbúar Furðudals yrðu hlýðnir og góðir, áttu þeir að fá að sameinast Dalasambandinu sem tæki þá aftur við öllu huldufénu.

Því var jafnvel haldið fram að íbúar Furðudals þyrftu ekki einu sinni að láta af uppáhaldsskemmtun sinni sem er að sjálfsögðu "Hungurleikar hafsins" og gengur út á að láta allt of marga fiska berjast um allt of lítinn mat þar til öll lífræn orka fer í baráttu og engin í vöxt. Þá var einnig gefið í skyn að íbúar Dalasambandsins vildu gjarnan taka þátt í leikjunum undir stjórn Furðudals og að því til staðfestingar hefðu þeir sent allan makrílinn sinn ókeypis til Furðudals.

Sjálfsagt hefur Jógrími þó verið ljóst innst inni öðru megin að fiskar þurfa fóður til vaxtar alveg eins og fé. Því hlýtur það að hafa verið honum mikill léttir þegar Ólgrímur, frændi hans í föðurætt og bóndi á Blesastöðum, tók fram fyrir hendur honum og harðneitaði að allt þetta huldufé væri haft á fóðrum í Furðudal.

Öllum mátti ljóst vera að við slíkt inngrip ofan í allan draugaganginn sem einnig færðist í aukana, væru dagar Jógríms sem bónda fljótlega taldir en hann hjaraði þó nógu lengi til þess að Hrafn sem hafði tekið við stjórn forðahlöðunnar á Gamhóli, gat svarað glysgirni sinni með því að kaupa skartgripaverslun fyrir nokkrar horrollur sem Daddó, fyrirrennara hans, hafði tekist að fá fyrir heyið um árið.

Eftir á að hyggja verður tímabili Jógríms bónda best lýst með ljóði sem ort var í allt öðru landi, á allt öðrum tíma og af allt öðru tilefni.

## Óhræsin

Ein er út í hafi yfirgefin þjóð skelfd í skuldakafi skilningslaus og móð syrgir týnda syni sviður lausnargjöld vantar flesta vini varga hefur fjöld

Brátt mun skortur brauðsins brenna lýðum á okurverðir auðsins auma varla sjá slúðurfléttur slyngar slæva rétta trú alls lags uppvakningar öllu ráða nú

Akademískt eitur áfram ræður för faglegur og feitur finnur engin svör drepi engin drekan drambs og hroka þá sök ei bítur sekan saklaus líða má

Sjálfs er höndin holla heygir kúlulán tekur væna tolla tilefnanna án þá mun skuldaskorinn skjannahvítur gaur brátt til valda borinn blindur eins og staur

Ferlega við fórum faglega á haus trúlega þó tórum tilfinningalaus gæðakonan góða göfgar logna tíð sækir pott að sjóða soltinn þrælalýð

Sigbjarni sem tók við af Jógrími bónda í Furðudal, er náfrændi Daddó í beinan karllegg en hann var eins og allir vita bóndi í Furðudal áður en ógæfan dundi yfir. Það er ekki tíma-



# BSI á Íslandi

Faggild skoðunarstofa



## SKIPASKOÐANIR UM ALLT LAND

### Fagleg þjónusta á sanngjörnu verði

Hjá okkur starfa 5 skoðunarmenn sem eru boðnir og búnir að aðstoða þig með þína skipaskoðun. Skoðunarmenn okkar eru með áratuga reynslu og kappkosta að veita faglega þjónustu á sanngjörnu verði og leggja þannig grunninn að farsælu langtíma sambandi.

**Það er einfalt að bóka skoðun hjá BSI á Íslandi**  
Þjónusta okkar er um allt land og einfalt að komast í samband til að bóka skipaskoðun. Þú getur sent okkur tölvupóst á [skipaskodun@bsiaislandi.is](mailto:skipaskodun@bsiaislandi.is), hringt í skrifstofu okkar í síma 414 4444 eða haft samband beint við skoðunarmann sem bókar tíma sem hentar þér.

### Settu þig í samband og fáðu verð fyrir næstu skoðun – það gæti borgað sig



- Vestfirðir og Snæfellsnes (Patreksfjörður)**  
Magnús Jónsson  
892-7139  
[magnus@bsiaislandi.is](mailto:magnus@bsiaislandi.is)
- Norðurland (Akureyri)**  
Óli Austfjörð  
840-0253  
[oli@bsiaislandi.is](mailto:oli@bsiaislandi.is)
- Austurland (Neskaupstaður)**  
Grétar Örn Sigfínnsson  
840-0252  
[gretar@bsiaislandi.is](mailto:gretar@bsiaislandi.is)
- Suður-og Vesturland (Reykjavík)**  
Hálfdan Henrysson  
840-0250  
[halfdan@bsiaislandi.is](mailto:halfdan@bsiaislandi.is)
- Vestmannaeyjar**  
Leifur Gunnarsson  
898-4023  
[leifur@bsiaislandi.is](mailto:leifur@bsiaislandi.is)

BSI á Íslandi ehf / Faggild skipaskoðunarstofa / S 414 4444 / [skipaskodun@bsiaislandi.is](mailto:skipaskodun@bsiaislandi.is) / [www.bsiaislandi.is](http://www.bsiaislandi.is)

bært að segja sögu Sigbjarna sem bónda í Furðudal enda stendur hún enn yfir. Þó veldur það nokkrum áhyggjum þeirra sem til þekkja að þrátt fyrir fögur fyrirheit um að kveða niður drauga, afturgöngur og uppvakninga og slátra huldufé, eru efnirnar enn á huldu.

Undanfarið hafa borist fréttir af því að sjóræningar hafi sést úti fyrir ströndum Furðudals og sumar fregnir herma að þeir hafi nú þegar gengið á land. Ekki er ólíklegt að fluttningar huldufjár til Karabíska hafsins hafi skilið eftir slóð sem dregur þennan reimleikaófgnuð hingað til Furðudals og er ekki á bætandi.

Íbúar Furðudals verða að geta trúað að draugagangurinn sé senn á enda, annars er hættu á að þeir flýi dalinn. Viðfangsefnið er í sjálfu sér mjög einfalt: það verður að kveða niður draugana, afturgöngurnar og uppvakningana og slátra huldufénu.

Ef það verður ekki gert er hættu á að margir reyni að fá útrás eins og skáldið í allt öðru landi og á allt öðrum tíma og af allt öðru tilefni gerði eftir langvarandi reimleika þar og þá gef ég ekki mikið fyrir framtíð Furðudals.

## Útrás

Bólvaðir séu bankarnir bannsettir auratankarnir skorpni undan þeim skankarnir skaði þjóðfélagsbankarnir

Ábyrgðin þeirra upplogin innihaldslaus og burtflogin mannorðin hrjái mergsogin mögur og rúr og kengbogin

Bankastjórana bólvaða af burgeisagræðgi ölvaða mætti ég sjá þá mölvaða í milljónir bita, tölvaða

Lánið reynist þeim líka valt líkamanum sé fimbulkalt liggi í þeirra sárum salt sjúkdómar hrjái út um allt

Þó gera vilji þeim gapastokk gat sem aðskilur haus og skrokk hafa þeir enn hálaunaflokk helvítis fokking, fokking, fokk

Eftir slíka útrás gæti verið við hæfi að enda þennan fréttapistil úr Furðudal með því að líta örlítið í eiginn barm okkar útrásarvíkinganna og lenda þessu mjúklega eins og hagfræðingarnir í allt öðru landi og á allt öðrum tíma sögðu af allt öðru tilefni:

## Mjúk lending

Við umberum flest þann er ann okkur friðar erum til stórræða keik með stjörnur í augum við stóðum til hlíðar stórðum á hetjanna leik

Þær flugu um heiminn á flottustu þotum fléttuðu skuldanna slóð nú er lukkan á burt og lánin á þrotum lenda á hnípinni þjóð

Oft reynist skammt milli frægðar og fjötra á frelsisins misskildu jörð auðmanna fót eru efni í töttra sem erfir hin mislita hjörð

Útrásarvíkinginn kreppan nú kvelur kallar til athafna fátt því klappstýruliðið er komið í felur og kannast ei neitt við sinn þátt

Þó drambsemi vor okkur dragi á talar og drepist vor sómi, er brúnt að nærgætni ráði í nærveru sálar sé náungabelið ei týnt.

Með bestu kveðjum frá Furðudal ímyndana Lifið heil, Sveinbjörn Jónsson

# Virðing | Sjálfbærni | Velferð

Gildi stjórnenda og starfsmanna Vinnslustöðvarinnar hf. í Vestmannaeyjum eru að hafa virðingu, sjálfbærni og sanngirni að leiðarljósi í starfsemi sinni til að skapa félaginu og samfélaginu velferð og farsæld. Það gerist meðal annars með því að

- umgangast og nýta auðlindir hafsins með virðingu og skynsamlegri sókn.
- stjórna ferli veiða, vinnslu og markaðsmála allt til neytandans þannig að saman fari kröfur um gæði, ábyrgð og afrakstur í starfsemi.
- stuðla að sjálfbærni auðlinda og samfélags, styrkja innviði byggðarlags síns og velferð þjóðarinnar allrar.
- leitast við að láta gagnkvæma sanngirni ríkja í samskiptum, jafnt inn á við sem út á við.
- stuðla að arðsömum rekstri svo menn njóti ávöxtunar af vinnuframlagi sínu og skapi um leið forsendur þess að félagið fái staðið undir samfélagslegri ábyrgð sinni.
- bera virðingu fyrir neytendum sjávarfangs og leitast ætíð við að tryggja að vörumerkið VSV sé öruggt tákni um góðar og hollar afurðir.
- virða hvert annað, einnig þá sem starfa í sjávarútvegi og í þjónustu- og viðskiptagreinum sjávarútvegsins.

Sendum sjómönnum og öllum öðrum, sem starfa við íslenskan sjávarútveg, kveðjur í tilefni sjómannaþingsins!

Mynd: E. Einarsson / Jónsson




Hafnargata 2 | 900 Vestmannaeyjar | sími 488 8000 | vsv@vsv.is | www.vsv.is

Vinnslustöðin Vestmannaeyjum **VSV**

# Fiskiker 300 og 350 lítra og niðsterkir línubalar 70 og 80 lítra

Íslensk framleiðsla




**80 lítra**  
Vörunúmer 15114  
Hæð 385 mm  
Efra þvermál 570 mm  
Neðra þvermál 495 mm  
Þyngd 7,1 kg

**70 litres**  
Vörunúmer 15112  
Hæð 415 mm  
Efra þvermál 535 mm  
Neðra þvermál 425 mm  
Þyngd 6,1 kg

**350**  
Vörunúmer 20157 PUR  
Hæð 73 cm  
Breidd 76 cm  
Lengd 92 cm  
Rúmtak 322 lítrar

**300**  
Vörunúmer 20156 PUR  
Hæð 68 cm  
Breidd 71 cm  
Lengd 91 cm  
Rúmtak 255 lítrar

**BORGARPLAST**  
www.borgarplast.is



## Erfiða útgáfan

### Lárétt

- 3 Flyt fiskigræju eigin hendi (8)
- 7 Hvað ætli vinstri kanturinn segi um að ég éti hrygg? (8)
- 9 Fiskiskipið dregur björg í bú (8)
- 10 Sendi mannskapinn í viðleguna (8)
- 11 Silfur og köfnunarefni eru efni í góða beitu (3)
- 12 Andarnefjan segir hnakkakúluna búna (13)
- 14 Vesalmenni á snjáðu rúmklaði heilagfiskis (8)
- 17 Hér er veislumáltíð sem þið afhentuð aftur og aftur (6)
- 19 Fæðir bygging veitingastað? (8)
- 21 Leita þeirra óþæginda sem af hrósi leiða og prísá (7)
- 24 Stök ræða er málfræðihugtak (7)
- 25 Són og svið þar sem þeir eru að fá hann fyrir austan (9)
- 26 Snagabrún geymir unga ránfugls (7)
- 27 Algjör fjársjóður er fullkomlega tómur og laus við hafis (7)

### Lóðrétt

- 1 Sjómíla er hraðinn sem þessi ljóti fiskur nær (9)
  - 2 Spreða upplýsingabæklingum (11)
  - 3 Endurgjöldum hlúju á veðramótum (10)
  - 4 Rómverskt grugg 51 gefur góðan ost (6)
  - 5 Grámórauð þorskfrænka litar allt mitt líf (8)
  - 6 Það sem er í iðrum dreka helst um borð (10)
  - 8 Læt humlur fá kost og klæði (8)
  - 13 Ruglað orð um skinn (3)
  - 15 Æðir gegnum súld og sudda (8)
  - 16 Þessi sjávarréttur er alveg flatur (8)
  - 17 Skilrúm mun færast milli dekkja (7)
  - 18 Eftirréttur þorsks og úsu í klakakari (7)
  - 20 Skógarmaður stefnir stungu til hafis (6)
  - 22 Vara unnin úr grjóti? (5)
  - 23 Sindrandi rykkorn, sindrandi sjór og fálmarar kolkrabbans (5)
- Vísbending fyrir 9 stafa lausnarorð: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist sjávarafurð – eða óttalegur bjáni

# Krossgáta Brimfaxa

Athugið að orðin í gátunni geta verið í öllum föllum og myndum, með eða án greinis, í eintölu eða fleirtölu o.s.frv. Vísbendingarnar eru í samræmi við það. Hér að neðan eru tvö sett af vísbendingum. Í erfiðu útgáfunni eru þær í snarflæktu gátuformi, í léttu útgáfunni, sem er að finna á bls. 93 eru þær í hefðbundum stíl.



## Bátamálningarlína Slippfélagsins

### Umboðsmenn um land allt

**Slippfélagið**  
Málningarverksmiðja

Dugguvogi 4 Rvk - Borgartúni 22 Rvk - Dalshrauni 11 Hfn - Gleráreyrum 2 Ak - slippfelagid.is

# Alltaf verið nálægt sjónum



**HÁLFDAN HENRYSSON** skipaskoðunarmaður

Hálfdan Henrysson er mörgum í sjávarútvegnum af góðu kunnur. Hann á að baki langan starfsferil sem samfelld hefur tengst skipum og sjósókn. Hin síðari ár hefur hann starfað sem skipaskoðunarmaður og sést því iðulega á bruggjunum. Hálfdan er 72 ára en þrátt fyrir að árunum hafi fjölgað, kemur hann viðmælanda sínum fyrir sjónir sem síungur athafnamaður. Um leið er óneitanlega fróðlegt að heyra í jafnreyndum manni um þær margvíslegu breytingar sem átt hafa sér stað í smábátaflotanum.

## Hálfdan, hvar og hvenær hófst þinn sjómannsferill?

Ég byrjaði sem messadrengur hjá Eimskipafélaginu á Tungufossi árið 1959, aðeins 15 ára gamall. Árið eftir fór ég á togarann Mars sem Tryggvi Ófeigsson átti. Ég var þar yfir sumar og fram á haust en tilkynnti þegar ég kom heim í september að á togara færi ég ekki fram. Um haustið talaði ég við Eirík Kristófersson á Óðni og fékk þar strax hásetapláss. Ég var í 25 ár hjá Gæslunni en fór jafnframt í Stúrimannaskólann og kláraði þar varðskipadeildina. Ég var síðan farinn að leysa af sem skipherra bæði á skipunum og flugvélunum.

Ég ákvað svo árið 1985 að nóg væri komið á þessum vettvangi og fékk starf hjá Siglingamálastofnun. Þar var ég í áhafnamálum en fór svo tveimur árum síðar til Slysavarnafélagsins þar sem ég var deildarstjóri björgunardeildar og hafði jafnframt yfir tilkynningaskyldu íslenskra skipa í 9 ár. Í framhaldinu fór ég aftur til Siglingamálastofnunar og í sömu stöðuna og fyrr. Skömmu síðar var yfirmaður skipaskoðunar að hætta. Ég fékk það starf sem ég gegndi í ein 8 ár.

Það var síðan árið 2004 sem skipaskoðunin var einkavædd. Mér fannst það heldur nóturlegt að upplifa það að ég, tæplega sextugur maðurinn, var talinn of gamall til að nýttast í einkageiranum. Ég var því skyndilega farinn að leita mér að vinnu. Margir gamlir vinir mínir höfðu samband við mig og úr varð að við stofnuðum Skipaskoðun Íslands í samvinnu við verkfræðistofuna Hönnun, síðar Mannvit, og í samvinnu við son minn Henry sem hafði verið mikið til sjós.

En samfara hrúinu reyndist reksturinn okkur um megn og úr varð að BSI á Íslandi tók hann yfir og árið 2009 var ég kominn þar til starfa ásamt öllum þeim sem höfðu verið með mér í skipaskoðuninni. Og þar störfum við enn. Fyrirtækinu stýra ungir og kraftmiklir strákar og þeir hafa stanslaust verið að færa út kvíarnar.

# NÝ OG ÖFLUG FJÁRFESTINGARLEIÐ FYRIR ÍSLENDINGA

Auvesta er eitt af sterkustu fyrirtækjum Þýskalands og er nú að bjóða Íslendingum að fjárfesta í gulli fyrir íslenskar krónur.

Gull hefur verið verðmætur gjaldmiðill í árpúsundir, sem er meira en hægt er að segja um aðrar fjárfestingarleiðir.

Og nú þegar gullforðabúr jarðarinnar er að þrotum komið er enn frekari verðhækkunum spáð á þessum fallega málm.

Svissneski gullkaupmaðurinn, Egon von Greyerz, spáir gjaldeyrisstríði og að fjármagnseigendur muni á næstu mánuðum í stórum stíl reyna að tryggja sín verðmæti með kaupum á gulli í stað óstöðugra gjaldmiðla.



Kynningar á skrifstofu félagsins eru samkvæmt samkomulagi. Auvesta á Íslandi svarar öllum spurningum og aðstoðar við uppsetningu á viðskiptareikningi fyrir áhugasama.

Hafið endilega samband til að kynna ykkur möguleikana.

## Halldór Pálsson

Umboðsmaður Auvesta fyrir Ísland, Færeyjar og Grænland. No. 67810.



Hótel Saga  
Hagatorgi 1  
107 Reykjavík

S. 893 0250

[auvesta@simnet.is](mailto:auvesta@simnet.is)  
[www.auvesta.com](http://www.auvesta.com)

## Gefur morgunstund GULL í mund?

auvesta

Ætli skipaskoðunin sé ekki orðin einna minnsti þátturinn í starfseminni.

Þú hefur mikla og langa reynslu af skipaskoðun og ef þú lítur til smábátanna, hverjar eru stærstu breytingarnar?

Ég get litið a.m.k. aftur til ársins 1994 í því sambandi og það er óhætt að segja að breytingarnar eru gríðarlegar, sérstaklega síðustu 10 árin. Það heyrir orðið til undantekninga að koma um borð í bát þar sem allt er í ólestri. Menn eru búnir að láta skoða öryggisbúnað og fleira og eiginlega er bylting rétta orðið sem við á um þessar breytingar. Staðreyndin er sú að menn halda bátunum miklu betur við en áður og einnig hefur almennur þrifnaður og öll umgengni um borð gjörbreytt til batnaðar. Ég segi nú kannski ekki að sumir mættu ekki taka aðeins betur til frammi að ósekju en það er annað mál.

## Hvernig taka menn á móti þér?

Það er undantekningalaust tekið vel á móti manni og ég hef aldrei orðið fyrir neinum skakkaföllum eins og sögur ganga um að skoðunarmönnum sé jafnvel meinað að koma um borð eða þeim hótað köldu baði. Svo gengu sögur um að menn hefðu verið að bera búnað á milli báta en ég held að slíkt háttarlag sé ekki viðhaft í dag. Það er nánast ógerningur að bera björgunarbáta á milli vegna þess hvernig fyrirkomulagið er á skoðun þeirra og ég held að engum detti það til hugar.

## Engin saga af harkalegum samskiptum vegna skipaskoðunar?

Reyndar bar það til einhverju sinni þegar skoðunarmaður fór um borð í Íslending að við lág að honum yrði fleygt í sjóinn. Skoðunarmaðurinn, Gústaf Siemsen, var samviskusemin uppmáluð og benti á að samkvæmt reglum yrði að vera klósett um borð í skipum sem flyttu farþega, en slíkur búnaður þótti ekki sérlega víkingalegur. Af einhverjum ástæðum sem ég skildi aldrei, hafði Siglingamálastofnun horn í síðu Íslendinga. Ég var viðstaddur þegar hann var sjósettur og fannst þetta óskaplega

skemmtilegt allt saman. Klósett málið leystist, en að sjálfsögðu var það kallað Gústafsberg.

## Tilkynningaskyldan?

Það var gríðarleg breyting þegar tilkynningaskyldan varð sjálfvirk og endurnýjun átti sér stað á fjarskiptabúnaði um borð. Breytingin frá gamla kerfinu yfir í AIS er risastórt skerf fram á við. Nú eru send merki með nokkurra mínútna millibili og vart þarf að taka fram hversu dýrmæt slík tilhögun getur reynst þegar eitt-hvað bjátar á. Til að byrja með heyrði maður óánægjuraddir vegna kostnaðar en þær raddir hafa alveg þagnað.

## Hvaða ráð viltu helst gefa mönnum?

Ég vil leggja mikla áherslu á að frágangur á björgunarbátum sé þannig að þeir fari hindranaust í sjóinn þegar á þarf að halda. Þá er lykiltríði að huga vel að björgunargalla og öðrum öryggistækjum eins og til dæmis neyðarstiganum sem hreinlega getur verið brúin milli lífs og dauða. Þá er mjög áriðandi að lensum sé vel við haldið.

## Hvað með framtíðina og öryggismálin?

Ætli það komi ekki að því að menn verði að vera með staðsetningartæki á sér öllum stundum. Þessi tæki eru sífelld að minnka og því er ekki ólíklegt að slíkur búnaður verði kominn í farsímann þegar fram líða stundir.

Það fer ekki á milli mála að það hefur átt sér stað algjör vitundarvakning á öllum flotanum. Það sést meðal annars á því að dauðaslys eru orðin fátíð og slysum til sjós hefur fækkað þótt þeim hafi fjölgað í landvinnslunni.

Við höfum náð miklum árangri í þessum efnum. Slysavarnaskóli sjómanna á stóran þátt ásamt ýmsum öðrum. En fyrst og fremst snýr þetta að mönnum sjálfum. Góð umhirða báts og búnaðar er alltaf frumskilyrði. Það kemur ekkert í staðinn fyrir það.



## Tímalaus máltíð

ORA Heilmismatur lætur tímann og hjartað ráða för því réttirnir eru tilbúnir á aðeins örfáum mínútum. Ljúffengir, hollir og fjölbreyttir réttir fyrir alla fjölskylduna.

Ding og maturinn er tilbúinn.

*Ferskir taktar  
í tilbúnum réttum*

# Vélfræði 101



**H**ér verður vikið að atriðum sem að einhverju leyti eru ekki á allra vitorði en gott fyrir smábátæigendur að hafa á bak við eyrað. Sum þessara ráða eru kunn en gott að rifja þau upp af og til.

## Öflugasta lensidælan

Það er haft í flimtingum meðal sjómanna að öflugasta lensidælan um borð sé hræddur maður með fötu. Hér skal bent á annað úrræði.

Ef mikill leki kemur skyndilega að bát, til dæmis þegar áspéttir við skrófuðxul gefur sig, er í slíkri neyð gott að vita af öflugustu dælunni í vélarrúminu og hvernig ber að virkja hana:

- loka botnlökanum
- skera á hosuna og lensa með kæli-dælunni. Afköstum má stjórna með snúningshraða á vél.



## Fylgist vel með zinkinu

Mjög mikilvægt er að fylgjast með endingu sinktappa og annarra fórnarskauta. Þau geta brunnið hratt upp ef útleiðsla er í bátinum. Ef þessi fórnarskaut klárast, láta undan síga þeir málmar sem eru næstir í spennuröðinni, þ.e. kopar, ál o.s.frv.

## Afgasið


Á undanförunum árum eru ótal dæmi um hefðbundinn frágang á afgaslögnum með vatnslás á lögn frá vél og sjókældu pústi út um gafl báts. Þegar bátar eru mikið hlaðnir, eru útblástursrör iðulega komin undir sjólínu. Við þetta skapast mikill mótþrústingur á afgasið ásamt þeirri hættu að sjór renni inn um pústið og inn á vél.

## Vélar þurfa að anda

Það er einföld eðlisfræði að díeselvélar þurfa olíu og loft í réttum hlutföllum til þess að ganga eðlilega. Hin síðari ár hafa hönnuðir hressst upp á aflið með því að kæla niður loftið með vatns- eða sjókældum kælum og þrýsta því svo af afli inn á vélina með afgasdrifinni túrbínu. Því miður eru mörg dæmi um að því sé ekki haldið til haga að koma lofti niður í vélarrúmið með blásara og gæta þess í leiðinni að eðlileg loftskipti eða skolun eigi sér stað frá vélarrúminu. Meðal annars af þessum sökum eru víða hitavandamál í vélarrúmunum.

## Óþverri í brennsluolíunni

Nokkuð hefur borið á óhöppum vegna vatns eða sjós í brennsluolíu. Oftast er um að kenna ófullnægjandi frágangi á áfyllingu og/eða öndun á olíutönkum. Til eru síur sem eru með innbyggðri vatnsskilju sem skilja út óæskilegan raka í eldsneyti. Ef skiljan hefur ekki undan, er fánlegur viðbótarbúnaður í síuhúsið sem gerir viðvart um vatn í olíu.



## Léttari útgáfa af vísbendingum v. krossgátu:


### Lárétt

- 3 Skakrúlla (8)
- 7 Vinstra borð (8)
- 9 Botnvörpungurinn (8)
- 10 Um mannskapinn (8)
- 11 Beita (3)
- 12 Hnakkakúlan (13)
- 14 Letingi og ræfill (8)
- 17 Þessi máltíð hefur forrétt, aðalrétt og eftirrétt (6)
- 19 Veitingahús eða kannski búr? (8)
- 21 Hrósa og prísá (7)
- 24 Ekki einræða heldur einn, ein eða eitt (7)
- 25 Fiskbanki fyrir austan (9)
- 26 Ránfuglsegg (7)
- 27 Alveg laus við snjó og ís (7)

### Lóðrétt

- 1 Ljótur fiskur (9)
- 2 Bleðill sem dreift er víða (11)
- 3 Á mörkum heits lofts og kalds (10)
- 4 Mjólkurhlaup (6)
- 5 Vil eina sem endist ævina (8)
- 6 Það sem er um borð (10)
- 8 Humlur (8)
- 13 Fiskhúð (3)
- 15 Súldviðri (8)
- 16 Marflaturlatur (8)
- 17 Á milli dekkja (7)
- 18 Finndu ísaða fiska (7)
- 20 Fjalla-Eyvindur var slíkur maður (6)
- 22 Framleiðsluvara (5)
- 23 Útlimir (5)

## Háskólaútgáfan hefur gefið út fjölda bóka um hafið, sjómennsku og útgerð



H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N

haskolautgafan.hi.is – hu@hi.is – s. 525 4003



SérEfni ehf:

## Minna viðnám og minni olíueyðsla

SérEfni ehf var stofnað í apríl 2006 og tók þá yfir sölu og ráðgjöf á International skipa-, iðnaðar- og smábátamálningu frá Hörpu Sjöfn. Fljótlega bættist Nordsjö húsamálningin við og verslun fyrir fagmenn og almenning var opnuð í kjölfarið. Í dag býður SérEfni upp á einstaka fagþjónustu og afar breitt úrval af málningarefnum og verkfærum. SérEfni sérhæfir sig í flestum tegundum málningar og ráðleggur viðskiptavinum sínum um réttu lausnina við undirvinnu og efnisval. Hjá fyrirtækinu er vel menntað starfsfólk með áratuga reynslu í málningargeiranum.

### Smábátamálning

Að sögn Ómars Gunnarssonar, efnaverkfræðings og stofnanda Sérefnis, býður fyrirtækið upp á fjölbreytt vöruúrval af smábátamálningu fyrir plast- og trébáta. Sem dæmi má nefna tekkolíur, litaðar olíur, glær og lituð hágæða polyúretanlökk, viðloðunar- og þéttigrunna og spartl fyrir trefjaplast, sjálfslípandi botnmálningu í sex mismunandi litum, teflon efni á úðabrúsa fyrir drifsköft og síðast en ekki síst teflon botnmálningu sem dregur stórlega úr núningi við sjóinn sem um leið dregur úr olíunotkun. Sérefni býður upp á tvær línur í smábátamálningu: International og Nautical. „International er leiðandi í þróun og framleiðslu smábátamálningar í heiminum í dag og býður upp á hágæðalína,“ segir Ómar. „Með Nautical línunni viljum við bjóða einfaldari heildarlausnir á hagstæðu verði án þess að slegið sé af gæðum.“

### Teflon botnmálning – undraefni

Ómar segir teflon botnmálninguna minnka olíueyðslu um allt að 15 prósent og auka siglingahraða stórlega. Þetta hafi viðskiptavinir staðfest í óspurðum fréttum eftir að hafa mælt siglingahraða og olíueyðslu fyrir og eftir notkun: „Það er nefnilega alþekkt í þessum geira að því sléttari og hálli sem botninn er, þeim mun minna verður viðnámið og skipið siglir hraðar með lægri olíueyðslu. International hefur lagt mikið undir við þróun og rannsóknir hvort sem um er að

ræða smábáta, togara eða fraktara. Lögmálin um minna viðnám og lægri olíueyðslu eru oftast þau sömu í þessum efnum hvort sem um stór eða lítil skip er að ræða,“ segir Ómar.

Teflon botnmálningin smitar ekki frá sér lit eins og hefðbundin botnmálning gerir og slípast því á allt annan máta en sú hefðbundna enda flokkast hún sem hörð botnmálning. Efnið er borið þunnt á, líkt og bónhúð. Grunna þarf plastið með sérstökum grunni til þess að loka yfirborðinu og tryggja festu við það. Teflon botnmálningin er notuð á keppnisráttur jafnt sem fiskibáta. Hún hentar því ekki bara þeim sem keppa heldur líka þeim sem vilja spara og ná meiri siglingahraða.

### Hreinsiefni og bón fyrir flotta báta

Það gerist æ algengara að þeir sem vilja hafa bátinn sinn í flottu ástandi, kaupi sérhönnuð hreinsiefni og bón til þess að fegra bátinn ofan sjólínu. International hefur þróað fjöldann allan af hreinsiefnum og bönunum fyrir plastbáta. Almennu eru þessi efni mjög auðveld í notkun og skila góðum árangri.

### Teflon efni á skrúfublöð og hældrif

Stranglega er bannað að nota flestar tegundir af botnmálningu á léttmálma sem á til dæmis við um skrúfublöð og hældrif en þeir bátshlutar innihalda kopar sem veldur kröftugri spennutæringu. SérEfni býður upp á grunnefni og teflon efni á úðabrúsum til varnar gróðri slíka bátshluta. Það er hentugt og mjög fljótlegt að nota þessi efni en jafnframt er mikilvægt að hreinsa undirlagjið ávallt vel áður en borið er á það.

„Ánægðir viðskiptavinir staðfesta gæði og öfluga endingu International málningarinnar á bátum sínum,“ segir Ómar að lokum og bendir á að hægt sé að afla nánari fróðleiks á [www.yachtpaint.com](http://www.yachtpaint.com).

 International  
yachtpaint.com



## Þykir þér vænt um bátinn þinn?

**Bjóðum upp á hágæða efni frá International**

- Perfection háglansandi polyúrepanlakk
- VC 17 Extra Teflon botnmálning sem tryggir minni olíueyðslu og meiri hraða
- Sjálfslípandi botnmálning í mörgum litum
- Teflon efni í úðabrúsum á drifsköft og skrúfublöð
- Epiglass viðgerðarefni fyrir trefjaplast- og trébáta
- Hreinsiefni og bón fyrir plast og lakk
- Glær lökk og viðarolíur fyrir trébáta



**SérEfni**  
– tæringarvörn til sjós og lands

## FURUNO VHF TALSTÖÐVAR



### FM-4721

VHF talstöð með innbyggðu DSC (stafrænt valkall). Reiknar út stefnu og fjarlægð í þann stað sem neyðarkall berst frá. Skýr og góður skjár sem birtir siglingaupplýsingar s.s. staðsetningu, stefnu og hraða.



### FM-8900S og FM-8900D

GMDSS VHF talstöð með innbyggðu DSC (stafrænt valkall) og vaktmóttakara fyrir rás 70. Stöðina er einnig hægt að fá duplex.

### GP-33

Fullkominn GPS með stórum og skýrum tölum á 4,5" lita skjá. Sýnir myndrænt ýmsar upplýsingar t.d. drift og stefnu í leiðarpunkt. Minni fyrir 10.000 leiðarpunkta, 100 ferðaáætlanir og 3.000 ferilpunkta. Styður bæði Can-Bus og NMEA 0183. Tólf tungla móttakari.



### GP-1670/1870

5,1" eða 7" vatnspéttur LCD litaskjár. 30.000 leiðarpunkta minni, 1000 ferðaáætlanir geta verið í minni með 50 punkta hver. Innbyggt loftnet. Tólf tungla móttakari. Notar C-Map 4D sjókort. Raufar fyrir SD minnis- og kortaspjald allt að 32 GB. Birtir AIS upplýsingar. Einnig fánlegur með innbyggðum 2ja tíðna dýptarmæli 50/200 kHz

